FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

258. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 2. NÓVEMBER 2017



Margir bíða eftir tíðindum af því hvaða stjórnmálaforingi fær umboð til stjórnarmyndunar frá Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands. Á meðan stjórnmálamennirnir gerðu hosur sínar grænar hver fyrir öðrum í gær afhjúpaði Guðni minnisvarða eftir Rússann Vladimir Alexandrovich Surovtsev við Hernámssetrið að Hlöðum í Hvalfjarðarsveit í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hafa karlmenn að féþúfu á öldurhúsum

**Þrír einstaklingar eru til rannsóknar hjá lögreglunni grunaðir um að hafa með skipulögðum hætti farið á fjörur við karlmenn á öldurhúsum til þess að hafa af þeim fé. Þrettán tilfelli verið kærð til lögreglu. Samanlögð fjárhæð sem kært er fyrir tæplega 1,4 milljónir króna.**

**LÖGREGLUMÁL** Mál þriggja Rúmena er til rannsóknar hjá lögreglu, en öll eru grunuð um að hafa með skipulögðum hætti haft fé af karlmönnum sem þau hittu á öldurhúsum í miðborginni og á Akureyri um nokkurra mánaða skeið.

Þrjú hafa verið yfirheyrð og eru grunuð um að hafa unnið saman að því að komast yfir fjármuni meintra brotaþola. Þáttur hvers og eins hafi þó verið misalvarlegur. Þrettán tilfelli hafa verið kærð til lögreglu, þar af fjögur á Akureyri. Samanlögð fjárhæð sem kært er fyrir er tæplega 1,4 milljónir króna.

Þann fjórtánda ágúst varaði lögreglan við fingralöngum þjófum sem stela greiðslukortum af grandalausu fólki á veitingahúsum eftir að hafa fylgst með því slá inn PIN-númer, en með það og greiðslukort undir höndum væri eftirleikurinn auðveldur.

Samkvæmt heimildum fór kona fyrir hópnum, dró karlmenn á tálar á öldurhúsum og freistaði þess að láta þá bjóða sér upp á glas. Meint fórnarlömb hafi dregið upp kortið, greitt fyrir drykkinn og slegið inn PIN-númer sitt. Þá lagði sú sem fór á fjörur við meint fórnarlömb pinnið á minnið, stal kortinu af viðkomandi og lét vitorðsmann sinn hafa svo lítið bar á. Vitorðsmaðurinn fann hraðbanka og tók út fé, sneri aftur og skilaði kortinu, án þess að mennirnir yrðu varir við nokkuð. Rannsókn málsins er á lokastigi. **– ósk**

> Samkvæmt heimildum blaðsins fór kona fyrir hópnum, dró karlmenn á tálar á öldurhúsum og freistaði þess að láta bjóða sér upp á glas.

## Sigurður talaði við Sigmund

**STJÓRNMÁL** Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins, og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, ræddust við í síma í gær. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var símtalið að frumkvæði Sigurðar Inga.

Þrátt fyrir óformlegar viðræður flokkanna sem voru í stjórnarandstöðu fyrir kosningar, þar á meðal Framsóknarflokksins, eru forystumenn allra flokkanna að tala saman.

Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, sagði í gær að hún byggist við því að það myndi ráðast í dag hvort þeim viðræðum yrði haldið áfram.

Sigurður Ingi hefur sagt að hann teldi að sá meirihluti sem stjórnarandstaðan gæti myndað, það er 32 manna meirihluti, yrði fullknappur.
**– jhh, aá / sjá síðu 4**

## Fréttablaðið í dag

**FRÉTTIR** Rannsóknir benda til þess að flokkshollusta kjósenda sé mjög á undanhaldi **2**

**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason skrifar um jafnræði gagnvart lögum. **23**

**SPORT** Matthías Orri og félagar ÍR hafa byrjað tímabilið vel. **30**

**MENNING** La Mer eftir Ange Leccia er síbreytileg sýning sem verður opnuð á Listasafni Íslands í dag. **38**

**LÍFIÐ** Magnús Sveinbjörnsson bjó til smáforrit sem auðveldar Íslendingum að skrá sig úr þjóðkirkjunni. **54**

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Dale Carnegie



Skapaðu nýtt sjónarhorn

Ókeypis kynningartími 5. nóv. kl. 16:00

Ármúli 11, 3. hæð
Skráning á www.dale.is

HNÍFAPARATÖSKUR

12 MANNA ÁSAMT FYLGIHLUTUM
MIKIÐ ÚRVAL
VERÐ FRÁ KR. 24.990



Tékk KRISTALL
LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955

SMÁRALIND

GJAFAKORT SMÁRALINDAR

GJÖF SEM GEFUR ÓTAL MÖGULEIKA



OPIÐ TIL 21 Í DAG

## Veður




Suðvestanátt í dag, víða 8-15 m/s, en hvassari á stöku stað. Skúrir síðdegis. Skýjað en að mestu þurrt um landið norðaustanvert og þar birtir til síðdegis. SJÁ SÍÐU 36

# Ásgeir lék fyrir troðfullu húsi á Grund



Fullt var út úr dyrum þegar tónlistarmaðurinn Ásgeir mætti á dvalarheimilið Grund í gær til að spila fyrir heimamenn. Leikskólabörn úr nágrenninu fengu líka að vera með. Einar Georg Einarsson, faðir Ásgeirs, tók þátt í skemmtuninni. Tónleikarnir voru í tilefni af Airwaves. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Kynntu sér verklag Norðmanna

**DÓMSMÁL** Árið 2016 bárust Hæstarétti Noregs 829 beiðnir um áfrýjunarleyfi og voru 102 áfrýjunarleyfi veitt, eða sem nemur tæpum 12 prósentum. Hefur þetta hlutfall verið svipað frá árinu 2013. Á árinu 2016 var 869 málum skotið til Hæstaréttar Íslands með áfrýjun eða kæru og var fjöldi afgreiddra mála á því ári 762 talsins, sem er svipaður fjöldi og árin 2013-2015.

Sendinefnd frá Hæstarétti Íslands heimsótti Hæstarétt Noregs í síðustu viku til að kynna sér verklag norska réttarins við veitingu áfrýjunarleyfa. Ferðin var liður í undirbúningi Hæstaréttar Íslands við að móta nýtt verklag við veitingu áfrýjunarleyfa þegar Landsréttur tekur til starfa. Þá mun málum sem fara fyrir Hæstarétt Íslands fækka. **– jhh**

## Ráðherra hættir vegna áreitni

**BRETLAND** Sir Michael Fallon, varnarmálaráðherra Breta og æðsti yfirmaður hersins, hefur beðist lausnar.

Talsmaður hans staðfesti í gær að blaðakona hefði kvartað undan honum fyrir að hafa lagt hönd á hnéð á henni í kvöldverði árið 2002.

Í bréfi sem sir Michael sendi vegna afsagnar sinnar segir hann að þingmenn hafa sætt margvíslegum ásökunum. Þar á meðal hann. „Margar af þessum ásökunum hafa verið rangar. En ég viðurkenni að ég hef gerst sekur um athæfi sem mætir ekki þeim kröfum sem við gerum til hersins.“ **– jhh**



**Sir Michael Fallon, varnarmálaráðherra Breta**

## Telja börn hafa kveikt eldinn

**LÖGREGLUMÁL** Talið er líklegt að börn hafi kveikt í niðurgröfnum strætisvagni í Grafarholti í gær. Ásgeir Pétur Guðnason, lögreglufulltrúi hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segir allt benda til íkveikju og að lögreglan telji sig komna á spor þeirra sem kveikt hafi eldinn.

Tilkynnendur hafi séð börn á svæðinu og þau hafi einnig sést á öryggismyndavélum Krónunnar sem er þarna rétt hjá. Talið er að þeir sem kveiktu eldinn séu á aldrinum tíu til tólf ára.

Tilkynning um eldinn barst um klukkan fimm í gær og hafði slökkviliðið ráðið niðurlögum eldsins rétt eftir klukkan átta um kvöldið. Samkvæmt upplýsingum frá slökkviliðinu hafði vagninn verið niðurgrafinn og notaður sem geymsla um áraraðir. Þess vegna var mikill eldsmatur í honum og slökkvistarfið snúið. **– skó**

HELGAR-SPRENGJA

PFAFF

Vönduð loftljós á sérstöku helgartilboði



Verð: 8.500 kr.
▶ Tilboð: 5.950 kr.

Verð: 14.900 kr.
▶ Tilboð: 9.990 kr.

PFAFF - GRENSÁSVEGI 13 - SÍMI 414 0400 - PFAFF.IS - Fylgstu með okkur á Facebook

# Leitin enn að angra rjúpnaskyttu ári síðar

**Hinn 5. nóvember lögðu tveir menn upp til rjúpnaveiða frá Slitvindastöðum á Snæfellsnesi. Þeir urðu rammvilltir í svartaþoku. Lífsreynslan og sjálfsásökunin hefur ekki horfið. Nú er Valdimar með GPS-staðsetningartæki og aukarafhlöðu.**

**ÚTIVIST** „Þetta sækir enn nokkuð á mig, þessi ferð, og ég hef fengið símtöl frá mönnum sem týndust í þoku á fjöllum fyrir um þremur áratugum síðan og þetta er enn þá að plaga þá,“ segir Valdimar Gunnar Jónsson, sem lagði upp frá Slitvindastöðum á Snæfellsnesi þann 5. nóvember í fyrra og tapaði áttum í þoku.

„Leit að tveimur rjúpnaskyttum á Snæfellsnesi sem staðið hefur yfir í hálfan sólarhring hefur enn engan árangur borið.“ Þannig hófst frétt á Vísi að morgni 6. nóvember 2016. Höfðu þá Valdimar og systursonur hans, Daði Rúnar Jónsson, verið týndir í svartaþoku. Fjölskylda og vinir biðu heima eftir frekari fregnum í óvissu og ótta.

Víðtæk leit var gerð að þeim félögum og komu á annað hundrað manns að henni. Þoka skall á og hírðust þeir í litlu klettabyrgi um nóttina. Snemma morguns brast svo á með hvassviðri svo leitarskilyrði voru erfið. „Við þekkjum þetta svæði vel og höfum margoft gengið þetta svæði. En svæðið gerbreytist í fimm metra skyggni og við vorum rammvilltir,“ segir Valdimar.

Þegar Valdimar hugsar til baka hefði verið hægt að koma í veg fyrir það að týnast á fjalli þessa helgi. Nú sé hann búinn GPS-staðsetningartæki, aukarafhlöðu fyrir tækið auk þess að vera með hleðslugeymi fyrir símann þannig að hann verði aldrei straumlaus.

„Við viljum öll læra af mistökunum og við urðum fyrir því að týnast á landi sem við töldum okkur þekkja nokkuð vel. Við förum því aftur á fjallið í ágúst og þá náðum við að setja saman púslin. Þetta er eitthvað sem mun aldrei gerast aftur og ég er mun betur búinn en áður. Einnig hafa vinir mínir sett sig í samband við mig því þeir vilja koma með mér á rjúpu. Þeir telja sig örugga um að sömu mistök verði ekki gerð aftur.“ **sveinn@frettabladid.is**



Skyggni til leitar var lítið sem ekkert en á annað hundrað manns kom beint eða óbeint að leitinni að Valdimar og Daða í fyrravetur. MYNDIR/LANDSBJÖRG



**Valdimar Gunnar Jónsson.**


Nýr Tiguan
á ómótstæðilegu
haustverði.
Vetrarpakki með 50% afslætti
býðst með öllum Tiguan til áramóta:
• Vetrardekk 110.000 kr.
• Dráttarkrókur 165.000 kr.
• Gúmmímotta í farangursrými 25.000 kr.
Samtals 300.000 kr. með 50% afslætti
150.000 kr.
FN Z92
Betur búinn Tiguan með kaupauka fyrir veturinn.
Við bjóðum sérlega vel útbúna Volkswagen Tiguan á ótrúlega góðu verði. Skarpar línur, rúmgott innanrými og sniðugar tækninýjungar gera hann að spennandi kosti ef þú ert í bílahugleiðingum. Hann skartar ríkulegum staðalbúnaði og nú býðst einnig freistandi vetrarpakki með öllum nýjum Tiguan. Komdu og prófaðu, við tökum vel á móti þér.
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
BANDALAG ÍSLENSKRA
BÍLL
ÁRSINS
2017
BÍLABLAÐAMANNA
Tiguan Offroad
• „Offroad“ útlit, 20 cm veghæð
• Margmiðlunartæki með 8" glerskjá
• Mirror Link og Apple CarPlay
• Upplýsingaskjár í lit í mælaborði
• Loftkæling
• Akreinavari
• Nálgunarvarar að framan og aftan
• Hraðastillir
• Leðurklætt aðgerðastýri
• Þakbogar
• Bakkmyndavél
• Montana 17" álfelgur
Tilboðsverð
4.990.000 kr.
Listaverð 5.490.000 kr.
Fjórhjóladrifinn TSI
Bensínmótor
Sjálfskiptur DSG6
150 hestöfl | 250 Nm tog
Meðaleyðsla 6.9 l/100 km
2.200 kg dráttargeta
Tilboðsverð
5.490.000 kr.
Listaverð 5.890.000 kr.
Fjórhjóladrifinn TDI
Dísilmótor
Sjálfskiptur DSG6
150 hestöfl | 340 Nm Tog
Meðaleyðsla 5.7 l/100km
2.500 kg dráttargeta
Tiguan Comfortline +
• Margmiðlunartæki með 8" glerskjá
• Mirror Link og Apple CarPlay
• LED aðalljós
• Upplýsingaskjár í lit í mælaborði
• Þrískipt tölvustýrð loftkæling
• Akreinavari
• Nálgunarvarar að framan og aftan
• Hraðastillir
• Hiti í stýri
• Dökkar rúður að aftan og í afturhlera
• Þriggja svæða loftkæling
• Þakbogar
• Bakkmyndavél og bílastæðaaðstoð
• Montana 17" álfelgur
• Rafmagnshleri
• Lyklalaust aðgengi
• Aðfellanlegir speglar
5.990.000 kr.
Fjórhjóladrifinn TSI
Bensínmótor
Sjálfskiptur DSG6
150 hestöfl | 250 Nm tog
Meðaleyðsla 6.9 l/100 km
2.200 kg dráttargeta
6.390.000 kr.
Fjórhjóladrifinn TDI
Dísilmótor
Sjálfskiptur DSG6
150 hestöfl | 340 Nm Tog
Meðaleyðsla 5.7 l/100km
2.500 kg dráttargeta
Við látum framtíðina rætast.
Volkswagen
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

# Pólitísk óvissa hefur áhrif á kjaraviðræður

**KJARAMÁL** Bandalag háskólamanna (BHM) lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu kjaraviðræðna sautján aðildarfélaga bandalagsins við ríkið. Í ályktun sem samþykkt var á aukaaðalfundi BHM í gær er þess krafist að tafarlaust verði gengið til samninga.

BHM segir skýrt að nýir samningar, sem skrifað verður undir, séu afturvirkir frá 1. september 2017, það er þegar fyrri samningar runnu út. „Fyrir afturvirkni eru fjölmörg fordæmi, t.d. kjarasamningur samninganefndar ríkisins við Læknafélag Íslands. Þá má nefna afturvirkni úrskurða Kjararáðs,“ segir í ályktuninni.

„Það voru hafnar viðræður við samninganefnd ríkisins í september sem stóðu fram eftir september en eftir að ríkisstjórnin féll þá lagði samninganefnd ríkisins það til að fresta viðræðum. Vel flest félögin féllust á það af því að það blasti við að samninganefndin hefði ekkert að segja. Það er sú staða sem við erum að vekja athygli á. Núna er kominn 1. nóvember og tíminn líður og það þarf að semja við þessi félög,“ segir Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM. Hún segir pólitísku óvissuna vera bagalega fyrir þau félög sem eru með lausa samninga.

> Eftir að ríkisstjórnin féll þá lagði samninganefnd ríkisins það til að fresta viðræðum.
>
> Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM



Þórunn hefur sagt að við kröfugerðir horfi BHM á launaþróun allra ríkisstarfsmanna, þar með talið þeirra sem heyra undir kjararáð og hafa fengið launahækkanir undanfarið. Ýmis verkalýðsfélög, þar á meðal BHM, hafa gagnrýnt þær hækkanir harðlega enda teljast þær úr takti við almenna launaþróun í landinu. **– jhh**

## Vill ekki hnýta í Rauða krossinn

**SAMFÉLAG** „Ég ætlaði alls ekki að nefna Rauða krossinn heldur eru það lögfræðingar á frjálsum markaði sem voru með þetta áður og eru að sækjast eftir að fá þetta aftur,“ segir Ásmundur Friðriksson alþingismaður, um ummæli sem hann lét falla í Fréttablaðinu í gær um að kanna þyrfti greiðslur til lögfræðinga Rauða krossins fyrir að senda bréf til innanríkisráðuneytisins vegna hælisleitenda. „Rauði krossinn er góð stofnun, sem ég hef enga ástæðu til að hnýta í og þeir eru að vinna þetta ódýrast af öllum,“ segir Ásmundur.

Tilefni fréttarinnar var svar forseta Alþingis um ferðakostnað alþingismanna á árunum 2013 til 2016. Ásmundur vildi ekki svara því hve háar greiðslur hann hafi þegið frá þinginu vegna aksturs en lét ummælin um lögfræðingana falla í kjölfar fyrirspurnar blaðamanns. **– aá**



Ásmundur Friðriksson alþingismaður.

## Fagna 90 ára afmæli spítala

**HEILBRIGÐISMÁL** Kristnesspítali fagnaði 90 ára afmæli sínu í gær, því að frá 1. nóvember 1927 hefur verið rekin heilsutengd starfsemi í Kristnesi. Af þessu tilefni voru spítalanum færðar margar góðar gjafir við hátíðlega dagskrá sem fór fram. Spítalinn hefur frá árinu 1993 verið hluti af Sjúkrahúsinu á Akureyri. **– jhh**

**»** Kristnessspítala voru færðar margar gjafir í tilefni afmælisins.

# Talsamband er komið á milli Sigurðar Inga og Sigmundar

**Sigurður Ingi Jóhannsson átti frumkvæði að samtali þeirra Sigmundar Davíðs í gær. Ekki er ljóst hvort samtal þeirra hefur áhrif á yfirstandandi viðræður á vinstri vængnum. Úrslitastund vinstri flokkanna rennur upp í dag. Stjórnarskráin er á dagskrá í þeim viðræðum en atkvæðagreiðsla um Evrópusambandið ekki.**

**STJÓRNMÁL** Talsamband er komið á milli Sigurðar Inga Jóhannssonar, formanns Framsóknarflokksins, og Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Miðflokksins. Þetta herma öruggar heimildir Fréttablaðsins. Sigurður Ingi átti frumkvæði að samskiptunum og ræddust þeir við í síma í gær.

Eins og kunnugt er höfðu deilur kraumað innan Framsóknarflokks allt frá vormánuðum 2016 sem enduðu með klofningi í aðdraganda nýafstaðinna kosninga þegar Miðflokkur Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar varð til og vann góðan sigur í kosningunum.

Framsóknarmenn eiga nú aðild að óformlegum viðræðum um stjórnarmyndun við Vinstri græn, Pírata og Samfylkingu. Þrátt fyrir þær er ljóst að allir eru að tala saman, bæði innan og utan þeirra viðræðna, enda flókin staða í kortunum. Sjálfstæðismenn og Miðflokksmenn ræðast mjög við og náið er með Framsóknarmönnum og Sjálfstæðismönnum venju samkvæmt. Þá gæti spennan verið að slakna milli þeirra Sigmundar Davíðs og Sigurðar Inga sem galopnar á möguleika á stjórnarmyndunarviðræðum milli Framsóknarflokks, Miðflokks, Sjálfstæðisflokks og Flokks fólksins.

Katrín Jakobsdóttir fundaði stíft í gær með fulltrúum Samfylkingar, Pírata og Framsóknarflokks. Málefni voru í fyrsta skipti rædd milli flokkanna fjögurra og auk þeirra mála sem allir flokkarnir settu á oddinn í nýafstöðnum kosningum; frekari uppbyggingar í velferðarmálum og menntamálum, hefur stjórnarskrána borið á góma í viðræðunum og bjart er yfir umræðum flokkanna um breytingar á stjórnarskrá samkvæmt heimildum blaðsins.



Sigmundur og Sigurður gegndu báðir embætti forsætisráðherra á kjörtímabilinu 2013-2016. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þá munu Evrópumálin ekki þvælast fyrir í mögulegu stjórnarsamstarfi þessara flokka samkvæmt heimildum blaðsins og ekki eru hafðar uppi kröfur um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður af hálfu neins flokks sem aðild á að þessum viðræðum.

Til að styrkja þann meirihluta sem þessir fjórir flokkar gætu myndað hafa ýmsar leiðir verið ræddar. Auk þess möguleika að fá Viðreisn eða Flokk fólksins að borðinu, hefur Katrín ítrekað nefnt kosti þess að vinnubrögðin á Alþingi taki breytingum í þágu þverpólitísks samráðs þannig að mál séu unnin meira þvert á flokka.

Í vinstri stjórninni 2009 til 2013 hafði stjórnin misst meirihluta í mjög mörgum málum og til að koma málum í gegn reiddi hún sig á óformlegt bandalag við þrjá þingmenn Hreyfingarinnar og einnig um tíma við Guðmund Steingrímsson. Á þetta bendir Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði, spurður um þessar hugmyndir Katrínar. Hann bendir þó á að margar aðrar útfærslur minnihlutastjórna eða stjórna með nauman meirihluta séu færar. **adalheidur@frettabladid.is**




## Flokkshollusta er mjög á undanhaldi

**KOSNINGAR:** Kosningahegðun hefur breyst töluvert á undanförnum árum samkvæmt mælingum Gallup. Þær sýna að æ stærra hlutfall kjósenda ákveður ekki fyrr en á kjördag hvaða flokkur fær atkvæði þeirra.

Að sama skapi dregst mjög saman hlutfall þeirra kjósenda sem hafa gert upp hug sinn meira en mánuði fyrir kosningar. Árið 2007 voru 57 prósent kjósenda búin að gera upp hug sinn meira en mánuði fyrir þingkosningar. Tveimur árum síðar hafði þessum löngu ákveðnu kjósendum fækkað um rúmlega 20 prósent. Fyrir þingkosningarnar 2016 var þessi hópur kominn niður í 31 prósent.

„Þessar tölur sýna okkur að flokkshollusta hefur verið mjög á undanhaldi, sérstaklega eftir hrunið. Þetta hefur íslenska kosningarannsóknin líka sýnt,“ segir Grétar Þór Eyþórsson, prófessor í stjórnmálafræði, og bætir við: „Svo má heldur ekki gleyma því að við




**»** Valkostum kjósenda hefur fjölgað mjög mikið undanfarin ár.

erum náttúrulega búin að vera með aukinn fjölda flokka líka. Þannig að við þurfum að taka með í reikninginn að valkostunum hefur fjölgað mjög á undanförnum árum, sem getur skýrt af hverju fólk er lengur að gera upp hug sinn og er reiðubúnara en áður til að hafna sínum flokki.“

Grétar bendir á að þessi þróun gefi einnig vísbendingu um að allra síðustu metrar kosningabaráttunnar geti haft mikil áhrif á niðurstöður kosninga. „Frammistaða flokkana í leiðtogaumræðum kvöldið fyrir kjördag getur því haft mjög mikil áhrif,“ segir Grétar. **– aá**

Síminn

# VERTU Í FYRSTA SÆTI

Við sameiningu 365 og Vodafone verða viðskiptavinir 365 færðir af farsímaneti Símans. Við bjóðum þér að halda hraðanum og koma í viðskipti til okkar.




Hafðu samband í síma **800 7000** eða á **siminn.is** og fáðu tilboð í fjarskiptaþjónustu. **Þú getur meira með Símanum.**

*Meðaltal niðurhalshraða er byggt á niðurstöðum úr Speedtest® hraðamælingum Ookla® fyrri hluta ársins 2017. Sjá nánar á: *speedtest.net/awards/is/carrier/2017*

SPEEDTEST AWARDS
• • •
HRAÐASTA FARSÍMANETIÐ Á ÍSLANDI
• • •
2017

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Framlagning kjörskráa

Kjörskrár vegna kosningar um sameiningu sveitarfélaganna Garðs og Sandgerðis sem haldnar verða laugardaginn **11. nóvember 2017** skulu lagðar fram eigi síðar en **1. nóvember 2017**. Kjörskrár skal leggja fram á skrifstofu sveitarstjórna eða á öðrum hentugum stað sem sveitarstjórn ákveður. Þeim sem vilja koma að athugasemdum er bent á að senda þær hlutaðeigandi sveitarstjórn.

*Dómsmálaráðuneytinu 1. nóvember 2017*

Jóhann Ólafsson & Co

Rafvirkjar
LED tunnuljós



Jóhann Ólafsson & Co.
Krókháls 3, 110 Reykjavík
533 1900
olafsson.is

OSRAM

#farasparabara

Djús eða hús?

Það er mikilvægt að eiga fyrir góðum hlutum í lífinu og þeim óvæntu. Skráðu þig í reglubundinn sparnað strax í dag.
**íslandsbanki.is/farasparabara**




**Það hefur mikil spenna verið á Norðurbrú og svæðinu þar í kring undanfarna mánuði.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Íbúar óttast ástandið á Norðurbrú

**DANMÖRK** Skotárás var gerð á Norðurbrú í Kaupmannahöfn um klukkan sjö að staðartíma í fyrrakvöld. Þrír menn voru skotnir, einn lét lífið en tveir særðust. Hinn látni var 30 ára gamall og var meðvitundarlaus þegar lögreglan og sjúkralið kom á vettvang. Hann var úrskurðaður látinn þegar sjúkrabíllinn kom á spítalann.

Fjölmargar skotárásir hafa verið gerðar undanfarið á Norðurbrú og þar í kring. Jyllands Posten segir þessar árásir tengjast átökum milli gengja sem hafa staðið yfir í rúmt hálft ár. Torben Svarrer, hjá dönsku lögreglunni, segir að hinn látni hafi verið úr glæpagengi.

Íbúar á Norðurbrú óttast að skotárásirnar fari versnandi. „Nú skjóta þeir til að drepa. Fyrr á árinu virtist þetta vera meira til að hræða eða að þeir skutu eitthvað handahófskennt og fóru svo í burtu,“ segir Terje Bech.

Svarrer telur hins vegar ekki að átökin séu að aukast. „Það hafa verið rólegir tímar og svo síðar tímar þar sem skotárásirnar hefjast aftur. Það er því vafasamt að vera að segja að spennan sé að aukast,“ segir hann. **- jhh**

# Förukona fær legstein sextíu árum eftir lát sitt

**Vigdís Ingvadóttir sem mætti harðræði föður síns og var höfð útundan í stórum systkinahópi í Mýrdal áður en hún lagðist í flakk aðeins tíu ára gömul fær loks legstein á leiði sitt sextíu árum eftir að hún dó í hárri elli að loknu flakki í 80 ár.**

**FÓLK** „Það er ekkert á leiðinu hennar og hefur aldrei verið, ekki trékross einu sinni,“ segir Jóna Sigríður Jónsdóttir, sem er í forsvari fyrir hópi sex kvenna úr Mýrdal sem eru að safna fyrir legsteini á leiði förukonunnar Vigdísar Ingvadóttur.

Vigga gamla eins og Vigdís var kölluð fæddist 1864 í Norður-Hvammi í Mýrdal. Hún var lögð í einelti á sínu eigin heimili og lagðist í flakk aðeins tíu ára gömul og var förukona þar til hún lést 92 ára gömul árið 1957.

„Vigga ólst upp í systkinahópi í Norður-Hvammi í Mýrdal og þar var hún höfð útundan og án þess að ég hafi ábyrgar heimildir fyrir því hef ég heyrt að pabbi hennar hafi ekki verið henni góður,“ segir Jóna um ástæður þess að Vigdís lagðist kornung í flakk. „Hún virtist hafa mikla ánægju af því og fékk að halda því áfram alla ævina.“

Vigdís flakkaði mest milli bæja í Mýrdal en lagði leið sína líka í austurhluta Rangárvallarsýslu. Þótt hún hafi verið nokkuð föst við bæinn Hvol síðustu áratugi ævi sinnar hélt hún áfram flakki fram á níræðisaldur.

„Vigga heimsótti nánast hvern einasta bæ og var alltaf velkomin alls staðar,“ segir Jóna sem kveður Viggu gömlu alls ekki hafa lagt fyrir sig að bera sögur milli bæja.

„Það eina sem hún bað um og gladdi hana mjög var ef það var rétt að henni einhver tuska eða tölur, ullarlagður eða bandhnykill sem hún notaði til að skreyta fötin sín. Hún var nefnilega mjög sérstæð í útliti vegna þess að hún klæddi sig í svo litsterk föt og hún sást langar leiðir af því að hún glitraði hreinlega,“ lýsir Jóna sem í æsku náði að kynnast Viggu eins og hinar konurnar í hópnum sem ættaðar eru úr Dyrhólahverfi og vilja nú að gömlu förukonunnar sé minnst á sómasamlegan hátt.

„Þá var skólinn í Litla-Hvammi og hún kom oft í skólann og fékk að líta yfir hópinn. Sjálf var hún aldrei í skóla,“ segir Jóna sem kveður vísbendingar um að Vigga hafi verið ólæs. „En hún var vel gefin, kunni mikið af ljóðum utan að og var mjög hnyttin í tilsvörum.“

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps hefur samþykkt að styrkja legsteininn fyrir Vigdísi með 50 þúsund krónum. Aðspurð segir Jóna enn vanta nokkuð upp á fyrir kostnaði.

„Okkur langar svolítið til að þetta geti orðið táknrænt fyrir hana,“ segir Jóna sem árið 2011 hélt myndlistarsýningu tileinkaða Viggu í Byggðasafninu í Skógum og skrifaði bréfið þar sem óskað er eftir styrk frá Mýrdalshreppi og færir þar rök fyrir því að Vigdísi verði sýndur þessi virðingarvottur. „Hún var þrátt fyrir fátækt og umkomuleysi einn eftirminnilegasti Mýrdælingur sem uppi var á síðustu öld.“
**gar@frettabladid.is**



**Vigga gamla í túlkun listakonunnar Jónu Sigríðar Jónsdóttur.**

### Menjar á sálinni

„Vigga var alin upp í mikilli fátækt og við alls konar harðrétti, enda hefur hún borið þess menjar alla sína löngu ævi, bæði að því er snertir líkamsatgjörvi, og ekki síður hefur það orðið afdrifaríkt fyrir sálarlíf hennar. Hún mun fljótt hafa verið einna minnst metin á heimilinu,“ segir í umfjöllun um Vigdísi Ingvadóttur í tímaritinu Samvinnu árið 1956, skömmu áður en hún lést. „Þegar Vigga fellur í valinn, hverfur einhver einkennilegasta og sérkennilegasta kona, sem Mýrdalurinn hefur alið síðustu hundrað árin, og þó að víðar væri leitað.“
**Magnús Finnbogason í Samvinnunni 1. desember 1956.**

**Þá var skólinn í Litla-Hvammi og hún kom oft í skólann og fékk að líta yfir hópinn. Sjálf var hún aldrei í skóla.**



Jóna Sigríður Jónsdóttir

# TAX FREE DAGAR









AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF **ÖLLUM LEIKFÖNGUM**
2.-5. NÓVEMBER

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla











**Norðursigling rekur hvalaskoðun og veitingasölu á Húsavík.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Rukka Norðursiglingu í deilu um gjaldtöku

**Hafnanefnd Norðurþings reynir nú að innheimta vangoldin farþegagjöld hjá Norðursiglingu á Húsavík. Hvalaskoðunarfyrirtækið skuldar rúmar 30 milljónir og telur gjaldtökuna ólögmæta. Gentle Giants ekki heldur greitt vegna 2015.**

**NORÐURÞING** Norðursigling hefur ekki greitt hafnasjóði Norðurþings farþegagjöld frá ársbyrjun 2015 og mun sveitarfélagið að óbreyttu leita til dómstóla. Fyrirtækið telur gjaldtökuna ólögmæta en það skuldar hafnasjóðnum rúmar 30 milljónir króna. Þá hefur hvalaskoðunarfyrirtækið Gentle Giants á Húsavík ekki heldur greitt gjöldin fyrir 2015 og einn reikning frá árinu 2010.

Ágreiningur er á milli sveitarfélagsins og Norðursiglingar, sem selur hvalaskoðunarferðir frá Húsavík, um stofn gjaldtökunnar og upphæð. Fyrirtækið fór árið 2011 fram á endurgreiðslu á farþegagjöldum. Á fundi hafnanefndar Norðurþings á mánudag kom fram að önnur fyrirtæki sem stunda farþegaflutninga við Húsavíkurhöfnina hafi greitt gjöldin. Uppbygging þar hafi verið umtalsverð síðastliðin ár og var meðal annars nefnt að flotbryggjum hafi verið fjölgað og höfnin dýpkuð. Stjórnendum hafnarinnar hafi því verið falið að vinna áfram með lögfræðingum og sækja málið.

„Þessi gjöld hafa verið nýtt í almennar hafnarbætur en okkar sjónarmið hefur verið að þau megi einungis nota til aðstöðu fyrir farþega. Við erum í vináttu að ræða þessi mál og leita lögfræðiálita en við teljum að skýrar reglur séu fyrir því í hvað eigi að nota þessi gjöld. Við teljum að Norðurþing hafi ekki getað sýnt fram á í hvað peningarnir verða notaðir og þá hvort upphæðin sem verið er að leggja á sé rétt,“ segir Pétur J. Eiríksson, stjórnarformaður Norðursiglingar.

> **Við teljum að Norðurþing hafi ekki getað sýnt fram á í hvað peningarnir verða notaðir og þá hvort upphæðin sem verið er að leggja á sé rétt.**
>
> Pétur J. Eiríksson, stjórnarformaður Norðursiglingar



Samkvæmt upplýsingum frá hafnarstjórninni var innheimta farþegagjalda ekki í föstum skorðum hjá höfnum Norðurþings árið 2015 og nokkru fyrr. Það geti skýrt af hverju Gentle Giants hafi ekki heldur greitt það ár.

„Þetta er bara misskilningur. Ég ætla ekki að ræða það við þig,“ segir Stefán Guðmundsson, framkvæmdastjóri, markaðsstjóri og skipstjóri hjá Gentle Giants, spurður um afstöðu fyrirtækisins gagnvart kröfu Norðurþings.

**haraldur@frettabladid.is**

# Vill setja upp vindmyllur

**ORKUMÁL** Orkusalan hefur óskað eftir viðræðum um uppbyggingu vindorku í Fljótsdalshéraði. Bæjarstjórinn segir fyrirtækið hafa óskað eftir rannsóknaleyfi í landi sveitarfélagsins og leyfi til þess að setja upp vindmyllur.

„Það er í sjálfu sér ekki tekið neikvætt í þetta en við gerum ákveðna fyrirvara og teljum að eðlilegt sé að ganga frá formlegum samningi og auk þess þarf að kynna þetta á nærsvæðinu áður en slíkt leyfi yrði gefið út,“ segir Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs.

Svarbréf til Orkusölunnar var kynnt og samþykkt í bæjarráði á mánudag. Fyrirtækið er það eina sem hefur óskað formlega eftir viðræðum um uppsetningu vindmylla til raforkuframleiðslu í héraðinu.


**Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs.**

„Þeir hafa samband við okkur fyrri hluta þessa árs og það kom fram á fundi með þeim að það væri hugur í þeim til tilrauna með þetta. Við lítum það mjög jákvæðum augum en leggjum áherslu á að vandað verði til verka.“ **– hg**

# Neyðarkall til þín!

Þessa dagana senda björgunarsveitirnar frá sér Neyðarkall sem þetta árið er vélsleðakappi. Með því að kaupa Neyðarkall tekur þú þátt í uppbyggingarstarfi björgunarsveitanna í landinu og stuðlar um leið að eigin öryggi og annarra.

Taktu vel á móti sjálfboðaliðum björgunarsveitanna og leggðu okkur lið.

**Þetta er Neyðarkall til þín.**
**Stuðningur þinn skiptir öllu máli.**



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

## Sakar landa sína um tvískinnung

**NOREGUR** Landbúnaðarráðherra Noregs, Jon Georg Dale, segir að ekki eigi að flytja út niðurgreitt kjöt. Aldrei hefði átt að flytja út til Afganistans 120 tonn af kindakjöti sem gjöld höfðu verið felld af til að minnka umframbirgðir.

Að mati ráðherrans er það alls ekki í lagi að flytja út niðurgreidda vöru til eins af fátækustu löndum heims og stuðla þannig að ójafnvægi í viðskiptum þar samtímis því sem Norðmenn vilja tryggja tollavernd sína. Það sé tvöfeldni.

Samkvæmt frétt norska ríkisútvarpsins kallaði ráðherrann markaðsráð ráðuneytis síns á fund til að ræða hvernig koma mætti í veg fyrir slíkan útflutning. – **ibs**

## Svíar aldrei verið ríkari

**SVÍÞJÓÐ** Svíar hafa aldrei verið ríkari en nú. Einn af hverjum tíu Svíum á aldrinum 20 til 80 ára á að minnsta kosti eina milljón sænskra króna á sparnaðarreikningi eða um 12,7 milljónir íslenskra króna og jókst sparnaðurinn um níu prósent í fyrra.

Sparifé hvers Svía er að meðaltali 162 þúsund sænskar krónur eða rétt rúmar tvær milljónir íslenskra króna.

Skuldirnar hafa aukist í takt við ráðstöfunarféð. Húsnæðislán nema nú 78 prósentum af skuldum heimilanna. – **ibs**

**» Sparifé hvers Svía er að meðaltali rétt rúmar 2 milljónir íslenskra króna.**




# Eigið fé jókst um 50 milljarða

**Eigið fé útgerða fór úr 251 milljarði í 299 milljarða milli janúar 2015 og 2016. Skiptar skoðanir um veiðigjöld.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Eigið fé íslenskra útgerðarfyrirtækja hækkaði um tæpa fimmtíu milljarða milli áranna 2015 og 2016. Á sama tíma segja útgerðirnar að veiðigjöld séu of há.

Eigið fé útgerðarinnar fór úr 251 í 299 milljarða á þessu tímabili samkvæmt nýbirtum tölum Hagstofu Íslands. Var því árið 2015 nokkuð hagfellt útgerðum hér á landi. Þó að rekstrartekjur fyrirtækjanna hafi dregist nokkuð mikið saman milli ára er útkoma fyrirtækjanna nokkuð góð.

Afkomutölur sjávarútvegsins árið 2016 líta nokkuð vel út. Langtímaskuldir fyrirtækjanna lækka um 13 milljarða. Handbært fé þeirra hækkar um tólf milljarða og eigið fé um tæplega 50 eins og áður sagði.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, þingmaður VG og nefndarmaður í atvinnuveganefnd á síðasta kjörtímabili, segir stóru útgerðirnar ekki eiga í erfiðleikum með að greiða há veiðigjöld. „Stóru fyrirtækin geta auðveldlega greitt veiðigjöld. Hins vegar hefur SFS ekki horft nógu vel á litlu og meðalstóru útgerðirnar. Þau fyrirtæki gætu átt erfiðara uppdráttar með hækkandi veiðigjöldum. Því þurfum við að huga að þeim en vissulega geta stóru útgerðirnar greitt veiðigjöld,“ segir Lilja.

Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS, segir fyrirtækin standa ágætlega en óveðursský sé að finna á sjóndeildarhringnum. „Skuldir eru að lækka töluvert í sjávarútvegi og á sama tíma eru fyrirtæki í fjárfestingum. Það er því ekkert óeðlilegt við að eigið fé fyrirtækjanna sé að aukast,“ segir Heiðrún Lind.

„Eigið fé segir svo ekkert um reksturinn almennt. Nýleg skýrsla Deloitte hefur bent á að hagnaður af eiginlegum rekstri dregst saman í sjávarútvegi og sýnir að blikur eru á lofti.“


Myndin tekin í Reykjavíkurhöfn þegar LÍÚ beindi flota sínum þangað til að mótmæla kvótalögum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Veiðigjöld eru að tvöfaldast á milli ára og það er allt of hátt.**

Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS



Heiðrún Lind segir því veiðigjöld næsta fiskveiðiárs verða of há. „Veiðigjöld eru að tvöfaldast á milli ára og það er allt of hátt. Ef við leggjum aðeins saman tekjuskatt og veiðigjöld eru sjávarútvegsfyrirtækin að greiða um 38 prósent af hagnaði sínum í skatt,“ segir Heiðrún Lind og bendir á að sú skattlagning sé mun hærri en annarra fyrirtækja á landinu. **sveinn@frettabladid.is**

# Hefja neyðarsöfnun fyrir flóttafólk frá Mjanmar

**BANGLADESS** Rauði krossinn á Íslandi hefur ákveðið að hefja neyðarsöfnun fyrir Rohingja, flóttafólk frá Mjanmar, sem farið hafa yfir landamærin til Bangladess. Yfir hálf milljón einstaklinga hefur þurft að flýja blóðug átök. Þá gekk fellibylurinn Mora yfir í maí sem olli mestu skriðuföllum í sögu Bangladess og varð um 160 manns að bana. Rauði krossinn segir aðstæður þar því afar erfiðar, en Bangladess sé einnig eitt af fátækari ríkjum heims.

Flóttafólkið þarf að ferðast nokkur hundruð kílómetra til þess að komast yfir landamærin, langflest fótgangandi, oft og tíðum berfætt, með aleiguna og börn meðferðis.

„Í dag horfði ég á endalausa röð af uppgefnu fólki sem gekk hægum skrefum fram hjá. Þar voru mörg börn, þeir fullorðnu voru með aleiguna á höfðinu eða hangandi á stöng sem lá á öxlunum. Konur báru yngstu börnin. Flestir gengu berfættir. Ég táraðist þegar ég horfði á röðina líða rólega hjá, fólk sem ekkert á og hvergi á heima. Í hvíldarbúðunum var hlúð að fólkinu, sumir voru skinnlausir á fótunum með flakandi sár eftir langa göngu. Allir þjáðir af hungri og vökvaskorti,“ er haft eftir Lilju Óskarsdóttur, sendifulltrúa Rauða krossins á Íslandi, sem verið hefur á svæðinu síðastliðinn mánuð.


Tveir flóttamenn úr röðum Rohingja bera gamlan mann. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**Í hvíldarbúðunum var hlúð að fólkinu, sumir voru skinnlausir á fótunum með flakandi sár eftir langa göngu.**

Lilja Óskarsdóttir, sendifulltrúi Rauða krossins

Alls átta sendifulltrúar frá Rauða krossinum á Íslandi hafa verið að störfum á vettvangi og útlit er fyrir að fleiri fari út til aðstoðar. Tjaldsjúkrahúsi hefur verið komið upp þar sem heilbrigðisaðstoð til flóttafólks er veitt, auk matarúthlutunar og aðstoðar.

Hægt er að leggja neyðarsöfnun Rauða krossins á Íslandi lið með því að senda sms-ið TAKK í númerið 1900 og styrkja þannig söfnunina um 1.900 kr. Þá er einnig hægt að nota Kass appið með því að nota KassTag-ið takk@raudikrossinn eða leggja inn á reikning 0342-26-12, kt. 530269-2649. – **jhh**



BOSS
HUGO BOSS

SAND

POLO
RALPH LAUREN

Stenströms

ARMANI
COLLEZIONI

eterna

gardeur

HUGO
HUGO BOSS

FINUCCI

bugatti

TINO COSMA

BELLINI
collezione

MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898

BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880

LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54
bláu húsin (við faxafen)



# Microsoft HoloLens kemur til Íslands

Bandaríski tæknirisinn Microsoft tilkynnti í gær að HoloLens, gleraugu fyrir viðbótarveruleika (e. augmented reality), verði sett í sölu í 29 löndum í Evrópu. Þrefaldast þannig fjöldi þeirra landa þar sem HoloLens er til sölu en áður voru gleraugun seld í tíu löndum. Eitt þessara landa er Ísland, að því er tæknifréttasíðan TechCrunch greinir frá.

„Við teljum að tækniheimurinn sé að fara í þessa átt,“ sagði Lorraine Bardeen, yfirmaður HoloLens-deildar fyrirtækisins þegar stækkunin var kynnt í Lundúnum og bætti því við að með HoloLens væri hægt að færa öll forrit notenda inn í raunveruleikann.

„Viðbótarveruleiki mun hjálpa fyrirtækjum og einstaklingum að klára mikilvæg verkefni fljótar og á öruggari og hagkvæmari hátt,“ sagði Bardeen enn fremur.

Viðbótarveruleiki er frábrugðinn sýndarveruleika að því leyti að myndir og forrit birtast notandanum fyrir framan það sem raunverulega er til staðar í stað þess að öllu sjónsviði manns sé skipt út fyrir eitthvað annað. Gott dæmi um viðbótarveruleika, sem lesendur kannast ef til vill margir við, má finna í snjallsímaleiknum Pokémon Go.

Með þessu skrefi þykir TechCrunch Microsoft vera að veðja á viðbótarveruleikann sem raunhæfan framtíðarmöguleika í stað skjáa. Sölutölur HoloLens hafa þó ekki verið gerðar opinberar. Eitt er þó víst, gleraugun eru ekki ódýr og kostar ódýrasta útgáfan 3.000 Bandaríkjadali vestanhafs. – þea



**Íbúi Hangzhou í Zhejiang-héraði Kína prófar HoloLens.** NORDICPHOTOS/AFP



**Alexa býr í Echo-hátalaranum frá Amazon.** NORDICPHOTOS/AFP

## Þriðjungur vill frekar versla með Alexu

Þriðjungur Bandaríkjamanna vill frekar versla með því að tala við stafræna aðstoðarmenn á borð við Alexu frá Amazon heldur en að skella sér í verslunarmiðstöð með vinum sínum. Þetta kemur fram í nýrri könnun bandaríska fyrirtækisins IFTTT. Í sömu könnun kemur hins vegar fram að einungis fimm prósent hafi í raun nýtt sér þann möguleika.

Þá kemur fram að sá tæknimöguleiki sem flestir hafa nýtt sér í verslun eru sjálfsafgreiðslukassar í verslunum, eða 79 prósent. Næstflestir hafa nýtt sér flýtiþjónustur vefverslana á borð við One Touch-kerfi Paypal, eða 40 prósent. Slíkt kerfi krefst einskis innsláttar. Einnig hafa fjölmargir nýtt sér símagreiðslur á borð við Apple Pay, eða fjórtán prósent.

Sjálfvirk spjallforrit sem mörg fyrirtæki bjóða upp á á Facebook og Skype fara hins vegar fram hjá mörgum. Alls sögðust 68 prósent aðspurðra ekki nota slík og 23 prósent vissu ekki hvað umrædd forrit voru. – þea

**36%**

**prósent vilja frekar nota Alexu.**

# Nintendo malar gull á nýrri leikjatölvu sem selst einkar vel

**Nýjasta leikjatölvan frá Nintendo malar gull. Hagnaðarspá fyrirtækisins tvöfölduð og væntingar um sölu aukast í takt við það. Fjölbreyttir notkunarmöguleikar og vinsælir leikir ástæðurnar fyrir velgengninni. Búist við því að tölvan seljist meira á einu ári en fyrirrennarinn Wii U hefur gert frá því hún kom á markað.**

Japanska tölvuleikjafyrirtækið Nintendo hefur hagnast mikið á leikjatölvunni Nintendo Switch sem kom út í mars fyrr á árinu. Virði hlutabréfa í fyrirtækinu hefur nærri tvöfaldast á þeim tíma sem tölvan hefur verið til sölu. Þá tilkynnti leikjarisinn í vikunni um tvöföldun hagnaðarspár sinnar á reikningsárinu, að mestu vegna Switch.

Tvær grundvallarástæður eru fyrir mikilli velgengni leikjatölvunnar. Annars vegar möguleikinn að geta bæði tengt tölvuna við sjónvarp og að notað hana á ferðinni og hins vegar miklar vinsældir tölvuleikja sem Nintendo hefur framleitt sérstaklega fyrir Switch.

Leikjatölvan er í raun sú eina sinnar tegundar, að minnsta kosti sem nýtur einhverra vinsælda. Hægt er að tengja hana við sjónvarp með sérstakri dokku en einnig er hægt að aftengja hana, tengja fjarstýringarnar beint við tölvuna og spila leiki hvar sem er. Þetta er ekki valmöguleiki sem eigendur leikjatölva hinna risanna, Sony og Microsoft, hafa. Í þokkabót eru einu tvær ferðaleikjatölvurnar sem njóta einhverra vinsælda í heiminum báðar úr smiðju Nintendo.

Í nýrri skýrslu frá Nintendo kemur fram að meirihluti eigenda Nintendo Switch, eða 52 prósent, nýta báða valmöguleikana til jafns. Hins vegar tengi um átján prósent tölvuna aðallega við sjónvarp og þrjátíu prósent velji frekar halda á tölvunni.

Lykillinn að velgengni leikjatölvu er auðvitað þeir leikir sem hægt er að spila á tölvunni. Þannig hefur Halo-serían hjálpað Microsoft að selja Xbox-tölvur og Uncharted-serían hefur glatt marga PlayStation-eigendur.



**Preacher-stjarnan Julie Ann Emery mundar leikjatölvuna vinsælu.** NORDICPHOTOS/AFP

Nintendo hefur undanfarna áratugi reitt sig á sömu leikjaseríur til þess að selja tölvur sínar og er sömu sögu að segja af Nintendo Switch. Nýjustu leikirnir úr Legend of Zelda-seríunni og hinni sívinsælu Super Mario-seríu eru komnir út á Switch og hafa selst vel. Super Mario Odyssey kom út í vikunni og seldist í tveimur milljónum eintaka fyrstu þrjá dagana.

Það er þó ekki nóg að gefa út leiki, þeir þurfa að vera góðir til að seljast. Gæðin virðast hins vegar ekki vera vandamál. Super Mario Odyssey fær 97 af 100 á Metacritic, sömu einkunn og The Legend of Zelda: Breath of the Wild. Eru leikirnir á meðal þeirra bestu sem komið hafa út á árinu að mati gagnrýnenda.

Eins og áður segir hefur Nintendo tvöfaldað hagnaðarspá sína á reikningsárinu, sem lýkur í mars, úr 65 milljörðum jena og í 120 milljarða. Í yfirlýsingu frá fyrirtækinu er fram að auk veikara gengis jensins var Switch í lykilhlutverki í þeirri ákvörðun. Það eru þó ekki einu góðu fréttirnar fyrir Nintendo.

Velta japanska risans var 220 milljarðar jena á síðasta ársfjórðungi en búist var við 174 milljarða jena veltu. Fyrirtækið býst einnig við aukinni sölu leikjatölvunnar á árinu. Gert hafði verið ráð fyrir tíu milljónum eintaka en nú sér Nintendo fram á að selja fjórtán milljónir eintaka. Ef af verður mun Nintendo Switch seljast meira á einu ári en fyrirrennarinn, Nintendo Wii U, hefur selst frá því tölvan kom út árið 2012.

**thorgnyr@frettabladid.is**




PROTIS
FISKPRÓTÍN

Hreyfing er lífsgæði

Frelsið til að hreyfa sig er uppspretta orku og lífsgleði. Njóttu þess alla ævi.

- Verndar liði, bein og brjósk
- Inniheldur aðeins náttúruleg efni
- Kollagenrík blanda úr sæbjúgnaskráp
- Bætt með D3- og C-vítamíni
- Túrmerik og mangan fyrir aukna virkni

VELJUM ÍSLENSKT




LIÐIR - liðkandi fiskprótínblanda frá PROTIS




# YVESSAINTLAURENT

## DAGAR Í HAGKAUP KRINGLU, SMÁRALIND, SKEIFU, GARÐABÆ OG AKUREYRI 2. - 8. NÓVEMBER

### ALL HOURS FARÐINN FRÁ YSL LOKSINS KOMINN TIL LANDSINS

Fyrsti farðinn frá YSL sem gefur fulla þekju og helst fullkominn allan sólarhringinn. Vatnsheldur, smitfrír og þarfnast ekki lagfæringar. Mött olíulaus áferð.




**ALL HOURS PRIMER**

Primer sem skilar farðanum enn betri endingu og mattri áferð. Kemur í veg fyrir glans, dregur sjáanlega úr opnum húðholum og mýkir húðina. Hægt að nota undir hvaða farða sem er.

**ALL HOURS CONCEALER**

Fljótandi hyljari sem gefur fulla þekju og ótrúlega 16 klst. endingu. Auðvelt að blanda og skilur eftir matta flauels áferð á húðinni. Hylur vel dökka bauga og önnur húðlýti.




**20%**
**AFSLÁTTUR**
AF YVES SAINT LAURENT
VÖRUM Á KYNNINGUNNI

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



ÚRVAL ÚTSÝN

# ÚRVAL FERÐA
## Í VETUR OG VOR

★★
**GRAN CANARIA** 14.–28. NÓV.
FRÁ **93.600 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn.
Verð frá 112.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

★★★
**TENERIFE** 22.–29. NÓV.
FRÁ **74.500 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 99.000 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

★★★
**GRAN CANARIA** 28. NÓV.–5. DES.
FRÁ **81.300 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 91.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

★★★
**TENERIFE** 29. NÓV. – 6. DES.
FRÁ **63.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 85.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.



**GRAN CANARIA** 23.–30. JANÚAR
**BAOBAB RESORT** ★★★★★
VERÐ FRÁ **143.000 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í tvíbýli með morgunverði. Verð frá 163.200 kr. á mann m.v. 2 fullorðna. Betri sæti Icelandair í boði gegn gjaldi.




**TENERIFE** 23. DESEMBER – 4. JANÚAR
**FLAMINGO BEACH MATE** ★★★
VERÐ FRÁ **229.500 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn **MEÐ HÁLFU FÆÐI.**
Verð frá 287.300 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.



**GRAN CANARIA** 12.–22. DESEMBER
**GRAN CANARIA PRINCESS** ★★★★
VERÐ FRÁ **129.300 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli **MEÐ HÁLFU FÆÐI.**
Betri sæti Icelandair í boði gegn gjaldi.



22.–26. MARS
**MARRAKESH**
BORGARFERÐ
VERÐ FRÁ **117.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna. Betri sæti Icelandair í boði gegn gjaldi.

**HEIÐAR JÓNSSON**
Fararstjóri



2.–5. MARS
**VERONA**
BORGARFERÐ
VERÐ FRÁ **89.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna. Betri sæti Icelandair í boði gegn gjaldi.

**HEIÐAR JÓNSSON**
Fararstjóri




29. MARS – 2. APRÍL
**LISSABON – PÁSKAFERÐ**
BORGARFERÐ
VERÐ FRÁ **199.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna. Betri sæti Icelandair í boði gegn gjaldi.

**INNIFALIÐ Í VERÐI ER FLUG, GISTING, ÍSLENSK FARARSTJÓRN (NEMA LISSABON), FLUGVALLASKATTAR, FERÐATASKA OG HANDFARANGUR.**




★★★
**ALICANTE** 29. NÓV. – 6. DES.
FRÁ **65.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 75.300 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

★★★
**TENERIFE** 6.–21. DES.
FRÁ **89.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 139.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

★★★
**TENERIFE** 3.–17. JAN.
FRÁ **95.700 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 147.400 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

★★
**GRAN CANARIA** 14.–23. JAN.
FRÁ **72.700 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 92.400 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.



**TENERIFE** 4.–17. JANÚAR
**HOTEL GALA** ★★★★
VERÐ FRÁ **187.800 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna með morgunverði.
Betri sæti Icelandair í boði gegn gjaldi.




29. MARS – 2. APRÍL
**RÓM – PÁSKAFERÐ**
BORGARFERÐ
VERÐ FRÁ **129.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.



VOR 2018
# GOLFFERÐIR

**EL PLANTIO** er vinsælasti golfstaður okkar. Frá hótelinu er aðeins um 5 mínútna akstur á Alicante flugvöllinn og 10 mínútna akstur í miðbæ Alicante. Hér er allt innifalið í mat og drykk (innlendir drykkir) og boðið upp á ótakmarkað golf alla daga — engin þörf á að taka upp veskið.

**ÞÓRÐUR RAFN GISSURARSON**
Golfstjóri ÚÚ, atvinnukylfingur og Íslandsmeistari í golfi

VERÐ FRÁ **159.900 KR.**
Verð á mann m.v. 4 fullorðna.

**SÉRSNÍÐUM FERÐIR FYRIR GOLFHÓPA**
Erum með skemmtilega golfstaði um allan heim og reynslumikla fararstjóra
**SENDU PÓST Á GOLF@UU.IS**

VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG STAFABRENGL.

# Puigdemont vill yfirheyrslu í Belgíu

**SPÁNN** Yfirheyra ætti Carles Puigdemont, brottrekinn forseta héraðsstjórnar Katalóníu, í Belgíu. Þar er Puigdemont nú staddur en þetta sagði Paul Bekaert, lögmaður hans, í gær. Ríkissaksóknari Spánar hefur óskað eftir því að Puigdemont og aðrir katalónskir ráðamenn verði ákærðir, meðal annars fyrir uppreisn, og gæti hann því átt þrjátíu ára fangelsisdóm yfir höfði sér.

„Puigdemont er ekki að fara til Madríd. Ég legg til að þeir yfirheyri hann hér í Belgíu. Það er hægt. Það má yfirheyra hann hér, lögin leyfa það,“ sagði Bekaert og tók fram að engin handtökuskipun hefði verið gefin út á hendur Puigdemont.

Ljóst er því að afar ólíklegt er að Puigdemont haldi heim á næstu vikum og þaðan af síður til að mæta fyrir dómara. Allir fjórtán meðlimir héraðsstjórnarinnar verða ákærðir ef hæstiréttur Spánar samþykkir. Ákæran væri liður í viðbrögðum spænskra yfirvalda við kosningum um sjálfstæði héraðsins og sjálfstæðisyfirlýsingunni sem fylgdi í kjölfarið. Spánverjar hafa svipt héraðið sjálfsstjórn og þar með rekið ráðamennina.

Dómstóllinn hefur skipað fjórtánmenningunum að mæta fyrir rétt í dag. – þea



**Fjölmiðlar sátu fyrir lögfræðingum Katalóníustjórnar í gær.** NORDICPHOTOS/AFP



**Kevin Spacey leikari.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Fleiri stjörnur sagðar hafa beitt ofbeldi og áreitt

**BANDARÍKIN** Tveir heimsþekktir leikarar og einn kvikmyndaframleiðandi voru í gær ásakaðir um kynferðislega áreitni. Ásakanirnar eru þær nýjustu í bylgjunni sem hefur fylgt í kjölfar þess að konur sögðu frá áreitni og ofbeldi af hálfu framleiðandans Harveys Weinstein.

Bandaríski kvikmyndaframleiðandinn Tony Montana sagði í gær að leikarinn Kevin Spacey hefði gripið í klofið á sér af miklu afli á bar í Los Angeles árið 2003. Sagði Montana að hann hefði þjáðst af áfallastreitu í kjölfar atviksins. Áður hafði leikarinn Anthony Rapp sagt að Spacey hefði áreitt sig kynferðislega þegar hann var einungis fjórtán ára.

**6**

**konur hafa sakað Brett Ratner um kynferðislega áreitni og ofbeldi.**

Þá sakaði rithöfundurinn Anna Graham Hunter Dustin Hoffman um kynferðislega áreitni í gær. Sagði hún að Hoffmann hefði áreitt sig árið 1985 þegar hún var sautján ára gömul.

Sex konur stigu jafnframt fram í gær og sökuðu framleiðandann Brett Ratner um kynferðislega áreitni og ofbeldi í gær. Ein þeirra, Natasha Henstridge, sagði Ratner hafa þvingað sig til munnmaka þegar hún var nítján ára. – þea

# Árásarmaðurinn snerist til róttækni í Bandaríkjunum

**Átta látnir eftir árás í New York. Forsetinn og borgarstjórinn segja að um hryðjuverk og heigulshátt sé að ræða. Árásarmaðurinn er Úsbeki á þrítugsaldri sem snerist til róttækni í Bandaríkjunum. Þar hefur hann búið í sjö ár. Bandaríkjaforseti krefst úrbóta á innflytjendalöggjöf og fer enn á ný fram á ferðabann.**

**BANDARÍKIN** Tala látinna eftir árás Sayfullo Saipov í New York hækkaði í gær og hafa nú átta látið lífið. Ellefu til viðbótar eru særðir. Saipov keyrði á gangandi vegfarendur á Manhattan-eyju á þriðjudag og segja vitni hann hafa skotið úr byssu og hrópað „Allahu akhbar“. Árásin er sú mannskæðasta í borginni frá hryðjuverkaárásinni á Tvíburaturnana árið 2001. Þá förust 2.606.

Árásarmaðurinn er 29 ára Úsbeki sem hefur búið undanfarið í Tampa í Flórída og Paterson í New Jersey. Hann er nú í haldi lögreglunnar í New York. Hefur hann búið í Bandaríkjunum frá árinu 2010, er sagður löglegur innflytjandi og þá hefur leigubílaþjónustan Uber staðfest að hann hafi verið bílstjóri þjónustunnar.

Andrew Cuomo, ríkisstjóri New York, sagði við CBS í gær að í bíl Saipovs hafi fundist bréf þar sem vísað var í hryðjuverkasamtökin sem kenna sig við Íslamskt ríki. Þá sagði ríkisstjórinn enn fremur að árásarmaðurinn hafi snúist til róttækni í Bandaríkjunum.

James O'Neill lögreglustjóri hélt blaðamannafund í gær. Þar kom fram að um klukkan 15 á þriðjudaginn hefði árásin átt sér stað. Saipov hafi keyrt á gangandi vegfarendur og svo skólarútu. Hann hafi síðan stigið út úr bílnum með tvær skammbyssur og hafi hrópað eitthvað sem „samræmdist hryðjuverkaárásarmanni“. Því næst hafi lögreglumaður skotið hann í kviðinn og hann verið sendur á sjúkrahús þar sem gert hafi verið að sárum hans.



**Rannsakendur skoða bíl árásarmannsins á vettvangi.** NORDICPHOTOS/AFP

Donald Trump Bandaríkjaforseti brást harkalega við árásinni. Sagði hann árásarmanninn hafa komið til Bandaríkjanna í gegnum kerfi sem er runnið undan rifjum Demókratans Chucks Schumer og sagðist frekar vilja að innflytjendur ættu að koma til Bandaríkjanna vegna eigin verðleika en ekki í þeim eina tilgangi að auka fjölbreytni í samfélaginu.

Þá hvatti forsetinn til enn strangari skoðunar á öllum sem koma til Bandaríkjanna og ítrekaði ákall sitt um ferðabann. „Við megum ekki leyfa ISIS að koma til Bandaríkjanna eftir að við höfum sigrað þá í Mið-Austurlöndum og annars staðar. Nóg komið!“

Bill de Blasio borgarstjóri brást einnig við árásinni. Sagði hann að um hryðjuverkaárás væri að ræða. Heigull hefði ráðist á almenna og saklausa borgara. „Við vitum að árásinni var ætlað að hræða okkur. En við vitum líka að íbúar New York eru sterkir og standa allt af sér.“

Shavkat Mirziyoyev, forseti Úsbekistans, var í sambandi við Trump í gær. Sagði hann að Úsbekar væru tilbúnir til að hjálpa til við rannsókn málsins með hvaða hætti sem er. Úsbeksk yfirvöld hafa ekki enn staðfest opinberlega að maðurinn sé Úsbeki.

thorgnyr@frettabladid.is



**Sayfullah Habibullahevic Saipov.** NORDICPHOTOS/AFP


GREEN DIAMOND
HARÐKORNADEKK
UMHVERFISVÆN OG ENDURUNNIN FRAMLEIÐSLA

FYRSTI VALKOSTUR
Í STAÐ NAGLADEKKJA
ER GREEN DIAMOND
HARÐKORNADEKKIN




PANTIÐ Á:
panta@hardkornadekk.is
611 7799
www.hardkornadekk.is

– Sænska öryggisprófið staðfestir það svo um munar auk fjölda ánægðra viðskiptavina. Björgunasveitin á Flúðum hefur notað Green Diamond í marga vetur. Green Diamond harðkornadekkin eru réttu dekkin til að leysa nagladekkin af hólmi á höfuðborgarsvæðinu. Þau eru endurunnin og valda ekki svifryki eins og nagladekk og má nota allt árið.

GARÐABÆR | ISAVIA | HAFNARFJÖRÐUR | Björgunarfélagið Eyvindur Flúðum

* www.hardkornadekk.is/pages/profanir-dekk


RÝMUM
FYRIR NÝJUM
VÖRUM
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
GILDIR Í ÖLLUM VERSLUNUM
& VEFVERSLUN FRAM Á SUNNUDAG
Lín
DESIGN
Lín Design | Smáratorgi | Glerártorgi | Kringlunni | lindesign.is

# Ástand heimsins










1 Leikari klæddur sem Elísabet önnur Bretlandsdrottning og palestínsk börn voru gestir viðburðar sem Banksy hélt í Palestínu í gær á hundrað ára afmæli Balfour-yfirlýsingarinnar um stofnun Ísraelsríkis. Vildi Banksy biðjast afsökunar fyrir hönd Breta.
NORDICPHOTOS/AFP

2 Ungur Róhingi biður hermann í Bangladess um mat og aðrar nauðsynjavörur. Rúm hálf milljón Róhingja er á flótta í Bangladess.
NORDICPHOTOS/AFP

3 Allraheilagramessa var í gær. Þessir Frakkar heimsóttu grafir ættingja sinna og vina í tilefni dagsins.
NORDICPHOTOS/AFP

4 Indverskir listamenn frá Kerala-ríki Indlands fögnuðu 62 ára afmæli ríkisins í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

5 Dýraverndarsamtökin PETA stóðu fyrir gjörningi í París í gær. Teiknuðu meðlimir útlínur dýra, líkt og um morð hefði verið að ræða, og lögðust á jörðina.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA






**MISTUR EFTIR RAGNAR JÓNASSON**

# MEST SELDA GLÆPASAGAN!

Metsölulisti Eymundsson, 1. nóvember 2017



„RAGNAR LÝSIR FRÁBÆRLEGA HRIKALEGRI FEGURÐ ÓGNVEKJANDI UMHVERFISINS.“
NEW YORK TIMES

„HEFUR BLÁSIÐ NÝJU LÍFI Í NORRÆNU GLÆPASÖGUNA.“
SUNDAY EXPRESS




Myrkur, óveður og innilokun í afskekktri sveit – og óvæntan gest ber að garði. Ný og hörkuspennandi glæpasaga eftir Ragnar Jónasson sem heimspressan hefur lofað í hástert!

*„Breskir aðdáendur glæpasagna þekkja tvo frábæra íslenska rithöfunda, Arnald Indriðason og Yrsu Sigurðardóttur. Hér kemur sá þriðji: Ragnar Jónasson.“*

The Times

VERÖLD

# Afkoma Fjarskipta var nokkuð undir væntingum greinenda



Stefán Sigurðsson, forstjóri Fjarskipta.

Rekstrarhagnaður Fjarskipta fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBIDTA) á þriðja fjórðungi ársins hefur ekki verið minni frá árinu 2013, að því er fram kemur í viðbrögðum greinenda Landsbankans við uppgjöri fjarskiptafélagsins.

Sala félagsins á tímabilinu, frá júlí til september, dróst minna saman en greinendur bankans höfðu búist við, en á móti var framlegð lægri og rekstrarkostnaður hærri. Var EBIDTA félagsins þannig undir væntingum, fyrst og fremst vegna áhrifa af nýrri reglugerðarbreytingu í reiki, „Roam Like Home“.

Sérfræðingar Landsbankans höfðu spáð EBIDTA upp á 992 milljónir króna, en hún reyndist 129 milljónum hærri eða 853 milljónir. **– kij**


PHO VIETNAMESE



VIÐ SÉRHÆFUM OKKUR Í ASÍSKRI MATARGERÐ.

HOLLUR OG LJÚFFENGUR MATUR.

Vietnamese restaurant
Laugavegi 27 og
Suðurlandsbraut 8
sími: 588 6868

pho.is



GARÐS APÓTEK - í yfir 60 ár

Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
Pantaðu tiltekt á appotek.is
eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - í leiðinni

Fáðu lyfin send heim með póstinum
Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - um land allt

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar



VIÐ BÚUM TIL DRAUMASÓFANN ÞINN

900 útfærslur, engin stærðartakmörk
og 3.000 tegundir af áklæðum



ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Mosel

Kíktu í heimsókn!
Opið virka daga kl. 10-18
Laugardaga 11-15

Patti HÚSGÖGN

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is




**Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði öllum kröfum Benedikts Eyjólfssonar, sem kenndur er við Bílabúð Benna, í málinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hafnar 14,5 milljóna kröfu Benna í slitabú

Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði í síðustu viku kröfu Benedikts Eyjólfssonar, sem er jafnan kenndur við Bílabúð Benna, um að 14,5 milljóna króna fjárkrafa hans yrði viðurkennd sem almenn krafa í slitabú gamla Landsbankans.

Benedikt átti meðal annars í afleiðuviðskiptum við Landsbankann árið 2007. Krafðist hann þess fyrir dómi að krafa hans, upp á 14,5 milljónir króna, yrði viðurkennd við slitameðferð gamla Landsbankans og að henni yrði jafnframt skipað í réttindaröð sem almennri kröfu.

Byggði hann á því að Landsbankinn hefði innleyst og ráðstafað umræddum fjármunum án heimildar af vörslureikningi hans hjá bankanum vegna uppgjörs á framvirkum samningi í október árið 2007. Hélt Benedikt því fram að honum hefði verið ókunnugt um þessi viðskipti og að þau hefðu verið gerð í hans óþökk.

Slitastjórn bankans mótmælti þessum málatilbúnaði. Hafnaði hún kröfunni á þeim grundvelli að ekki væri fyrir hendi viðurkennd bótaskylda, enda hefði ekki verið sýnt fram á að Landsbankinn hefði sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi.

**» Slitastjórn hafnaði kröfunni á þeim grundvelli að ekki væri fyrir hendi viðurkennd bótaskylda.**

Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari komst að þeirri niðurstöðu að Benedikt hefði ekki tekist að sýna fram á að umræddur framvirkur samningur hefði verið gerður í hans óþökk. Auk þess hefði Benedikt vegna eigin tómlætis glatað rétti til að bera fyrir sig mótbárur um skuldbindingargildi samningsins og uppgjör hans þegar hann beindi loks kröfu að slitastjórn Landsbankans í október árið 2009. Var kröfu hans í slitabúið þannig hafnað.

# Kaupa 1,45 prósenta hlut í Kviku

Einkahlutafélagið RPF, sem er í jafnri eigu Gunnars Sverris Harðarsonar og Þórarins Arnars Sævarssonar, starfsmanna fasteignasölunnar RE/MAX Senter, er komið í hluthafahóp Kviku fjárfestingarbanka með 1,45 prósenta hlut. Er félagið þannig orðið fjórtándi stærsti hluthafi bankans.

Félagið keypti hlutinn af fjárfestingafélaginu Vörðu Capital, en eins og greint var frá í Markaðinum í gær hefur síðarnefnda félagið selt allan hlut sinn í Kviku. Varða Capital, sem er að stærstum hluta í eigu viðskiptafélaganna Jónasar Hagans Guðmundssonar og Gríms Garðarssonar, var áður fimmti stærsti hluthafi bankans með 7,7 prósenta eignarhlut.

Auk RPF keyptu meðal annars hjónin Bogi Þór Siguroddsson og Linda Björk Ólafsdóttir, sem eiga Johan Rönning, og Einar Sveinsson fjárfestir hlut Vörðu Capital.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa bréf í Kviku verið að ganga kaupum og sölum að undanförnu á genginu 6 til 6,3 krónur á hlut. Varða Capital átti tæplega 112 milljónir hluta að nafnverði í bankanum og því má áætla að félagið hafi fengið samtals í kringum 700 milljónir króna fyrir 7,7 prósenta hlut sinn í Kviku. **– kij**

# Virði hlutar TM í Refresco hækkar um 300 milljónir króna hið minnsta

Óhætt er að gera ráð fyrir að virði óbeins eignarhlutar tryggingafélagsins TM í evrópska drykkjaframleiðandanum Refresco Group hækki um að minnsta kosti 300 milljónir króna við yfirtöku fjárfestingarsjóða á framleiðandanum. Þetta kom fram í máli Sigurðar Viðarssonar, forstjóra TM, á kynningarfundi með fjárfestum í síðustu viku.

TM á óbeint 1,1 prósents hlut í Refresco í gegnum tvö eignarhaldsfélög, annars vegar S122 og hins vegar Stoðir, en hluturinn var metinn á 1,8 milljarða króna í bókum tryggingafélagsins í lok júnímánaðar. Miðað við það verð sem fjárfestingarsjóðirnir PAI Partners og British Columbia Investment Management Corporation hafa samþykkt að greiða fyrir Refresco, en það jafngildir um 200 milljörðum króna, gæti virði eignarhlutar TM nú verið um 2,2 milljarðar króna.



Sigurður Viðarsson, forstjóri TM.

„Það er alveg óhætt að gera ráð fyrir að minnsta kosti 300 milljónum króna í uppfærslu á eigninni á fjórðungnum,“ sagði Sigurður á fjárfestafundinum. Stjórnendur tryggingafélagsins hafa hækkað spá sína um fjárfestingartekjur fyrir fjórða fjórðung ársins, aðallega vegna umræddrar yfirtöku, en óbeinn hlutur félagsins í Refresco er langsamlega stærsta fjárfestingareign þess. Gera stjórnendurnir nú ráð fyrir að tekjurnar verði 975 milljónir króna en áður hljóðaði spáin upp á 770 milljónir.

TM keypti ásamt hópi fjárfesta 50,2 prósenta hlut í Stoðum af Glitni HoldCo og nokkrum erlendum fjármálastofnunum í apríl síðastliðnum.

Ekki hafa fengist upplýsingar um hvað var greitt fyrir hlutinn, en miðað við markaðsgengi bréfa Refresco á þeim tíma þegar kaupin gengu í gegn er líklegt kaupverð um sjö til átta milljarðar króna. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gerði fjárfestahópurinn sérstakan afkomuskiptasamning við Glitni sem tryggði félaginu hlutdeild í framtíðarhagnaði af sölu Refresco. Var samningurinn gerður gagngert vegna væntinga um að drykkjaframleiðandinn yrði yfirtekinn. **– kij**







20% AFSLÁTTUR · 20% AFSLÁTTUR · 20%



**20% kynningarafsláttur af hnotubrjótum**



30% AFSLÁTTUR · 30% AFSLÁTTUR · 30%

# VIÐ FRAMLENGJUM
# TAX FREE
# AF SÓFUM

19,35% afsláttur
Gildir dagana 2. til 8. nóvember.
Gildir ekki með öðrum tilboðum.



30% AFSLÁTTUR · 30% AFSLÁTTUR · 30%





**HAAG sófi**
verð áður kr. 199.900
**verð nú kr. 161.219**

**30% afsláttur af speglum**



**NEVADA sófi**
verð áður kr. 279.900
**verð nú kr. 225.739**

**Talisa sófi**
verð áður kr. 99.900
**verð nú kr. 80.569**



**30% afsláttur af púðum**





**REGINA sófi**
verð áður kr. 99.900
**verð nú kr. 80.569**



the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • Selfossi 522 7890

# Engin töfralausn



**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@frettabladid.is

Þeir fjórir flokkar sem voru í stjórnarandstöðu á síðasta kjörtímabili freista þess nú að mynda ríkisstjórn. Telja verður að þetta ríkisstjórnarsamstarf sé líklegra í augnablikinu en miðju hægristjórn í ljósi þess vantrausts sem ríkir á milli forystumanna Framsóknarflokksins og Miðflokksins.

Samfylkingin hefur haft það á stefnuskrá sinni að Ísland gangi í Evrópusambandið og síðar í Evrópska myntbandalagið og taki upp evru. Það verður athyglisvert að fylgjast með því hvort Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, geri kröfu um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður við Evrópusambandið í viðræðum um myndun nýrrar ríkisstjórnar. Sérstaklega í ljósi þeirra innanmeina sem ESB glímir við um þessar mundir vegna Brexit og þeirrar óvissu sem er uppi um hvernig myntsamstarfið um evruna þróast. Erfitt er að skilja hvers vegna ákveðnir flokkar setja málefni ESB á oddinn núna. Fylgjast forystumenn þeirra ekki með erlendum fréttum? Emmanuel Macron, forseti Frakklands, hefur kynnt stórtækar hugmyndir til að bæta stofnanaumgjörð ESB eftir Brexit. Væri ekki rétt að doka við og sjá hvernig sambandið kemur til með að þróast?

Það eru ekki bara blikur á lofti í Evrópusambandinu. Joseph Stiglitz, Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, gaf út bók á síðasta ári þar sem hann rekur vandamál evrusvæðisins lið fyrir lið. Meðal þeirra kerfisbreytinga sem Stiglitz telur nauðsynlegar á evrusvæðinu eru aukin samþætting í ríkisfjármálum evruríkjanna og nánari samvinna þeirra á milli. Stiglitz telur að draga þurfi úr mismunandi viðskiptajöfnuði milli ríkjanna þannig að evrusvæðið starfi sem ein heild fremur en myntsamstarf ólíkra ríkja. Hann rekur hvernig mikill viðskiptaafgangur Þjóðverja leiddi óhjákvæmilega til sundrungar milli evruríkjanna sem hafði bæði pólitískar og efnahagslegar afleiðingar.

Lengi vel hafa Íslendingar kvartað undan háum vöxtum og óstöðugleika sem fylgifiskum íslensku krónunnar. Ókostirnir sem fylgja myntsamstarfinu um evruna eru síst skárri. Með aðild að myntsamstarfinu væru Íslendingar að færa yfirstjórn peningamála í hendurnar á Evrópska seðlabankanum og Eurogroup, hópi fjármálaráðherra evruríkjanna, þar sem ákvarðanir eru teknar með mjög ólýðræðislegum hætti eins og kom bersýnilega í ljós þegar skuldakreppan í Grikklandi stóð sem hæst. Þá er engin leið að spá fyrir um hvaða áhrif evran hefði á vinnumarkaðinn á Íslandi og fremur líklegt en hitt að atvinnuleysi muni aukast mikið. Þá myndi íslenska ríkið missa forræði á peningastefnunni og ekki geta notað gjaldmiðilinn sem sveiflujöfnunartæki. Það er mikilvægt að hafa hugfast að íslenska krónan er í senn upphaf flestra okkar vandamála í hagstjórn en lausnin á þeim á sama tíma.

Það mun taka mörg ár fyrir evruríkin að koma sér saman um breytingar á myntsamstarfinu til að tryggja stöðugleika til framtíðar. Að þessu virtu er erfitt að sjá hvers vegna ESB og aðild að myntsamstarfinu um evruna ættu að vera á dagskrá íslenskra stjórnmála í dag enda er evran engin töfralausn.

**Það er mikilvægt að hafa hugfast að íslenska krónan er í senn upphaf flestra okkar vandamála í hagstjórn en lausnin á þeim á sama tíma.**

#farasparabara

# Spa eða Spánn?

Það er mikilvægt að eiga fyrir góðum hlutum í lífinu og þeim óvæntu. Skráðu þig í reglubundinn sparnað strax í dag.

**íslandsbanki.is/farasparabara**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Hvaðan kæmi fylgið?**
**Það hefur talsvert verið rætt um mögulegt kvennaframboð eftir síðustu kosningar. Kannski eðlilega, enda er það umhugsunarefni þegar kynjahlutföll breytast á þann hátt sem þau gerðu í kosningunum um liðna helgi. Sérstaklega þegar karlmennirnir sem veljast inn á þing eru ekki meira traustvekjandi en raun ber vitni. Hins vegar má alveg velta því fyrir sér hvort sérframboð kvenna sé endilega rétta lausnin. Myndi slíkt framboð ekki einkum taka fylgi frá flokkum sem nú þegar láta sig hvað mest varða jafna stöðu kynjanna?**

**Fyrirsjáanleg ákvörðun**
**Björt framtíð fékk skelfilega útreið um helgina og missti öll sín þingsæti. Í framhaldinu sagði Óttarr Proppé af sér sem formaður flokksins. Ákvörðunin getur varla komið á óvart enda var hann búinn að kasta hvíta handklæðinu áður en kjördagur var runninn upp. Í stað þess að taka sjálfur slaginn í sjónvarpskappræðum stjórnmálaforingjanna sendi hann Björt Ólafsdóttur fyrir sig. Nú er að duga eða drepast fyrir flokkinn. Hann er í meirihluta í þremur sveitarstjórnum á landinu. Takist honum að ná góðri kosningu í sveitarstjórnarkosningunum í vor gæti hann átt sér viðreisnar von. Ef ekki, þá er engin ástæða til annars en að leggja flokkinn niður.** jonhakon@frettabladid.is

# Samfélagsábyrgð í verki



**Svavar Halldórsson**
framkvæmdastjóri Markaðsráðs kindakjöts og Icelandic lamb

Heildarlosun frá íslenskri sauðfjárrækt er 291 þúsund tonn kolefnisígilda ($CO_2$) á ári eða sem nemur 28,6 kg á hvert kíló lambakjöts samkvæmt kortlagningu sem sérfræðingar Umhverfisráðgjafar Íslands unnu nýverið fyrir Landssamtök sauðfjárbænda.

Í skýrslu þeirra eru annars vegar lagðar til aðgerðir til að draga úr losun með minni áburðarnotkun, eldsneytisskiptum o.fl. og hins vegar mótvægisaðgerðir með skógrækt, landgræðslu og endurheimt votlendis. Á grundvelli þessa kynntu samtökin á dögunum tímasetta aðgerðaáætlun um fulla kolefnisjöfnun íslenskrar sauðfjárræktar árið 2022 sem vonandi verður hluti af umhverfis- og loftslagsstefnu Íslands.

**Vörslumenn landsins**
Bændur vinna nú þegar náið með Landgræðslunni að landbótum í gegnum verkefni eins og Bændur græða landið, gæðastýringu í sauðfjárrækt og Kortlagningu gróðurauðlindarinnar. Á rúmum aldarfjórðungi hafa sauðfjárbændur um allt land grætt upp 50 þúsund hektara lands og 300 þúsund hektarar verið verndaðir fyrir beit.

Um 90 prósent bænda hafa stundað uppgræðslu og þeir vilja halda áfram á sömu braut samkvæmt könnun sem Landssamtök sauðfjárbænda gerðu meðal félagsmanna sinna í sumar. Um 40 prósent hafa ræktað skóg og 60 prósent vilja stunda aukna skógrækt í framtíðinni.

**Siðlegir búskaparhættir**
Íslenskur landbúnaður er í algerum sérflokki þegar kemur að litlu umhverfisfótspori og hreinleika afurða. Notkun sýklalyfja er ein sú minnsta í heimi, bændur nota að stórum hluta græna orku, hormónar eru ólöglegir og bann við notkun á erfðabreyttu fóðri í íslenskri sauðfjárrækt var staðfest í fyrra. Að sjálfsögðu liðkar það fyrir sölu að afurðin sé framleidd á heilnæman hátt í sátt við náttúru og samfélag. En bændur vilja líka sýna samfélagsábyrgð í verki, óháð því hvort það hjálpar til við sölu eður ei.

Sauðfjárbændur vilja vera í fararbroddi þegar kemur að siðlegum búskaparháttum og ábyrgri umgengni við náttúruna. Þess vegna verður íslensk sauðfjárrækt kolefnisjöfnuð.

**Á rúmum aldarfjórðungi hafa sauðfjárbændur um allt land grætt upp 50 þúsund hektara lands og 300 þúsund hektarar verið verndaðir fyrir beit.**

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálssson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Jafnræði gagnvart lögum

Í DAG

Þorvaldur Gylfason



Bandaríkjamenn standa í stórræðum. Robert Mueller, sérstakur saksóknari, hefur nú um hálfs árs skeið rannsakað meint ólöglegt samráð Trumps Bandaríkjaforseta og manna hans við Rússa í aðdraganda forsetakjörsins 2016. Tilefnið er grunur sem nálgast fullvissu um að Rússar hafi blandað sér í kosningabaráttuna ef ekki beinlínis í sjálfar kosningarnar. Fyrir nokkrum dögum voru tveir menn sem áður voru handgengnir Trump forseta ákærðir fyrir margvísleg lögbrot. Fv. kosningastjóri Trumps, Paul Manafort, var ákærður m.a. fyrir fjárböðun, meinsæri, samsæri gegn Bandaríkjunum og skattsvik. Hann segist vera saklaus. Hjálparkokkur hans og viðskiptafélagi, Rick Gates, segist einnig saklaus, en hann var ákærður fyrir ólöglegt samráð við Rússa, m.a. gegnum Oleg Deripaska, rússneska fávaldinn (e. oligarch) sem sumir Íslendingar þekkja.

**Klukka réttvísinnar**

Einn maður enn, George Papadopoulos, fv. ráðgjafi Trumps, reyndist hafa játað á sig meinsæri fyrir nokkru og sungið um hina tvo. Flestir gera ráð fyrir fleiri ákærum innan tíðar. Hinir ákærðu verða dregnir fyrir dóm í New York og Virginíu frekar en fyrir alríkisdómstól þar eð forsetinn hefur ekki skýra heimild til að sýkna menn sem fylkisdómstólar sakfella. Hlutverk saksóknarans og manna hans er að komast til botns í málinu. Þeim er alvara.

Bandaríkjastjórn lítur á Rússland sem óvinveitt ríki eftir það sem á undan er gengið í samskiptum Rússa við granna sína í suðri, nú síðast í Úkraínu. Þess vegna hafa Bandaríkjamenn ásamt öðrum þjóðum, þ.m.t. Íslendingar, lagt strangar viðskiptahömlur á Rússland. Og þess vegna er Paul Manafort, kosningastjórinn fv., m.a. sakaður um samsæri gegn Bandaríkjunum sem er næsti bær við landráð. Þannig eru Bandaríkin. Lögin ná yfir háa sem lága, a.m.k. stundum þegar mikið liggur við. Klukka réttvísinnar gengur.

Margir vitnisburðir benda til náinna tengsla Trumps við Rússa langt aftur í tímann, m.a. við þekkta mafíósa. Einn angi málsins sem Mueller saksóknari rannsakar nú snýst um Trump-Soho-bygginguna í New York. Þar var Trump í slagtogi með dæmdum rússneskum sakamanni. Grunur leikur á að byggingin hafi verið notuð til fjárböðunar og skattsvika. Ekki bara Mueller saksóknari heldur einnig sumir helztu fréttamiðlar heims liggja yfir málinu og hafa m.a. sent menn til Íslands vegna gruns um tengsl við meinta fjárböðun á Íslandi fyrir Rússa fyrir hrun svo sem fram kemur í málsskjölum fyrir rétti í New York.

Íslenzk yfirvöld hafa ekki sinnt ábendingum um að rannsaka þennan þátt bankahrunsins. Alþingi lét m.a.s. undir höfuð leggjast að láta rannsaka einkavæðingu bankanna. Og nú, níu árum eftir hrun, telur Kjarninn sig tilneyddan að stefna Seðlabankanum til fá ógilta með dómi ákvörðun bankans um að synja miðlinum um aðgang að símtali þv. seðlabankastjóra og forsætisráðherra 6. október 2008. Seðlabankinn hefur skýlt sér á bak við bankaleynd eins og henni sé ætlað að vera skálkaskjól. Saksóknurum og Alþingi hefði verið í lófa lagið að hefja rannsókn allra þessara mála formsins vegna til að girða fyrir fyrningarfresti. Það var þó ekki gert.

**Fólkið sem telur atkvæðin**

Grunurinn sem nálgast fullvissu um afskipti Rússa af kosningabaráttunni 2016 er litinn alvarlegum augum í Bandaríkjunum þar sem ströng lög gilda um afskipti útlendinga af kosningum. Útlendingum er t.d. bannað með lögum að veita frambjóðendum í bandarískum kosningum fjárstuðning. Útlendingum er þó auðvitað ekki bannað að skrifa greinar til stuðnings frambjóðendum. Rússar geta því varizt ásökunum um afskipti af kosningabaráttunni með vísan til málfrelsis. Bandaríska kjósendur á samfélagsmiðlum eins og þeim er t.d. frjálst að birta kosningagreinar í þarlendum fjölmiðlum og miðla leknum tölvupóstum. Bandarísk yfirvöld telja fullsannað að Rússar hafi stolið og lekið tugþúsundum tölvupósta frá demókrötum, einkum forsetaframbjóðandanum Hillary Clinton, gagngert til að koma höggi á hana og hjálpa Trump.

Hitt er alvarlegra að grunur beinist nú ekki bara að baráttunni um hylli kjósenda heldur einnig að talningu atkvæða. Rifjast þá upp fleyg ummæli Jósefs Stalín: „Það er ekki fólkið sem kýs sem skiptir máli heldur fólkið sem telur atkvæðin.“ Víðast hvar í Bandaríkjunum eru kosningar rafrænar. Atkvæðaseðlum er þá ekki til að dreifa. Endurtalning getur því reynzt erfið eða ógerleg. Kosningavélarnar eru af ýmsu tagi, smíðaðar af alls kyns fyrirtækjum um allt land. Bent hefur verið á að tölvuþrjótar geti hæglega brotizt inn í tölvukerfin sem stýra gangi vélanna til að breyta niðurstöðum rafrænnar talningar. Fyrir 2016 gerðu bandarísk yfirvöld lítið úr þessari hættu, en nú er komið annað hljóð í strokkinn. Ætla má að þrjár rannsóknarnefndir Bandaríkjaþings sem grafast nú fyrir um tengsl Trumps við Rússa láti þessa hlið málsins einnig til sín taka.

Miðborgarvaka á Airwaves

BERGSTAÐIR
KOLAPORT
RÁÐHÚSIÐ
STJÖRNUPORT
TRAÐARKOT
VESTURGATA
VITATORG

Í DAG – 2. NÓVEMBER

Njótum mannlífs, menningar og magnaðrar Airwaves-stemningar á yfir 100 off-venue tónleikastöðum víðsvegar um miðborgina. Opið í fjölmörgum verslunum til kl. 21:00.

**Næg bílastæði og munið bílastæðahúsin.**

DOGMA www.dogma.is
20% afsláttur af öllum vörum og opið til kl. 21.
Laugavegi 39

MYCONCEPTSTORE
15% afsláttur af öllum vörum fimmtudag til sunnudags.
Laugavegi 45

Ullarkistan
20–50% afsláttur af völdum vörum.
Laugavegi 25

flying tiger copenhagen
Rokk og ról! Verið velkomin í verslun okkar.
Laugavegi 13

MICHELSEN ÚRSMIÐIR
20% afsláttur af Armani, Hugo Boss og Daniel Wellington.
Laugavegi 15

ZEBRA
50% afsláttur af öllu. Opið til kl. 19.
Laugavegi 62

Kjólar & Konfekt kjolar.is
20% afsláttur af kápum og snyrtivörum. Opið til kl. 21.
Laugavegi 92

Lífstykkjabúðin 100 ára
15% afsláttur.
Laugavegi 82

KÚNÍGÚND
20% afsláttur af öllu á Miðborgarvöku.
Laugavegi 53b

eva
Léttar veitingar. Opið til kl. 21.
Laugavegi 26

DIMMALIMM
15% afsláttur af öllum vörum.
Laugavegi 53b

kiosk
15% afsláttur af öllum vörum alla helgina. Opið til kl. 21.
Ingólfsstræti 6

A.M. CONCEPT SPACE ANITA HIRLEKAR • MAGNEA
15% afsláttur á vörum frá MAGNEA og ANITA HIRLEKAR. Léttar veitingar.
Garðastræti 2

GK REYKJAVIK
15% afsláttur fyrir handhafa Airwaves armbanda. Stuð og léttar veitingar. Opið til kl. 21.
Skólavörðustíg 6

Tulipop ICELAND
20% afsláttur af öllu og opið til kl. 20 á Miðborgarvöku.
Skólavörðustíg 43

BÍLASTÆÐASJÓÐUR
ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ
MIÐBORGIN OKKAR — ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!
— WWW.MIDBORGIN.IS —
MIÐBORGIN OKKAR


KRÓNAN
LÍFRÆNT VOTTAÐ
organic
GRØN BALANCE
ØKOLOGI
Økologisk Frugt
399 kr. pk.
Grön Balance klementínur 750 g, Ítalía
of snemmt?
Klementínur 950 g, Spánn
399 kr. pk.
Clementinen
Ódýrt
CAL./SIZE
L
CLEMENTINA I
Klementínur 2,3 kg, Spánn
799 kr. pk.
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Tilboðin gilda til 6. nóvember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.


KRÓNAN
-20%
Lambafile með fituröndd
3999 kr. kg
Verð áður 4999 kr. kg
Nýtt!
Indverskar lambahakksbollur
Ítalskar nautahakksbollur
Krónu hakkbollur, 580 g
1299 kr. pk.
Gourmet Quality
-25%
Jólamatur?
Andarbringur franskar Berberi
2399 kr. kg
Verð áður 3299 kr. kg
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Tilboðin gilda til 6. nóvember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# KRÓNAN




**Ódýrt**
1248 kr. kg

# 999 kr. pk.
After Eight 800 g




# 2799 kr. pk.
Quality Street, 2,9 kg

**Ódýrt**
965 kr. kg




**Nýtt!**

VEGAN




# 2499 kr. pk.
VEGA Clean Energy, berjabragð

# 3999 kr. pk.
Vega súkkulaðiprótein / vanillufæðubótarefni

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Tilboðin gilda til 6. nóvember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# KRÓNAN

# Spínat kjúlli

Korter í 4
Hvað er í kvöldmatinn?



+




**2199** kr. kg
Krónu kjúklingalundir

**299** kr. pk.
Krónu spínat, 200 g




+



**429** kr. stk.
Krónu Feti með kryddblöndu 300g

Sætar kartöflur
**220** kr. kg.

=

## KVÖLDMATUR FYRIR 4

**FYRIR 2542 KR.***

*Verð miðað við 800 g af kjúklingalundum og eina miðlungs sæta kartöflu.

**þessi uppskrift og miklu fleiri á**
**kronan.is/uppskriftir**

Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Tilboðin gilda til 6. nóvember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# Hinn upplýsti kjósandi



**Hermann Stefánsson**
rithöfundur

Til þess að lýðræði virki eins og lýðræði á að virka þarf kjósandinn að vera vel upplýstur. Hinn upplýsti kjósandi kynnir sér ólík sjónarmið, vegur þau og metur og mátar við heimsmynd sína, tekur ákvörðun og kýs. Hann þarf ekki að vera skólagenginn en hann þarf að vera upplýstur.

Fær hinn upplýsti kjósandi upplýsingar? Já, hann fær meira en nóg af þeim, en það safnast líka upp gríðarlegar upplýsingar um kjósandann sjálfan. Þessar upplýsingar lætur kjósandinn alþjóðlegum stórfyrirtækjum í té af fúsum og frjálsum vilja og iðulega óafvitandi með nethegðun sinni. Gagnabankar fyllast af lækum og deilingum og upplýsingum um netinnkaup neytandans sem svo skila sér í auglýsingum á netinu, eins og hver maður veit sem hefur séð endurkast eigin leitar í netauglýsingunum.

Undir stjórn manna á borð við Paul Manafort keypti kosningabaráttuteymi Donald Trump Bandaríkjaforseta dýrum dómum gríðarlegt magn af upplýsingum

> **Gagnasöfn heimsins eru orðin svo skuggalega fullkomin kortlagning af pólitískri hegðun, neysluhegðun og hvers kyns hegðun að það er hægt að gera hvað sem er með þeim.**

um kjósendur. Þessar upplýsingar gerðu kleift að miða auglýsingar af óhugnanlegri nákvæmni við jafnvel einstök hverfi eða einstakar götur og það sem brann á íbúum þeirra: uppákomuna í tyrknesku búðinni, slagsmálin á horninu o.s.frv. Rússneskur gerviaðgangur eða vél getur diktað upp eða dreift áróðri sem hefur áhrif á nákvæmlega þennan íbúa við þessa götu í þessu hverfi í þessum bæ.

**Kjósandinn er gegnumlýstur**

En er þetta ekki í lagi? Er ekki fyrir öllu að hinn upplýsti kjósandi sjái áfram allar hliðar mála og hafi nægan metnað til að lokast ekki inni í sápukúlu áróðurs? Það þarf meira en metnað til. Hvað sem líður hugmyndum manneskjunnar um sjálfstæði sitt og frelsi er sérhver hreyfing fingurs á lyklaborði skráð niður af vélum og manneskjan er ekki frjáls





nema hún kaupi ekkert á netinu, hafi enga einustu viðveru þar og læki ekkert. Vélarnar lesa mann og sýna svo það sem þær álíta að falli að heimsmyndinni. Hvort sem maður álítur sig fyrirsjáanlegan og útreiknanlegan lykst búbblan um hópa uns samlækendur og klappstýrukórar blasa við í allri sinni dýrð hvert sem litið er.

Möguleikarnir eru ótæmandi. Það er jafnvel hægt að beina skilaboðunum að pólitískum andstæðingum sínum í öðrum bergmálsherbergjum. Til hvers? Til að pirra þá. Það fýkur í vinstrimanninn, skiljanlega, við nafnlausan óhróður af YouTube, hann skrifar í óðagoti eitthvað um skít og helvíti og snarsnýr með því tuttugu frænkum og sautján frændum sem einmitt voru tvístígandi og blöskrar að skyldfólkið skuli gerast svo orðljótt vegna einhverrar nafnlausrar vitleysu utan úr heimi. Eða eru hnitin í íslenskum stjórnmálaauglýsingum kannski ekki svo nákvæm? Kannski ekki, en ýmislegt sem hljómar eins og ofsóknarbrjálæði er ýmist þegar staðreynd eða möguleiki. Gagnasöfn heimsins eru orðin svo skuggalega fullkomin kortlagning af pólitískri hegðun, neysluhegðun og hvers kyns hegðun að það er hægt að gera hvað sem er með þeim. Hinum upplýsta kjósanda sem lýðræðið þarfnast hefur verið snúið á hvolf. Hinn upplýsti kjósandi er gegnumlýstur áður en hann er upplýstur.

# Alþjóðlegur dagur dánaraðstoðar



**Ingrid Kuhlman**
formaður Lífsvirðingar, félags um dánaraðstoð

Í dag 2. nóvember 2017 er í annað sinn haldið upp á dag dánaraðstoðar víða um heim. Tilgangurinn er að hvetja til umræðu um þau mikilvægu mannréttindi að fá að hafa yfirráð yfir líkama sínum, lífi og dauða og eftir atvikum að fá aðstoð lækna við að deyja með reisn.

Síðastliðinn janúar var stofnað félag um dánaraðstoð á Íslandi en markmið þess eru þríþætt: (1) að stuðla að opinni, uppbyggilegri og víðtækri umræðu um dánaraðstoð; (2) að vinna að því að samþykkt verði löggjöf um það að í vissum, vel skilgreindum aðstæðum, og að uppfylltum ströngum skilyrðum verði dánaraðstoð mannúðlegur valkostur fyrir þá sem kjósa að yfirlögðu ráði að deyja með reisn; og (3) að standa fyrir upplýsingagjöf, fundum og ráðstefnum um dánaraðstoð og vera í góðum tengslum við sambærileg félög erlendis.

Í umræðunni má oft og tíðum heyra ýmsar fullyrðingar um dánaraðstoð, eins og til dæmis þá að umræðan um dánaraðstoð hafi aldrei verið hávær hér á landi. Dauðsjúkir og þeir sem eru fangar í eigin líkama eru því miður ekki líklegir til að vera hávær hagsmunahópur og því er líklegra að hærra heyrist í andstæðingum dánaraðstoðar en fylgjendum.

Annað sem hefur verið haldið fram er að þegar dánaraðstoð verði leyfð verði farið að beita henni á víðtækari forsendum en ætlað var í upphafi. Læknar muni fara offari við beitingu dánaraðstoðar. Reynsla annarra landa eins og t.d. í Hol-

> **Oft er fullyrt að það séu engin takmörk fyrir því að hægt er að veita fullnægjandi líknandi meðferð. Það þurfi því enginn að óttast að líða þjáningar á dánarbeðinu og dánaraðstoð sé því óþörf. Því miður er óskhyggja að halda að líknandi meðferð geti afmáð alla þjáningu.**

landi sýnir ótvírætt að svo er ekki. Vissulega hefur hlutfall þeirra sem fá dánaraðstoð hækkað síðan lögin tóku gildi 1. apríl 2002 en hlutfall þeirra lækna sem binda enda á líf sjúklings án samþykkis hans hefur lækkað á móti.

Sumir hafa viljað meina að líknandi meðferð sé mun lakari í þeim löndum þar sem dánaraðstoð hefur verið leyfð, eins og t.d. Hollandi, Belgíu og Lúxemborg, og því kjósi margir að enda líf sitt. Þessi staðhæfing er fjarri sannleikanum og staðfestist í skýrslu um gæði líknandi meðferðar frá 2015 (The 2015 Quality of Death Index: Ranking palliative care accross the world). Í skýrslunni kemur fram að Holland og Belgía standa sig vel í veitingu líknandi meðferðar en Belgía er í fimmta sæti á heimsvísu og Holland í því áttunda. Ef bara Evrópulöndin eru skoðuð er Belgía í þriðja sæti og Holland í því fjórða.

Oft er fullyrt að það séu engin takmörk fyrir því að hægt sé að veita fullnægjandi líknandi meðferð. Það þurfi því enginn að óttast að líða þjáningar á dánarbeðinum og dánaraðstoð sé því óþörf. Því miður er óskhyggja að halda að líknandi meðferð geti afmáð alla þjáningu. Það hverfur ekki öll þjáning þótt hægt sé að stilla flesta líkamlega verki. Oft er þetta einnig spurning um tilvistarlega eða andlega þjáningu vegna skertra og óásættanlegra lífsgæða. Margir tala í þessu samhengi um að vilja halda reisn sinni.

Að lokum er því oft fleygt fram að Ísland sé of lítið land og að það væri erfitt að vera þekktur sem læknirinn sem deyðir sjúklinga. Sennilega hafa margir sagt það sama um fóstureyðingar sem voru leyfðar hér á landi árið 1935 en það kom þó ekki í veg fyrir að lög voru sett.

Í tilefni af degi dánaraðstoðar opnar Lífsvirðing fyrir gátt á heimasíðunni www.lifsvirding.is þar sem hægt verður að senda inn reynslusögur. Hefur þú þurft að horfa upp á óbærilegar kvalir ástvinar og sannfærst um að gott væri að leyfa dánaraðstoð sem mannúðlegan valkost? Eða ertu sjálf/ur á þeim stað að vilja fá að deyja með reisn? Sendu okkur þá sögu þína, nafnlaust ef þú óskar þess.

# Eflum iðnnám og fjölbreytni



**Sólrún Kristjánsdóttir**
starfsmannastjóri OR og dótturfyrirtækja

Það voru vonbrigði að fá fréttir af því á dögunum að við nýlegar breytingar á útlendingalögum hafi iðnnám verið svo fjarri hugum þingmanna og embættismanna að það hafi hreinlega gleymst að gera ráð fyrir að það væri stundað í landinu. Óviljandi voru þannig gerðar breytingar á lögunum sem bitnuðu harkalega á ungri útlenskri konu í iðnnámi. Það voru líka vonbrigði að sjá að breytingar á lögum sem hafa bein áhrif á fjölbreytni á vinnustöðum landsins voru ekki taldar eiga erindi til umsagnar hjá atvinnulífinu.

Mér finnst þetta sérstaklega sárt í ljósi þess að við erum mörg sem höfum lagt talsvert á okkur til að gera iðngreinar meira freistandi fyrir konur, sérstaklega þær greinar þar sem karlar eru í miklum meirihluta. Okkur bráðvantar flinkt handverksfólk í mörgum greinum og við getum og megum ekki neita okkur um krafta kvenna til að manna þær stöður.

Mér finnst þetta líka sárt því við höfum fundið á eigin skinni hér hjá Veitum, Orku náttúrunnar, Gagnaveitu Reykjavíkur og Orkuveitu Reykjavíkur að aukin fjölbreytni í starfahópum, hvort sem það er að hafa fleiri konur í iðnstörfum eða fleiri karla í þjónustuveri skapar betri grunn góðra ákvarðana og

> **Fréttin um konuna ungu sem varð fórnarlamb hugsunarleysis ráðafólks um iðnnám og fjölbreytileika atvinnulífsins var eins og blaut tuska framan í okkur.**

betri þjónustu við viðskiptavini.

Hvað sem líður breytingum í samfélaginu og fyrirsjáanlegum breytingum á mjög mörgum störfum, þá mun þörfin fyrir heitt og kalt vatn í hús, rafmagn og öfluga fráveitu ekki hverfa. Til að byggja upp, reka og halda við þessum öflugu kerfum þarf fjölmargt iðnaðarfólk af ýmsu tagi; rafvirkja, pípara, járniðnaðarfólk, smiði, vélfræðinga, tæknifræðinga og svo mætti lengi telja. Ef ráðafólk hlustaði á umræðuna á milli okkar í atvinnulífinu myndi það heyra að það er þegar skortur á þessari þekkingu og hann mun bara aukast.

Við leggjum okkur fram í þeirri miklu samkeppni sem er um handverksfólkið í landinu og að byggja upp þessar mikilvægu greinar. Við keppumst við að vinnustaðurinn sé sem bestur, bjóðum nemum af báðum kynjum á samning og eigum í góðu samstarfi við Árbæjarskóla að kynna iðn- og tæknistörf fyrir nemum í elsta bekk grunnskólans, sérstaklega fyrir stelpum.

Fréttin um konuna ungu sem varð fórnarlamb hugsunarleysis ráðafólks um iðnnám og fjölbreytileika atvinnulífsins var eins og blaut tuska framan í okkur. Hún á líka að vekja okkur. Hún verður að ýta hressilega við okkur og kveikja spurningar um hvort við meinum eitthvað með tali um eflingu starfsnáms og atvinnulífsins. Ég er ekki bara að tala um ráðafólk landsins heldur ekki síður okkur sem foreldra. Erum við svo föst í viðjum gamaldags hugsunar að við sjáum börnin okkar bara fyrir okkur í bóknámi? Breytingin verður að byrja hjá okkur sjálfum og svo má vona að embættisfólk og löggjafar nái líka áttum.

Við erum mörg í skólum landsins og í atvinnulífinu að vinna að eflingu verknáms og fjölbreytni á vinnumarkaði. Við þurfum ekki á hindrunum að halda.

Fólk
Tíska
FIMMTUDAGUR 2. NÓVEMBER 2017



Foreldrar handbolta-mannsins Arnars Freys höfðu mikil áhrif á fatastíl hans þegar hann var yngri. Hann fylgist með tískunni á netinu og lýsir fatastíl sínum sem hefðbundnum götustíl. →6

# Leikkona á hlaupum

María Thelma Smáradóttir útskrifaðist sem leikkona fyrir rúmu ári. Hún vakti mikla athygli í þáttaröðinni Föngum og nú í Risaeðlunum í Þjóðleikhúsinu. Fyrsta erlenda kvikmynd hennar, Arctic, verður frumsýnd fljótlega en hún var öll tekin upp á Íslandi. →2



María Thelma Smáradóttir leikkona leikur í Risaeðlunum um þessar mundir.



KÁPUR
*Töff, hlýtt og flott!*
comma,
SMÁRALIND







## Guerlain kynning í Sigurboganum 02. – 04. nóvember

Ást við fyrsta koss

Við kynnum nýja varaliti, Guerlain Kiss Kiss Matte, sem halda vörunum möttum og mjúkum allan daginn.

**20% afsláttur af öllum vörum frá Guerlain**

Guerlain sérfræðingur verður á staðnum og veitir persónulega ráðgjöf.

SIGURBOGINN


**Elín Albertsdóttir**
elin@365.is



**Framhald af forsíðu**

Áhugi Maríu Thelmu á leiklist vaknaði þegar hún fyrir tilviljun ákvað að skrá sig á leiklistarbraut í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ. Það voru engir leikarar í ættinni og hún gekk ekki með leikaradraum í maganum frá barnsaldri. María Thelma sótti tvisvar um í Listaháskólanum, í fyrra skiptið þegar hún var átján ára en þá var hún enn í menntaskóla. Eftir stúdentspróf sótti hún aftur um og flaug inn. Henni hefur vegnað vel og hún segist vera með hugann við hlutverk sitt sem Li Na í Risaeðlunum þessa dagana. „Á næstu dögum hefst undirbúningur fyrir annað verk hjá Þjóðleikhúsinu sem frumsýnt verður í vor,“ segir hún. „Það er ýmislegt spennandi að gerast. Síðan styttist í frumsýningu á fyrstu erlendu kvikmyndinni minni, Arctic, sem var öll tekin upp á Íslandi í vor,“ segir María Thelma.

### Húshjálp í sendiherrabústað

Þegar hún er spurð um hlutverkið í Risaeðlunum, svarar María Thelma. „Li Na stendur fyrir réttlætiskennd, misréttinn í samfélaginu, hið hreina og mannlega í heimi þar sem veruleikafirringin ræður ríkjum. Li Na er húshjálpin í sendiherrabústaðnum. Li Na er kínversk eftir sinni bestu vitund – eða þangað til annað kemur í ljós.“

*Er persónan sem þú leikur eitthvað lík þér sjálfri?*

„Maður fer ósjálfrátt að finna sameiginlegan flöt sem maður á með persónunni til þess að brúa bilið á milli sjálfs sín og hennar. Við eigum ýmislegt sameiginlegt. Við erum báðar með ríka réttlætiskennd og ég hef nýtt það sem drifkraft inn í persónuna. Við þekkjum það meðal annars báðar að upplifa ákveðinn ósýnileika vegna bakgrunns, annaðhvort á eigin skinni eða óbeint í gegnum aðra nákomna,“ svarar hún en María Thelma á taílenska móður og íslenskan föður og asískt útlit hennar hentar því hlutverkinu í Risaeðlunum vel. „Það eru nokkur hlutverk sem mig myndi langa til þess að leika í framtíðinni. Þau sem mér dettur snögglega í hug eru Múlan og hin grimma Medea,“ segir leikkonan.

María Thelma segist vera svo heppin að starfa við það sem henni finnst vera skemmtilegast. „Þess utan hef ég stundað langhlaup í nokkur ár og ver miklum tíma á hlaupum. Bókstaflega. Ég hef einnig miklar mætur á Bíói Paradís. Mér finnst fátt skemmtilegra en að fara þangað og velja einhverja mynd af handahófi og láta koma mér á óvart,“ segir hún.

### Tímalaus stíll

Hún er þó ekkert mikið að fylgjast með tísku eða tískustraumum. „Nei, ég hugsa lítið um tískubylgjur og fylgi lítið nýjustu tískustraumum. Ég veit ekkert hvaða litir eru vinsælastir í dag eða hvernig vor og haustlínan liggur. En ég hef miklar skoðanir á fötum, hvaðan þau koma, hvernig þau eru sett saman og hvað þau segja um okkur sem einstaklinga. Ég kýs að fylgja ekki tísku eða trend-i, enda er enska orðið trend sprottið af hugmyndinni um að eitthvað sé flott og vinsælt í einhvern tíma en dettur svo út og verður úrelt. Ég hef ekki tíma til að eltast sérstaklega við það. Þess vegna fjárfesti ég í flíkum sem mér



María Thelma er mikil hlaupadrottning en í hlaupinu finnur hún fyrir andlegri heilun. MYND/STEFÁN



María Thelma í hlutverki sínu í Risaeðlunum. MYND/HÖRÐUR SVEINSSON

þykir tímalausar og eru algjörlega í takt við mig sjálfa. Ætli fatastíllinn minn einkennist ekki af asískum kúltúr og fáguðum gamaldags kápum og fylgihlutum. Ég klæði mig alltaf eftir innri líðan, ein af mínum kröfum sem ég hef gagnvart sjálfri mér er að vera frambærileg til fara. Mér finnst gaman að gramsa hér og þar í verslunum en á ekki neina sérstaka uppáhaldsbúð.“

### Andleg heilun

María Thelma fer ekki mikið út að skemmta sér, er mjög heimakær, að eigin sögn. Hún hugar hins vegar mikið að heilsunni og að fá nægan svefn fyrir morgunhlaupið. „Ég hef stundað bæði utanvega- og langhlaup í nokkur ár og sú ástundun hefur hvorki upphaf né endi. Hlaupið er ein af helstu undirstöðunum í lífi mínu og það litar allt í kringum mig til hins betra. Í hlaupinu finn ég mikla andlega heilun sem gerir það að verkum að ég get verið til staðar fyrir sjálfa mig og tekist á við daglegt amstur með skýrari fókus. Svo stunda ég box um helgar til að brjóta upp hlauparútínuna. Mér líður best þegar ég borða vel og þá sérstaklega í takt við hlaupið. Allur matur sem mun þjóna mér í hlaupinu mun einnig þjóna mér á öllum öðrum sviðum en uppáhaldsmaturinn minn er sushi.

Hún segist fylgjast vel með tónlist enda alltaf í leit að einhverju til þess að eiga í sarp fyrir leiklistina, hvort sem henni finnst það góð tónlist eða ekki. „Tónlist finnst mér vera listform sem nær að fanga innra ástand manneskjunnar hvað best.“

María Thelma segist hlakka til jólanna og fagnar þeim. „Á mínu heimili eru jólin ferðalag út af fyrir sig.“

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn: Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433



39.980 KR.



39.980 KR. 39.980 KR.



42.980 KR.



38.980 KR.



49.980 KR. 53.980 KR.



53.980 KR.



29.980 KR. 29.980 KR.



26.980 KR.



29.980 KR. 22.980 KR.

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



Melania Trump vandar sig við fatavalið. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

# Nýju fötin hennar Melaniu Trump

**Bandaríska forsetafrúin hefur vakið athygli með íburðarmiklum klæðaburði. Með honum sendir hún öðruvísi skilaboð til almennings en forveri hennar, Michelle Obama.**

Melania Trump, forsetafrú Bandaríkjanna, hefur vakið mikla athygli fyrir klæðaburð sinn, en hún er iðulega klædd í mjög dýr föt frá frægum tískuhönnuðum. Melania er að sjálfsögðu gift milljarðamæringi og hefur því efni á að eyða í dýr föt, auk þess sem margir tískuhönnuðir vilja láta konu í hennar stöðu sjást í vörum frá sér, svo að hún fær oft föt gefins. En Melania hefur fengið nokkra gagnrýni fyrir skilaboðin sem hún sendir með klæðaburði sínum.

## Óvenju mikill íburður

Í heimsókn forsetahjónanna til Sikileyjar í maí var Melania í Dolce og Gabbana blómajakka sem kostaði tæplega sex milljónir króna, en á Sikiley eru árslaun að meðaltali um tvær milljónir króna. Í sömu heimsókn gekk hún líka í sérsniðnum kjól frá sama merki, en sérhannaðir kjólar frá Dolce og Gabbana eru sagðir kosta rúmar fjórar milljónir, þó að erfitt sé að fá þá tölu staðfesta.

Hún heimsótti bandaríska þingið í febrúar í kjól sem kostaði um eina milljón króna, í september klæddist hún 150 þúsund króna köflóttri skyrtu frá Balmain við garðyrkjustörf í garði Hvíta hússins og í sumar sást hún með handtöskur sem voru samanlagt um tíu milljóna króna virði.

Melania var gagnrýnd í lok ágúst fyrir að heimsækja fórnarlömb fellibylsins Harvey í Texas á háhælaskóm úr snákaskinni sem kosta um 70 þúsund krónur. Reyndar lagði Melania bara af stað til Texas í hælaskónum dýru og var komin í hvíta strigaskó þegar forsetaflugvélin lenti, en gagnrýnin ber vitni um þá ímynd sem Melania hefur skapað sér.

## Ólík forvera sínum

Auðvitað er í góðu lagi að ríkt fólk klæðist dýrum fötum. Fötin í fataskáp Melaniu eru ekki borguð með skattpeningum og aðdáendur hennar dást að útliti hennar og



Melania í 150 þúsund króna köflóttri skyrtu. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY



Michelle Obama er ófeimin við óformlegan klæðnað. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

klæðaburði. Vinsælar Instagram-síður fylgjast með hverri spjör sem hún sýnir og hægrisinnaði fréttavefurinn Breitbart, sem gagnrýndi forvera Melaniu, Michelle Obama, fyrir að hitta páfann í 240 þúsund króna kjól, hefur hrósað Melaniu fyrir að „geisla af hátísku“.

## Tíska notuð af herkænsku

Klæðaburður Melaniu mótar viðhorf almennings til hennar og ímynd hennar er gjörólík ímynd Michelle Obama. Þó að þær hafi báðar vel efni á að klæðast dýrum og fínum fötum skapaði Michelle sér ímynd sem kona fólksins og var oftast látlaus í klæðaburði.

Michelle notaði tísku til að virðast virðuleg en um leið aðgengileg, en Melania hefur aldrei reynt að vera aðgengileg. Bæði hún og eiginmaður hennar hafa líka lengi verið þekkt fyrir mikinn íburð. Sú ímynd fælir margra frá, en lokkar aðra, og átti stóran þátt í frægð Trump-fjölskyldunnar.

Forsetafrúin veit að sjálfsögðu hvaða áhrif klæðaburður getur haft og mun halda áfram að beita honum til að móta almannaálit á henni og Trump-stjórninni. Ef bandaríska þjóðin snýst gegn íburði má búast við að Melania reyni að skapa sér aðgengilegri ímynd, enda snýst klæðaburður forsetafrúarinnar miklu meira um skilaboðin sem hann sendir heldur en hvað hann kostar.

Öðruvísi Jólahlaðborð fyrir hópa
Aðeins 3.900 kr. á mann!
Ath! Eingöngu afgreitt fyrir hópa
Nánari upplýsingar á sjavarbarinn.is
Forréttir
Rjómalöguð sjávarréttasúpa
Karrísíld
Rússnesk rauðrófusíld
Grafinn lax og karfi
Tvíreykt sauðahangikjöt
Aðalréttir
Jólalambakótilettur í raspi
Grillsteikt lambalæri bernaise
Dönsk purusteik
Allt góða og hefðbundna meðlætið
Eftirréttir
Hjónabandssæla
Ís og ávextir

SJÁVARBARINN SEAFOOD RESTAURANT
Grandagarði 9 - Sími 517 3131 - sjavarbarinn.is

Glæsilegt úrval af skyrtum í stærð 34 - 50

Skyrta á 8.900 kr. - Stærð 34 - 48 Stretch
Kíkið á myndir og verð á Facebook
black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15



My Style tískuhús
Stærðir 38-52
Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

# Glansandi mýkt í vetur

Vetrarkuldinn þurrkar bæði hár og húð. Eftirfarandi ráð geta hjálpað til við að halda hárinu mjúku og lifandi í vetur.

- Ekki þvo hárið á hverjum degi. Hver þvottur rænir hárið nauðsynlegri fitu og þurrkar það.
- Slepptu blásaranum. Heitur blástur á hverjum morgni fer ekki vel með hárið.
- Settu upp rakatæki í stofunni. Það hjálpar ekki einungis hárinu heldur húðinni líka.
- Nærðu hárið reglulega með rakagefandi maska.
- Prófaðu að nudda kókosolíu (bráðinni) í hárið. Láttu bíða í um klukkustund.
- Hrærðu saman tvær eggjarauður og hálfa lárperu, stappaða í mauk, og berðu í hárið. Látið bíða í 15 til 20 mínútur.
- Einnig má hræra saman 1 msk. ólívuolíu við 1 msk. af hunangi og ¼ bolla jógúrt.





## Gullkossar á munn

Senn koma jólin, en fyrst jólahlaðborðin. Tími til að skarta sínu fegursta og skína eins og glitrandi jólaskraut í góðra vina hópi. Við slík tækifæri er punkturinn yfir i-ið réttur varalitur í stíl við sparidressið. Djúpir litir í bland við létta og ljóssanseraða tóna eru hæstmóðins í vetur, hvort sem það er klassískur jólarauður, fölbleikur, dumbrauður, appelsínugulur með frostáferð, vínrauður, mattur hörundslitur eða glansandi glært gloss. Þó er einn litur í varalitatísku vetrarins sérlega viðeigandi þegar nær dregur hátíðum og það er brons, sanserað eða gull til að fullkomna kyssilegan stútinn og slá í gegn. Gull er enda hlýlegt, djarft, konunglegt og töff.



Vínrauður hefur verið áberandi í hausttískunni í ár.

## Áberandi yfirhöfn ekki á bannlista

Falleg yfirhöfn er eitthvað sem allir ættu að eiga. Hlý og góð yfirhöfn nýtist vel þegar kólnar í veðri og setur um leið mikinn svip á heildarútlitið. Margir kjósa látlausar yfirhafnir í hlutlausum litum sem ekki ber mikið á en jakki eða kápa sem grípur augað ætti ekki síður að verða fyrir valinu. Litrík og áberandi yfirhöfn er nefnilega líklegri til að vekja athygli annarra og getur orðið til þess að fólk man betur eftir manni. Í vetur verða dökkbleikar, djúprauðar og vínrauðar ullarkápur með klassísku sniði áberandi, líkt og mynstraðar og köflóttar kápur. Tvílitar kápur koma sterkar inn en þá er efri parturinn í öðrum lit en sá neðri. Síddin er mismunandi en þó virðast síðar kápur vera meira móðins en stuttar þetta árið. Þá eru fóðraðir gallajakkar mjög vinsælir, hvort sem er í ljósbláu eða svörtu en slíkir jakkar henta við nær öll tækifæri.


ESTĒE LAUDER

Kaupaukinn þinn

Þessi glæsilegi kaupauki fylgir* ef keyptar eru tvær eða fleiri vörur frá Estée Lauder í Lyf og heilsu Kringlunni dagana 2. – 8. nóvember.

*á meðan birgðir endast

20% afsláttur af öllum ESTÉE LAUDER vörum




**Kaupaukinn inniheldur:**

Advanced Night Micro Cleansing Foam
- froðuhreinsi, 30ml
Revitilizing Supreme Plus Global Anti Age Cream
– fyrirbyggjandi krem, 15ml
Advanced Night Repair Eye
– alhliða augnkrem, 5ml
Advanced Night Repair
- viðgerðardropa, 7ml
Advanced Night Repair Concentrated Recovery Eye Mask
- augnmaska, 1 par
Revitilizing Supreme Global Anti-Aging Mask Boost
- kröftugan rakamaska, 15ml
Pure Color Envy Sculpting
- varalit í fullri stærð í litnum Power Grab
Fallega snyrtibuddu

Lyf & heilsa Kringlunni

# Stíllinn breytist og þróast

**Foreldrar handboltamannsins Arnars Freys höfðu mikil áhrif á fatastíl hans þegar hann var yngri. Hann fylgist mikið með tískunni á netinu og lýsir fatastíl sínum sem hefðbundnum götustíl.**

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Handboltamaðurinn efnilegi Arnar Freyr Ársælsson lék sína fyrstu A-landsliðsleiki í sumar auk þess sem hann leikur með taplausu liði FH sem trónir á toppi Olís-deildar karla. Handboltinn skipar eðlilega stóran sess í lífi Arnars en auk hans starfar hann sem markaðsstjóri hjá Core heildverslun og sér þar m.a. um þekkt vörumerki á borð við Nocco, Barebells og froosh. „Þetta er svona það tvennt sem lífið snýst um. Svo á ég mér að sjálfsögðu minni áhugamál eins og tísku og föt, tónlist, ferðalög og almennt „tjill“ með vinum. Ég reyni að ferðast eins og ég get en flest ferðalög mín tengjast vinnu eða handboltanum. Þá er bara að nýta þær ferðir, upplifa og skoða eitthvað nýtt í leiðinni.“

Arnar og félagar hans í FH ætla sér stóra hluti á tímabilinu en það eru líka krefjandi og skemmtilegir tímar fram undan í starfi hans. „Það er krefjandi að vinna með stór vörumerki og því virkilega skemmtilegir tímar fram undan sem ég hlakka til. Annars skiptir bara mestu máli að vera ekkert að pæla of mikið í framtíðinni, ég reyni frekar að lifa lífinu einn dag í einu og njóta meðan vel gengur.“

*Hvernig lýsir þú fatastíl þínum?* Sem „basic“ götustíl. Brakandi strigaskór sem skera sig úr, nettar buxur og svo skiptir efri hlutinn meira máli. Akkúrat núna er ég mikið að vinna með hettupeysur og jakka yfir. Þetta er svona hversdagslegur fatnaður hjá mér.

*Hvernig þróaðist tískuáhugi þinn?* Ég á frekar unga foreldra sem hafa alltaf verið meðvitaðir um tískuna. Þegar ég var yngri keyptu þau oft föt sem ég þorði ekki að klæðast því ég var smeykur um að skera mig úr. En það hefur breyst og í dag klæðist ég bara því sem mér finnst nett hverju sinni, alveg sama hvað öðrum finnst. Síðustu ár hefur áhugi minn á tísku aukist og með því breytist og þróast stíllinn.

*Hvernig fylgist þú með tískunni?* Ég fylgist mikið með tískunni á netinu, t.d. gegnum blogg eða samfélagsmiðla. Mestu áhrifin koma frá ákveðnum hipphopp götustíl. Ég nálgast þessa stíla annaðhvort á síðum eins og hypebeast, highsnobiety og svo mikið á Instagram en þar fylgist maður með áhrifavöldum úr þessum heimi og ýmsum fatamerkjum.

*Hvar kaupir þú helst föt?* Ég kaupi föt nær eingöngu erlendis eða á netinu. Það kemur mjög sjaldan fyrir að ég kaupi mér föt hér heima, þá helst hjá 66°Norður. Á netinu er ég mikið að braska í endursöluheiminum þar sem ég kaupi sjaldgæf föt og skó sem fást ekki lengur í búðum.



Arnar Freyr klæðist hér Supreme Nasty Nas bol, H&M Beckham buxum og Vans skóm. MYNDIR/ERNIR



Hér klæðist Arnar Supreme úlpu, North Face bol, buxum frá Acne og Yeezy skóm.

> **Í dag klæðist ég bara því sem mér finnst nett hverju sinni, alveg sama hvað öðrum finnst.**

*Áttu þér uppáhaldsverslanir?* Heima er það líklega 66°Norður en erlendis eru það margar. Ef ég vil kaupa hversdagsföt kíki ég í t.d. Weekday en ef ég vil meiri klassa er það Dover Street Market.

*Áttu uppáhaldsflík(ur)?* Nasty Nas bolurinn minn og Stone Island/Supreme hettupeysan.

*Áttu þér tískufyrirmynd?* Ég fylgist með nokkrum mismunandi en í dag er ég mikill Vivian Frank maður.

*Bestu og verstu fatakaupin?* Bestu kaupin mín er líklega Suptempo skórnir mínir sem ég endurseldi svo á fjórföldu verði. Verstu kaupin eru á Asos, veit ekki hversu oft ég hef keypt eitthvað þar sem passar ekki eða ég nota aldrei.






## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Nýmálun, endurmálun, spörtlun, lökkun og fl. Vönduð vinnubrögð og snyrtileg umgengni. Hrólfur Ingi Skagfjörð löggiltur málarameistari Upplýs, malarar@simnet.is, Sími 891 9890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD**

- *HELLULAGNIR*
- *DRENLAGNIR*
- *FLÍSALAGNIR*
- *MÚRVINNA*

*TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU !*

Uppl. í s: 820 8888 eða verk@murumogsmidum.is

**Múrum og smíðum ehf**

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmiði. S. 616 1569

## Nudd

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

Unaðsnudd 105 Reykjavík. S. 781 2666 Natalia

## Spádómar

**661 3839 - SÍMASPÁ**

Opið frá kl. 14 alla daga.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Önnur þjónusta



Parketslípun og Málun www.parketogmalun.is 25 ára reynsla. Parket og málarameistari að störfum. Hausttilboð 2900 kr Fm. 7728100

## Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

**jonogoskar.is s.552-4910**

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**

133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Húsnæði óskast

Óska eftir litilli íbúð á höfuðborgarsv. í langtímaleigu. Skilvisum greiðslum heitið. Uppl. í s: 783 6006

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

SAFT

## Tilkynningar

### AUGLÝSING
### Um samþykkt bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga á breytingu á deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði við Vogabraut

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 26. október 2017 breytingu á deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði við Vogabraut. Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 5. september 2017 til og með 17. október 2017. Engar athugasemdir bárust við tillöguna. Sú breyting var gerð á auglýstri tillögu að lóð nr. 1a við Hraunholt fyrir dreifistöð færðist lítillega frá núverandi lóð til vesturs í átt að Heiðarholti. Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar. Hægt er að kæra samþykkt sveitarstjórnar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

*Vogum, 31. október 2017.*
*F.h. bæjarstjórnar,*
*Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri*




## Til sölu




**FYRIRTÆKJASALA ÍSLANDS** S.773-4700 og 520-3500

**FJALLI .IS**

### Útilífsverslunin Fjalli.is ásamt netverslun og heildsölu til sölu.

Rekstur **Fjalli.is** ásamt vörubirgðum, viðskiptasamböndum innanlands og utan, er til sölu. Fjalli hefur getið sér gott orð fyrir vandaðar vörur til útilífsiðkunnar, svo sem hjólreiðafólk, hestafólk, fjallgöngu- og hverskonar útivistarfólk. Bifreið merkt fyrirtækinu getur fylgt með í kaupunum. Verð tilboð.
**Uppl. gefur Óskar Mikaelsson, oskar@atveignir.is og sími 773-4700**

Óskar Mikaelsson, löggiltur fasteigna og fyrirtækjasali 773-4700

## Útboð

### ÚTBOÐ



### Öldrunarsetur Sléttuvegi
### Hjúkrunarheimili - Þjónustumiðstöð - Íbúðir

Sjómannadagsráð óskar eftir tilboðum í jarðvinnu og tilheyrandi lagnavinnu vegna gatnagerðar og jarðvegsskipta vegna byggingar á Öldrunarsetri við Sléttuveg í Reykjavík.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Gröftur | 17.000 m3 |
| Fleygun | 1.220 m3 |
| Sprengingar | 2.540 m3 |
| Fyllingar | 11.000 m3 |
| Lagnaskurðir | 600 m |

**Verklok eru áætluð föstudaginn 30. mars 2018.**

Útboðsgögn verða afhent rafrænt á útboðsvef. Ósk um aðgang berist á Kristján Andrésson á netfangið: ka@thg.is.

**Tilboðum skal skila skriflega til THG arkitekta, Faxafeni 9, í síðasta lagi miðvikudaginn 22. nóvember 2017 kl.14:00.**

das

## Námskeið

# Létt og skemmtileg spænskunámskeið

**Verða haldin í Stórholti 18. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.**

### Byrjendanámskeið:

**Mánudaga og miðvikudaga: 13:30 - 15:00**
**Þriðjudaga og fimmtudaga:: 13:30 - 15:00**
**Þriðjudaga og fimmtudaga: 17:30 - 19:00**
**Mánudaga og miðvikudaga: 19:15 - 20:45**

### Framhaldsnámskeið spænska II:

**Mánudaga og miðvikudaga: 10:00 - 11:30**
**Mánudaga og miðvikudaga: 17:30 - 19:00**
**Þriðjudaga og fimmtudaga : 10:00 - 11:30**

Spænskuskólinn HÁBLAME



**Námskeiðin hefjast 6 og 7. nóvember.**
**Verð á mann er 29.000**

**Upplýsingar í síma 698 5033 eða spaenskuskolinnhablame@gmail.com**

***Facebook: Spænskuskólinn Háblame***


MARAÞON NOW OG 11GB Á 3.990 KR.*
*á mánuði
365





# HELLINGUR AF GÓÐU **STÖFFI**

## MARAÞON NOW OG 11GB Á 3.990 KR.*

Fáðu 11 gígabæt í símann, endalaust mörg símtöl og sms ásamt aðgangi að Maraþon Now. Maraþon Now inniheldur sumar af fremstu þáttaröðum heims ásamt helling af góðu stöffi. Nánari upplýsingar um tilboðið á **365.is** eða í síma **1817**.




*á mánuði

MARAÞON NOW + 11GB

365.is | 365

FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT

## Heldur starfinu en fyrsti sigurinn lætur bíða eftir sér




Ringulreið Arnar Gunnarsson stýrði Fjölni gegn FH í Olís-deild karla í gær þrátt fyrir að í síðustu viku hafi borist fréttir af því að hann hafi verið rekinn. Arnar hélt hins vegar starfinu og var á hliðarlínunni þegar Fjölnismenn steinlágu fyrir FH-ingum, 41-29, í Kaplakrika. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Vill sjá sigurkúltur í Seljaskóla

**Matthías Orri Sigurðarson og félagar í ÍR eru í hópi toppliða Domino's-deildar karla með þrjá sigra í fyrstu fjórum umferðunum. Matthías hefur farið á kostum og er kominn í hóp bestu leikmanna deildarinnar.**

**KÖRFUBOLTI** ÍR-ingar hafa ekki aðeins unnið þrjá leiki í fyrstu fjórum umferðunum í Domino's-deild karla á þessu tímabili þeir unnu líka sjö af síðustu ellefu deildarleikjum sínum á síðasta tímabili. Aðeins eitt annað lið hefur unnið tíu deildarleiki á árinu 2017 en það eru Íslands- og bikarmeistarar KR (12 sigrar).

Leiðtogi liðsins og besti maður er leikstjórnandinn Matthías Orri Sigurðarson sem er með 19,0 stig og 6,0 stoðsendingar að meðaltali í fyrstu fjórum leikjunum. ÍR-liðinu var ekki spáð alltof góðu gengi fyrir mótið en með góðri byrjun hefur liðið tekið upp þráðinn frá því í fyrravor.

### Rökrétt framhald

„Við höldum öllum leikmönnum frá því í fyrra og bætum við okkur Kana sem hentar okkur mjög vel og við getum treyst á inni í teig. Það breikkar aðeins sóknarbúrið okkar. Ég held bara að þetta sé rökrétt framhald af því hvernig við vorum að enda tímabilið í fyrra," segir Matthías um góða byrjun ÍR-liðsins. Liðið hefur náð að halda sömu stemningu og í fyrra.

„Þetta er samstarf á milli okkar leikmannanna og áhorfendanna sem eru náttúrulega frábærir. Það hjálpar okkur mikið að eiga ekki þessa lélegu leiki lengur. Það gerist ekki á heimavelli hjá okkur með þessa áhorfendur," segir Matthías en ÍR-liðið hefur nú unnið níu deildarleiki í röð í Seljaskóla.

„Það var svo mikilvægt fyrir okkur að vinna fyrsta leikinn og ná með því að tengja saman tímabilin. Mér finnst við vera með rosalega góða blöndu af leikmönnum og sterkan varnarkjarna í liðinu. Það eru fáir slæmir varnarmenn í liðinu," segir Matthías.

„Við erum alveg með lið til að gera góða hluti en það er undir okkur komið hvernig andlega hliðin verður og hvernig við náum að halda áfram þessari vegferð að vera stöðugt að vinna leiki," segir Matthías og liðið ætlar sér ofar í töfluna en síðustu ár.

„Þetta er reyndar skrítin deild en við höfum alla burði til þess að vera meðal fimm til sex efstu liðanna. Það er mjög raunhæft," segir Matthías.

Matthías er uppalinn KR-ingur en ákvað að fara í ÍR til að fá stærra hlutverk. „Mér þykir rosalega vænt um ÍR og þetta frábæra fólk sem starfar fyrir félagið," segir Matthías en ræturnar eru enn þá í Vesturbænum.

### Grjótharður KR-ingur

„Ég er grjótharður KR-ingur og aðallega er ég bara rosalega mikill Vesturbæingur. Það mun aldrei fara. Eins og síðustu ár þegar við höfum verið að detta snemma út úr úrslitakeppninni þá er ég alltaf mættur á fremsta bekk í DHL-höllina að styðja við vini mína, bæði leikmenn, Bödda formann og alla. Mér þykir rosalega vænt um bæði félög," segir Matthías.

„Eina leiðin til að sýna KR virðingu er að taka á þeim þegar maður keppir við þá og gera sitt allra besta. Reyna að rústa þeim. Það er bara þannig hugarfar í Vesturbænum og í KR að eina markmiðið er að vinna hvern einasta leik. Það er eitthvað sem ég er vonandi að taka með mér frá KR eftir að hafa verið uppalinn í svoleiðis kúltúr," segir Matthías.




Matthías Orri Sigurðarson á ferðinni með ÍR í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Matthías Orri er á því að hann hafi alltaf verið leiðtogi inni á körfuboltavellinum en hann skilji það þó alveg þótt sumir hafi ekki séð það fyrr en á síðustu árum. Hann og ÍR-strákarnir ætla ekki að láta slæmar spár eða umfjöllun trufla sig.

„Við erum meira en nokkuð annað að reyna að búa að til sigurkúltúr og þá eigum við ekki að vera að pæla í því hvað aðrir eru að segja. Okkar hugarfar á að vera þannig að okkur líði eins og við getum ekki tapað leik," segir Matthías og bætir við:

### Þarf ekki mikið að gerast

„Það tekur tíma að snúa við einhverju sem var í gangi hjá ÍR. Það var þetta dæmigerða áttunda til tíunda sæti og var það líka í eitt eða tvö ár á meðan ég var þarna. Þetta er að snúast við. Þetta lítur ágætlega út hjá okkur en það þarf ekki mikið að gerast til að við skítum í buxurnar og missum þetta hugarfar sem við erum með núna. Við þurfum því að fara varlega og halda alltaf áfram að vinna í því að verða betri," segir Matthías. ooj@frettabladid.is

### Besti árangur í deildinni á almanaksárinu 2017

| | Sigrar | Töp |
|---|---|---|
| KR | 12 | 3 |
| ÍR | 10 | 5 |
| Tindastóll | 9 | 6 |
| Stjarnan | 9 | 6 |
| Keflavík | 9 | 6 |
| Grindavík | 8 | 7 |
| Njarðvík | 8 | 7 |
| Þór Þorlákshöfn | 8 | 7 |
| Þór Ak. | 7 | 8 |
| Haukar | 7 | 8 |

**Það er eitthvað sem ég er vonandi að taka með mér frá KR eftir að hafa verið uppalinn í svoleiðis kúltúr.**

Matthías Orri Sigurðarson

## Nýjast

**Domino's-deild kvenna í körfubolta**

**Valur - Stjarnan 85-83**
**Stigahæstar**: Hallveig Jónsdóttir 28, Guðbjörg Sverrisdóttir 14/5 stolnir, Alexandra Petersen 13/7 stoðsendingar - Danielle Victoria Rodriguez 23/9 stoðsendingar, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 20/13 fráköst, Bríet Sif Hinriksdóttir 17/5 stolnir.

**Skallagrímur - Haukar 68-65**
**Stigahæstar**: Carmen Tyson-Thomas 41/19 fráköst, Heiðrún Harpa Ríkharðsdóttir 9, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 9/10 fráköst - Cherise Michelle Daniel 23/10 fráköst, Helena Sverrisdóttir 20/16 fráköst.

**Breiðablik - Snæfell 85-89**
**Stigahæstar**: Ivory Crawford 29/12 fráköst/6 stoðsendingar, Telma Lind Ásgeirsdóttir 15/6 stoðsendingar, Isabella Ósk Sigurðardóttir 14/14 fráköst - Kristen Denise McCarthy 41/17 fráköst, Berglind Gunnarsdóttir 34.

**Keflavík - Njarðvík 74-54**
**Stigahæstar**: Brittanny Dinkins 27/6 fráköst/6 stoðsendingar/6 stolnir, Salbjörg Ragna Sævarsdóttir 10 - Shalonda R. Winton 15/20 fráköst, María Jónsdóttir 9/8 fráköst.

**Stig liðanna**

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Valur | 12 | Keflavík | 6 |
| Haukar | 10 | Snæfell | 6 |
| Stjarnan | 8 | Breiðablik | 6 |
| Skallagrímur | 8 | Njarðvík | 0 |

**Olís-deild karla í handbolta**

**FH - Fjölnir 41-29**
**Markahæstir**: Einar Rafn Eiðsson 9, Gísli Þorgeir Kristjánsson 8, Einar Rafn Eiðsson 7/5, Óðinn Þór Ríkharðsson 5 - Kristján Örn Kristjánsson 9/2, Björgvin Páll Rúnarsson 8/1, Breki Dagsson 3.

**Meistaradeild Evrópu**

**E-riðill**

**Liverpool - Maribor 3-0**
Salah, Can, Sturridge.

**Sevilla - Spartak Moskva 2-1**

**F-riðill**

**Napoli - Man. City 2-4**
Insigne, Jorginho - Otamendi, Stones, Agüero, Sterling.

**Shaktar- Feyenoord 3-1**

**G-riðill**

**Besiktas - Mónakó 1-1**
**Porto - Leipzig 3-1**

**H-riðill**

**Tottenham - Real Mad. 3-1**
Alli 2, Eriksen - Ronaldo.

**Dortmund - Apoel 1-1**

*Man. City og Tottenham eru komin áfram í 16-liða úrslit Meistaradeildarinnar.*

## Í dag

**09.00** Abu Dhabi Ladies — Golfst.
**17.55** Maccabi - Astana — Sport 3
**17.55** Lyon - Everton — Sport 2
**19.05** Stjarnan - ÍR — Sport
**20.00** Arsenal - Cvrena — Sport 2
**20.00** Lazio - Nice — Sport 3
**21.45** Búrið — Sport

**Domino's-deild ka. í körfubolta:**
**19.15** Tindastóll - Haukar
**19.15** Stjarnan - ÍR
**19.15** Höttur - Grindavík
**19.15** KR - Þór Ak.
**19.15** Njarðvík - Valur

**Olís deild kv. í handbolta:**
**19.30** Valur - Fram


theater mogul
kynnir
„Salurinn EMJAÐI úr hlátri"
„Mér er illt í maganum eftir allan þennan hlátur"
„Hef ekki hlegið svona mikið í langan tíma"
HELLISBÚINN
Leikari: Jóel Sæmundsson
Leikstjórn: Emma Peirson
MIÐASALA Á MIÐI.IS


markhönnun ehf
nettó
Happy Thanksgiving
-25%
BEEF WELLINGTON
TILBÚIÐ TIL BÖKUNAR.
5.999 KR KG
ÁÐUR: 7.998 KR/KG
KALKÚNN
ÍSLENSKUR
1.600 KR KG
ÁÐUR: 1.798 KR/KG
KALKÚNAFYLLING
500 GR.
998 KR STK
Gott í matinn
ÓDÝRT Í nettó
NETTÓ BJÚGU
6 STK.
593 KR PK
ÁÐUR: 899 KR/PK
-34%
-23%
SS
SS LAMBABÓGUR
689 KR KG
ÁÐUR: 895 KR/KG
-25%
BERNEAISE SÓSA
270 ML.
299 KR STK
ÁÐUR: 398 KR/STK
Hollt og gott
Epladagar
-35%
EPLI PINK LADY
PÖKKUÐ
299 KR PK
ÁÐUR: 459 KR/PK
EPLI GUL
199 KR KG
ÁÐUR: 289 KR/KG
-31%
EPLI JONAGOLD
199 KR KG
-50%
CHAMPION RÚSÍNUR
500 GR. DÓS
295 KR STK
ÁÐUR: 589 KR/STK
Champion RAISINS
EPLI RAUÐ
199 KR KG
ÁÐUR: 299 KR/KG
-33%
EPLI PINK LADY
199 KR KG
ÁÐUR: 459 KR/KG
-57%
EPLI GRÆN
199 KR KG
ÁÐUR: 299 KR/KG
-33%
Súkkulaði TERTA
-30%
LB SÚKKULAÐITERTA
STÓR. 900 GR.
1.329 KR STK
ÁÐUR: 1.898 KR/STK
Tilboðin gilda 2. - 5. nóvember 2017
Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

KEA

## HANGIFRAMPARTUR
M/BEINI
**1.159 KR KG**

## SIRLOINSNEIÐAR
Í RASPI. FERSKT.
**2.769 KR KG**

*Fljótlegt og gott*

KJÖTSEL

## KREBENETTUR
Í RASPI. 750 GR.
**699 KR PK**
~~ÁÐUR: 998 KR/PK~~
-30%

GOÐI

## LAMBASVIÐ
FROSIN
**349 KR KG**
~~ÁÐUR: 498 KR/KG~~
-30%

## NAUTABORGARAR
4X90 GR M. BRAUÐI
**873 KR PK**
~~ÁÐUR: 1.164 KR/PK~~
-25%

KJÖTSEL

## PIZZA ROLLS
OSTUR & SKINKA / PEPPERONI
**311 KR STK**
~~ÁÐUR: 389 KR/STK~~
-20%

*Nammi namm*

## WOOGIE HLAUP
JARÐABERJA SÚRT/
EPLA SÚRT 85 GR.
**98 KR PK**
~~ÁÐUR: 149 KR/PK~~
-34%

## OKKAR LAUFABRAUÐ
8 STK
**1.094 KR PK**
~~ÁÐUR: 1.367 KR/PK~~
-20%

## GRANDIOSA
PIZZA 575 GR. /PEPPERONI 480 GR./
NACHO 555 GR./FOUR CHEESE 505 GR./
KJÖTD. & LAUK. 520 GR.
**559 KR STK**
~~ÁÐUR: 699 KR/STK~~
-20%

## LJÓSAKÚLUR LED
LED SVART/HVÍT/GRÁTT 10 STK.

## LJÓSAKÚLUR LED
HVÍTAR 10 STK.
**1.898 KR STK**

*Jólin nálgast*

## JÓLASTJARNA M/SERÍU 50 CM
## LJÓSAHRINGUR 32 X LED
**2.898 KR STK**

## LEIÐISKERTI
90H
**298 KR STK**



✝

Elskuleg móðir mín, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Guðrún Kristjánsdóttir**

lést á Hjartadeild Landspítalans
16. október sl. Útförin hefur farið fram
í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum
auðsýnda samúð og hluttekningu.

**Elín Gestsdóttir** **Hreiðar Karlsson**
**Guðrún Rut Hreiðarsdóttir**
**Berglind Hreiðarsdóttir**
**makar, barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær bróðir okkar, mágur og frændi,

**Þorgeir Guðmundsson,**

frá Háagarði í Vestmannaeyjum,
síðast til heimilis að
Eyjaholti 4, Garði,

lést á Landspítalanum í Fossvogi,
mánudaginn 23. október.
Útförin fer fram frá Útskálakirkju föstudaginn
3. nóvember kl. 14.

**Þórdís Guðmundsdóttir**
**Unnar Guðmundsson** **Bryndís Rögnvaldsdóttir**
**Ómar Guðmundsson** **Ingibjörg Bjarnadóttir**
**og frændsystkini.**



✝

Innilegar þakkir færum við öllum þeim
sem sýndu okkur samúð og vinarhug
við andlát og útför ástkærs föður
okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Guðmundar Eggertssonar**

Sérstakar þakkir færum við
starfsfólki hjúkrunarheimilanna
Höfða og Skógarbæjar fyrir góða umönnun.

**Eggert Guðmundsson** **Lilja Guðmundsdóttir**
**G. Pétur Guðmundsson** **Elísabet H. Pálmadóttir**
**Andrés Guðmundsson** **Lára B. Helgadóttir**
**Rafn Hilmar Guðmundsson** **Heiða Rafnsdóttir**
**Guðrún Elvíra Guðmundsdóttir** **Hilmar Þór Sævarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Okkar ástkæra móðir, systir,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður Erla Guðnadóttir**

frá Gerði, Innri-Akraneshreppi,
Furugerði 1, Reykjavík,

andaðist í faðmi fjölskyldu sinnar
mánudaginn 23. október sl. á
Landspítala Háskólasjúkrahúsi í Fossvogi. Útförin fer fram
frá Lágafellskirkju þriðjudaginn 7. nóvember kl. 13.00.

**Indíana Guðný Eybergsdóttir** **Eyjólfur Sigurðsson**
**Jónína Skaftadóttir** **Ögmundur Smári Reynisson**
**Dagbjört Skaftadóttir** **Jón Árnason**
**Sólveig Skaftadóttir** **Gylfi Guðnason**
**Sigurbjarni Guðnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og tengdasonur,

**Kolbeinn Hjálmarsson**

rafvirki,
Núpasíðu 4e, Akureyri,

andaðist á Sjúkrahúsinu á Akureyri
miðvikudaginn 25. október. Útförin
fer fram frá Glerárkirkju föstudaginn 3. nóvember klukkan
13.30. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð en þeim sem
vilja minnast hans er bent á Sjúkrahúsið á Akureyri eða
Krabbameinsfélag Akureyrar.

**Eyrún Hermannsdóttir**
**Ármann Hinrik Kolbeinsson** **Helena Isaksen**
**Björgvin Kolbeinsson** **Anna María Hjálmarsd.**
**Dísa Hrönn Kolbeinsdóttir** **Sævar Lárus Áskelsson**
**Elín Helga Kolbeinsdóttir** **Sverrir Már Jóhannesson**
**Halla Björg Kolbeinsdóttir** **Heimir Sigurgeirsson**
**Hermann Einarsson** **Lára Runólfsdóttir**
**og afabörn.**

# Verkstæði í 117 ára gömlu húsi

**Í dag opnar Raus Reykjavík nýtt gullsmíðaverkstæði í rúmlega aldargömlu húsi á Njálsgötu 22. Raus Reykjavík er samvinnuverkefni fjögurra kvenna, gullsmiða og hönnuða.**

Við heitum Raus Reykjavík og við erum búnar að vera til sem fyrirtæki í svona ár,“ segir Svana Berglind Karlsdóttir sem skipar Raus Reykjavík ásamt Hörpu Kristjánsdóttur, Auði Hinriksdóttur og Rut Ragnarsdóttur.

Það eru spennandi tíma fram undan hjá hópnum. „Síðan í sumar höfum við verið að koma okkur fyrir í 117 ára gömlu húsi á Njálsgötu. Þar erum við að opna svokallað opið verkstæði. Þetta verður heimilislegt og skemmtilegt,“ útskýrir Svana. Hún segir að fólki þyki gaman að fá að sjá inn á verkstæði samhliða því að skoða og kaupa skartgripi. „Sérstaklega á þessum tímum þar sem mikið af skarti er fjöldaframleitt. Við erum að reyna að umbylta þessu, að fá fólk til að hætta að kaupa þessi 2.000 króna hálsmen sem eru ónýt eftir ár. Við viljum fá fólk til læra að meta málminn og steinana.“

Spurð nánar út í húsnæði verkstæðisins segir Svana: „Við erum í kjallaranum á Njálsgötu 22. Rýmið var búið að standa autt í langan tíma áður en við tókum við því. Þannig að við erum bara búnar að vera málarar og smiðir síðan í sumar.“

Reykjavík Raus heldur opnunarpartí á verkstæðinu í dag. „Partíið er á milli 17.00 og 19.00, en það teygist alveg örugglega úr því,“ segir Svana og hlær. „Við verðum með happdrætti, afslátt og alls konar skemmtilegt.“



Gullsmíðaverkstæði Raus Reykjavíkur verður opnað formlega í dag. MYND/GASSI

> Við viljum fá fólk til læra að meta málminn og steinana.

gudnyhronn@365.is



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét Erla Björnsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu
Eirhömrum í Mosfellsbæ
laugardaginn 21. október.
Útförin fer fram frá Lágafellskirkju
mánudaginn 6. nóvember kl. 15.00.

**Páll Pétursson**
**Pétur Pálsson** **Guðrún Fjóla Halldórsdóttir**
**Björn Pálsson** **Ingibjörg Sveinsdóttir**
**Páll Þór Pálsson** **Anna Þóra Paulsdóttir**
**Sonja Dögg Pálsdóttir** **Ingvi Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Halldór Þórðarson**

vélstjóri,
Vogatungu 35, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ
laugardaginn 28. október. Útförin fer fram
frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 8. nóvember
klukkan 13. Jarðsett verður í Garðakirkjugarði á Álftanesi.

**Guðmundur Halldórsson** **Sólveig Hauksdóttir**
**Þórólfur Halldórsson** **Kristín G.B. Jónsdóttir**
**Ágústa Halldórsdóttir** **Guðmundur Hagalínsson**
**Auðbjörg Halldórsdóttir** **Frank W. Sands**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Hörður Jónsson**

Bakkaflöt 12, Garðabæ,

lést þann 19. október síðastliðinn.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey
að ósk hins látna.

**Kristín Tryggvadóttir**
**Jón Harðarson**
**Páll Harðarson** **Valdís Andersen**
**Kristín Harðardóttir**
**og barnabörn.**



✝

**Helga Kristín Magnúsdóttir**

(Stína í Brautarholti)

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði
sunnudaginn 22. október sl. Útförin
fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði
föstudaginn 3. nóvember kl. 15.00.

**Rósa Héðinsdóttir** **Gils Stefánsson**
**Karl Sigurðsson** **Þorbjörg Magnúsdóttir**
**Örn Sigurðsson** **Ásta Ástmundsdóttir**
**Ingibjörg Ögmundsdóttir**
**Fred Carvalho**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**



Elsku eiginmaður minn,
faðir okkar, bróðir og mágur,

**Einar Jörundsson**

dýralæknir,

lést á líknardeild Landspítalans
þann 27. október. Útför fer fram í
Guðríðarkirkju mánudaginn 6. nóvember
kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Ljósið –
endurhæfingu og stuðning fyrir krabbameinsgreinda.

**Guðríður Haraldsdóttir**
**Andri Eydal**
**Þóra Einarsdóttir**
**Auður Einarsdóttir**
**systkini og makar.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðni Sigurjónsson**

vélstjóri,
Boðagranda 2,

lést 25. október. Útförin fer fram frá
Seltjarnarneskirkju föstudaginn
3. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim
sem vildu minnast hans er bent á Alzheimersamtökin.

**Steinunn Steinarsdóttir**
**Steinar Guðnason** **Jóhanna Runólfsdóttir**
**Guðni Steinarsson** **Hildur Margrét Nielsen**
**Ægir Steinarsson** **Ása Þórdís Ásgeirsdóttir**
**Ingibjörg Steinunn og Hugrún Anna**



SJÓNVARP BYLGJAN.IS ÚTVAPPIÐ FM 98.9

BYLGJAN 989

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Suðvestanátt í dag, víða 8-15 m/s, en hvassari á stöku stað. Skúrir síðdegis. Skýjað en að mestu þurrt um landið norð-austanvert og þar birtir til síðdegis. Hiti yfirleitt 3 til 8 stig.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | -1° | -2° |
| ↖4 | ↙11 | ↓4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 0° | 3° | -2° |
| ↘4 | →2 | ↓3 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 1° | -4° | -3° |
| ↙9 | ↙9 | ↓7 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -2° | -1° | -7° |
| ↘9 | ↓3 | ↓11 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | | | | | | | |
| | | 5 | 4 | 3 | 7 | 1 | 2 | |
| | | | 5 | | 9 | | | 3 |
| | | | | 5 | 8 | 3 | 7 | |
| 9 | 8 | | | 6 | | | | |
| 2 | | 7 | 9 | | | | | |
| | | 1 | | | | | 6 | 4 |
| | 2 | | | | 5 | 8 | | |
| | 6 | | | | 1 | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 3 | 7 | 5 | 9 | | 6 |
| | | 9 | | | | 3 | | 4 |
| 6 | 2 | | | 9 | | 7 | | |
| | 8 | | | | | 6 | | |
| | | 7 | 5 | | 3 | | | 2 |
| | | 1 | 6 | | | 5 | | |
| | | 5 | | 4 | | | 7 | |
| 2 | | | | | 9 | | | 3 |
| 4 | | | | | 8 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | | | | 6 |
| | | | | | | 4 | | 1 |
| | | | 4 | | 9 | | | |
| | 1 | 3 | | 8 | 5 | | | 7 |
| | | | | 7 | | 2 | | |
| 6 | | | 9 | 2 | | | | 3 |
| 3 | | 1 | 5 | 9 | | | | |
| | 9 | | 7 | | 6 | 3 | | 2 |
| | | | 8 | | | 5 | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. tala
6. í röð
8. stúlka
9. eldsneyti
11. voði
12. harmur
14. ráðagerð
16. tveir eins
17. atvikast
18. beita
20. tveir
21. ferðast

**LÓÐRÉTT**
1. eymsl
3. hljóm
4. fugl
5. af
7. barningur
10. gras
13. sódi
15. skaði
16. lögg
19. strit

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:** 2. tólf, 6. áb, 8. mær, 9. gas, 11. vá, 12. tregi, 14. áform, 16. tt, 17. ske, 18. áta, 20. ii, 21. rata.
**LÓÐRÉTT:** 1. bágt, 3. óm, 4. lævirki, 5. frá, 7. barátta, 10. sef, 13. gos, 15. mein, 16. tár, 19. át.

## Skák Gunnar Björnsson

Hjörvar Steinn Grétarsson (2.567) átti leik gegn Alexander Beliavsky (2.547), Slóveníu, á Evrópumóti landsliða í gær.

**Hvítur á leik**

**58. Hxf7! Kxf7 59. Kf5 He8 60. Be3 He6 61. Bc5 He8 62. Be7 1-0.** Sigur Hjörvars dugði ekki til því Ísland tapaði 1½-2½. Héðinn Steingrímsson gerði jafntefli á fyrsta borði en aðrar skákir töpuðust. Frídagur er í dag.

**www.skak.is:** Fylgst með EM.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 4 | 6 | 2 | 5 | 8 | 3 | 7 |
| 6 | 2 | 7 | 8 | 3 | 4 | 1 | 9 | 5 |
| 3 | 5 | 8 | 9 | 7 | 1 | 6 | 4 | 2 |
| 5 | 3 | 2 | 1 | 8 | 7 | 9 | 6 | 4 |
| 8 | 4 | 9 | 3 | 6 | 2 | 5 | 7 | 1 |
| 7 | 6 | 1 | 4 | 5 | 9 | 2 | 8 | 3 |
| 1 | 8 | 5 | 7 | 4 | 6 | 3 | 2 | 9 |
| 2 | 7 | 3 | 5 | 9 | 8 | 4 | 1 | 6 |
| 4 | 9 | 6 | 2 | 1 | 3 | 7 | 5 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 7 | 3 | 2 | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 2 | 6 | 3 | 9 | 7 | 4 | 5 | 8 | 1 |
| 4 | 8 | 9 | 6 | 5 | 1 | 2 | 7 | 3 |
| 6 | 2 | 4 | 1 | 8 | 7 | 9 | 3 | 5 |
| 9 | 7 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 | 8 |
| 8 | 3 | 5 | 4 | 6 | 9 | 7 | 1 | 2 |
| 3 | 9 | 8 | 5 | 4 | 6 | 1 | 2 | 7 |
| 5 | 4 | 2 | 7 | 1 | 3 | 8 | 9 | 6 |
| 7 | 1 | 6 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 7 | 3 | 5 | 9 | 6 | 8 | 2 | 4 |
| 4 | 6 | 8 | 7 | 1 | 2 | 5 | 9 | 3 |
| 2 | 5 | 9 | 3 | 4 | 8 | 7 | 6 | 1 |
| 9 | 2 | 6 | 4 | 3 | 7 | 1 | 5 | 8 |
| 3 | 8 | 7 | 6 | 5 | 1 | 9 | 4 | 2 |
| 5 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 6 | 3 | 7 |
| 8 | 3 | 1 | 9 | 6 | 4 | 2 | 7 | 5 |
| 6 | 4 | 2 | 1 | 7 | 5 | 3 | 8 | 9 |
| 7 | 9 | 5 | 2 | 8 | 3 | 4 | 1 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



KS TOOLS

Verðlækkun

# Verkfærasett

Frábært verð 15.900

179 stk.



www.stilling.is/KS9170779/

Stilling
Allt fyrir bílinn

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# Alltaf þegar ég loka augunum þá sé ég Korsíku

**Í dag verður opnuð í Listasafni Íslands sýningin La Mer eða Hafið, þekktasta sýning franska myndlistarmannsins Ange Leccia sem er borinn og barnfæddur á Korsíku sem hann segir að sé og verði alltaf heim í hans huga.**


Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Ange Leccia á Listasafni Íslands þar sem sýningin hans verður opnuð í dag í nýrri mynd eins og hún gerir í hvert eitt sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Það er stundum haft á orði að fólk sem er borið og barnfætt á eyju sé eilítið öðruvísi en þeir sem eiga rætur sínar á meginlandi. Að það að lifa og deyja umkringdur hafinu móti manneskjuna á einhvern óræðan hátt. Franski myndlistarmaðurinn Ange Leccia er fæddur árið 1952 á Korsíku, en sérstaða eyjunnar hefur alla tíð heillað hann sem skapandi myndhverfing á mörkum tíma og rúms.

Í dag verður opnuð í Listasafni Íslands sýning á hans þekktasta verki, La Mer (Hafið), en verkið er í stöðugri mótun og umbreytingu enda aðlagar hann það að sýningarrýminu hverju sinni. Leccia vinnur með vídeólistina og í verkinu gefur að líta hafið við æskuslóðir hans á Korsíku sem hann myndar aftur og aftur, sífellt með nýjum tækjum. Tíminn birtist sem röð kyrrstæðra ramma eða í runu augnablika sem þjóta hjá, síflæðandi eins og aldan sem brotnar á ströndinni, líkt og endurtekið söngl án upphafs, miðju og endis.

Æsa Sigurjónsdóttir er sýningarstjóri á sýningu Leccia í Listasafni Íslands og hún segir að hann sé ótvíræður frumkvöðull í vídeólistinni. „Leccia er einn af þessum þekktu vídeólistamönnum í Frakklandi og hefur einnig kennt fjölmörgum af þeim sem hafa komið í kjölfarið, listamönnum á borð við Dominique Gonzalez-Foerster og Philippe Parreno. Þannig að það má vel segja að hann sé brautryðjandi í þessari tækni og nálgun. Hann var í hópi þeirra fyrstu í Frakklandi sem tóku til við að byggja brú á milli kvikmyndaformsins, þá einkum nýbylgjunnar, og vídeótækninnar. Brú á milli kvikmyndatjaldsins og safnarýmisins á sjöunda og áttunda áratugnum. Hann vinnur mikið úr þeim menningararfi og varð tvímælalaust fyrir miklum áhrifum frá Jean-Luc Godard og fleiri kvikmyndagerðarmönnum af þeirri kynslóð en var á sama tíma einn fyrsti listamaðurinn til þess að flytja þessa list inn í safnarýmið. Verk hans eru ekki bara eitthvað sem var varpað á vegg heldur eru í raun heildstæð innsetning inni í sýningarrýminu. Rannsókn á fagurfræði miðlanna er eitt af viðfangsefnum hans enda mótar sú fagurfræði sjónheim okkar samtíma.“

Ange Leccia er staddur hér á landi í tilefni af opnun sýningarinnar og næsta sunnudag kl. 14 ætlar Æsa að spjalla við listamanninn á safninu. Leccia segir sjálfur að hann hafi ungur að árum verið í tilraunaskóla fyrir listir á Korsíku en að þaðan hafi leiðin legið til Parísar. „Ég fór í Sorbonne og þar var ég að læra tilraunakennda kvikmyndalist en á sama tíma var upphafið að vídeólistinni að gerjast. Þetta var svona frá 1972 til 1977 og þessum tíma var nýbylgjan að ryðja sér til rúms í Frakklandi og listamenn þessa tíma höfðu mikil áhrif á mig. Þetta var svona ákveðin uppljómun.“



Stilla úr vídeóverkinu La Mer eftir Ange Leccia.

**ÉG VONA AÐ ÍSLENDINGAR SJÁI HVAÐ ÞETTA ER EINSTAKT OG AÐ ÞEIM LÁNIST AÐ VERNDA ÞESSA NÁTTÚRU, BYGGI EKKI OF MARGA VEGI, OF STÓR HÚS O.S.FRV. VEGNA ÞESS AÐ ÞESSI NÁTTÚRA ER EINSTÖK.**

Leccia segir að á sama tíma og hann hafi verið að heillast af þessari list í París þá hafi hann upplifað sig sem aðeins öðruvísi komandi frá Korsíku. „Ég held að þetta sé eins með ykkur Íslendinga og okkur á Korsíku – hafið umlykur okkur og við þurfum að horfa á heiminn frá ströndinni. Fyrir mér þá eru þessi tengsl við hafið ákaflega mikilvæg og því hefur það orðið mér að yrkisefni í öll þessi ár.“

Leccia segir að verkið sem hann hafi með sér til Íslands, La Mer, sé skotið á strönd sem hann þekki vel. „Ég byrjaði á þessu verki eftir nokkuð langa dvöl í Japan, þar sem ég kynntist náttúrunni og ákveðinni nálgun við að skoða hana á heimspekilegan máta. Þegar ég kom svo heim til Korsíku þá horfði ég á landið mitt, landslagið og hafið með öðrum hætti en áður og byrjaði þá að vinna að þessu verki. Þannig að þetta verk hefði í raun aldrei orðið til ef ekki hefði verið fyrir Japansferðina og það sem ég kynntist þar. Ég held að sú upplifun að koma til landa og í menningu sem stendur okkur fjær fái okkur til þess að horfa á heimili okkar og æskustöðvar með nýjum hætti.

Hér á Íslandi er gríðarlega afgerandi og mögnuð náttúra og fyrir mér er þetta eins og að horfa á einhvers konar upphaf lífsins. Ég vona að Íslendingar sjái hvað þetta er einstakt og að þeim lánist að vernda þessa náttúru, byggi ekki of marga vegi, of stór hús o.s.frv. vegna þess að þessi náttúra er einstök.

Sjálfur bý ég í París, er stundum í New York eða einhvers staðar í stórborgum víða um heim en það breytir því ekki að þegar ég loka augunum þá sé ég eyjuna mína. Þá sé ég Korsíku. Þannig að alltaf þegar ég þarf að taka stóra ákvörðun í mínu lífi þá fer ég til Korsíku vegna þess að þar er og verður alltaf heimili mitt. Korsíka er alltaf heim.“

#farasparabara

Gotterí eða gott frí?

Það er mikilvægt að eiga fyrir góðum hlutum í lífinu og þeim óvæntu. Skráðu þig í reglubundinn sparnað strax í dag.
íslandsbanki.is/farasparabara

nettó

markhönnun ehf




**4.892 KR STK**

**Tilboðið gildir 2. - 5. nóvember 2017**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss













# Náttúran og tungumálið er okkar drifkraftur

**Anna-Maria Helsing stjórnar Sinfóníuhljómsveit Íslands á Iceland Airwaves tónleikum í kvöld, þar sem flutt verða tónverk þriggja kvenna sem allar eru í fremstu röð íslenskra nútímatónskalda.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Sinfóníuhljómsveit Íslands lætur ekki sitt eftir liggja á Iceland Airwaves hátíðinni sem stendur nú sem hæst. Í kvöld verða tónleikar þar sem sveitin flytur fjögur verk eftir jafn margar konur sem eru í framvarðarsveit íslenskra tónskálda og hafa getið sér gott orð bæði hér heima og ekki síður erlendis. Tónskáldin sem um ræðir eru þær María Huld Markan Sigfúsdóttir, Hildur Guðnadóttir, Anna Þorvaldsdóttir og Þuríður Jónsdóttir en hljómsveitarstjóri verður hin finnska Anna-Maria Helsing sem er þegar orðin íslenskum tónlistarunnendum að góðu kunn.

Anna-Maria Helsing hefur vakið mikla athygli í tónlistarheiminum á síðustu árum. Hún hefur stjórnað öllum helstu sinfóníuhljómsveitum Finnlands sem og sveitum víða um Skandinavíu og í Eystrasaltslöndunum en þess má geta að á árunum 2010 til 2013 var hún aðalhljómsveitarstjóri sinfóníuhljómsveitarinnar í Oulu, þá fyrst kvenna til þess að vera í forsvari finnskrar sinfóníuhljómsveitar. Hún segir þó að hún hafi aldrei velt því fyrir sér hvort það sé eitthvað öðruvísi fyrir konur að starfa í heimi sinfónískrar tónlistar. „Ég hef í raun enga hugmynd um hvort það er eitthvað öðruvísi, eftirlæt öðrum að velta því fyrir sér, vegna þess að ég vil bara einbeita mér að því sem ég geri. Þetta starf er það eina sem ég þekki og auðvitað eru miklu fleiri karlar í þessum geira en það stjórnast af hefðum og fyrri tíð og rétt að taka það fram að það gleður mig mikið að þetta skuli vera að breytast."

Anna-Maria Helsing hefur starfað nokkuð oft áður á Íslandi, bæði með Sinfóníuhljómsveit Íslands og einnig stjórnaði hún óperunni Magnus Maria eftir Karólínu Eiríksdóttur víða um Norðurlönd á sínum tíma, en þetta er í þriðja sinn á þessu ári sem hún vinnur með Sinfóníuhljómsveit Íslands. „Ástæðan fyrir því að ég kem alltaf aftur hingað er einfaldlega hversu gott er að vinna hérna og hversu góð hljómsveitin er. Ég nýt þess mjög mikið að vinna með þessari hljómsveit og mér finnst eins og við búum að sameiginlegri sýn og skilningi á tónlist. Það er góð tilfinning að vinna við slíkar aðstæður."

Þetta er í fyrsta sinn sem Anna-Maria Helsing starfar hér í tengslum við Iceland Airwaves hátíðina en hún segir að tónverkaskráin fyrir tónleika kvöldsins sé sérstaklega spennandi. „Þessi fjögur verk, eftir þessar fjórar konur, eru öll mjög spennandi. Ég held að þetta verði mjög forvitnilegt fyrir áheyrendur vegna þess að það eru svo ólíkir eiginleikar í þessum verkum sem gera þau alveg einstök.

Við erum t.d. með verk þar sem hljómsveitin þarf að flytja bróðurpart verksins í algjöru myrkri. Verkið byrjar í myrkri en því lýkur í ljósi. Hljómsveitin sér mig svona aðeins en það gera áhorfendur hins vegar ekki og hluta af þessari tónsmíð er í raun stýrt af ljósinu og fjarveru þess vegna þess að tónskáldið stýrir í raun hversu mikið ljós kemur á nótnastatíf hljóðfæraleikaranna. Þau spila þegar og ef það kemur ljós á statífið. Þannig að ljósið stýrir þessu að hluta og svo fæ ég að stýra hinum hlutanum svona á móti ljósinu. Þetta verður öðruvísi reynsla fyrir mig, hljómsveitina og áhorfendur.



Anna-Maria Helsing, hljómsveitarstjóri frá Finnlandi, stýrir Sinfóníuhljómsveit Íslands á spennandi Iceland Airwaves tónleikum í kvöld.

**ÉG HELD AÐ ÞETTA VERÐI MJÖG FORVITNILEGT FYRIR ÁHEYRENDUR VEGNA ÞESS AÐ ÞAÐ ERU SVO ÓLÍKIR EIGINLEIKAR Í ÞESSUM VERKUM SEM GERA ÞAU ALVEG EINSTÖK.**

Svo erum við með annað verk þar sem notast er við upptökur til viðbótar við hljómsveitina og það er spennandi vegna þess að það getur verið erfitt að greina hvað kemur frá hljómsveitinni og hvað kemur úr hátölurunum."

Anna-Maria Helsing segir að eftir að hún fór að vinna hér hafi það komið henni skemmtilega á óvart hvað Íslendingar eiga mikið af góðum, ungum tónskáldum. „Mér þykir mikið til koma um þetta. Hef stundum velt því fyrir mér hvað veldur en ég held að það séu ákveðin líkindi á milli Íslands og Finnlands þar sem sterk nútímatónlist er annars vegar. Munurinn er aðallega fólginn í fámenninu á Íslandi en það gerir það enn eftirtektarverðara hvað þið eigið mikið af góðum tónskáldum.

Þó svo Finnland sé miklu fjölmennara þá er það líka lítið land sem á mikið af góðum nútímatónskáldum. Ég hef stundum velt því fyrir mér hvort ástæðan geti verið fólgin í því hvað við búum við harða náttúru og erum í miklum tengslum við náttúruöflin. Kannski þurfum við tónlist til þess að lifa af þessa dimmu vetrardaga, ég veit það ekki. Kannski er það vegna þess að heimurinn skilur ekki tungumálin okkar og því leitum við á náðir þessa alþjóðlega tungumáls tónlistarinnar. Að náttúran og tungumálið sé okkar drifkraftur í tónlistinni. Ég kann vel við þá skýringu."

# FRÓÐLEGT & SPENNANDI!




**Saga Ástu**
**VILDARVERÐ: 5.599.-**
Verð áður: 6.999.-




**Mamma, ég er á lífi**
**VILDARVERÐ: 5.399.-**
Verð áður: 6.999.-




**Sígildir bílar**
**VILDARVERÐ: 7.199.-**
Verð áður: 8.999.-




**Brotamynd**
**VILDARVERÐ: 5.599.-**
Verð áður: 6.999.-




**Borgin**
**VILDARVERÐ: 3.199.-**
Verð áður: 3.899.-




**Vályndi**
**VILDARVERÐ: 5.399.-**
Verð áður: 6.999.-




**Til orrustu frá Íslandi**
**VILDARVERÐ: 5.399.-**
Verð áður: 6.999.-




**Aftur & aftur**
**VILDARVERÐ: 5.599.-**
Verð áður: 6.999.-




**Konan í dalnum og dæturnar sjö**
**VILDARVERÐ: 4.599.-**
Verð áður: 5.499.-




**Gagn og gaman**
**VILDARVERÐ: 2.999.-**
Verð áður: 3.499.-




**Samsærið**
**VILDARVERÐ: 5.399.-**
Verð áður: 6.999.-




**Helgi - Minningar Helga Tómassonar**
**VILDARVERÐ: 6.399.-**
Verð áður: 7.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 5. nóvember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Björn Stefánsson og Sigurður Þór Óskarsson eru fínir saman en betri hvor í sínu lagi.

# Fortíðardraugar fastir í meðalmennsku

**KVIKMYNDIR**

**Rökkur**

★★☆☆☆

**Leikstjóri:** Erlingur Óttar Thoroddsen
**Framleiðendur:** Baldvin Kári Sveinbjörnsson, Búi Baldvinsson
**Handrit:** Erlingur Óttar Thoroddsen
**Kvikmyndataka:** John Wakayama Carey
**Klipping:** Erlingur Óttar Thoroddsen
**Tónlist:** Einar Tryggvason
**Aðalhlutverk:** Björn Stefánsson, Sigurður Þór Óskarsson

Hingað til hefur enginn íslenskur leikstjóri sérhæft sig í hryllingsgeiranum eða markað spor sín í hann með sama hætti og Erlingur Óttar Thoroddsen. Á undarlega skömmum tíma hefur hann spreytt sig með mikilli fjölbreytni á því sviði og sýnt fram á hversu margt má gera við smátt.

Fyrir rúmlega ári frumsýndi Erlingur indí-hrollvekjuna Child Eater. Þar sáust merki um ástríðufull vinnubrögð, þekkingu á hryllingi og áhuga á skuggalegu andrúmslofti með skvettu af súrrealisma. Þó myndin hafi verið klunnaleg, misvel leikin og þunn bætti hún það upp með bröttu rennsli og ágætis skrímsli í forgrunni.

Aftur á móti er ýmislegt sem betur tekst til með í Rökkri, sem bæði er betur skotin og leikurinn er af öllu meiri gæðum, en í þessu tvennu liggja helstu styrkleikar myndarinnar. Afgangurinn er sambland af metnaði fyrir „minimalisma“, kunnuglegum klisjum og einlægum augnablikum sem virka sem sjálfstæðar senur en hrynja innan um götótta heild þar sem myndlíkingar og þemu eru hálfbökuð. Það hefði heldur ekki veitt af því að stytta myndina um korter eða svo.

Myndin segir frá Gunnari sem nótt eina fær símtal frá fyrrverandi kærastanum sínum, Einari, sem er í miklu uppnámi. Gunnar brunar upp í afskekktan bústað þar sem Einar hefur lokað sig af og fljótlega eru drengirnir farnir að gera upp samband sitt og fortíð sína. Á meðan berja vaxandi vandamál úr öðrum áttum bókstaflega að dyrum og veröld þeirra Gunnars og hans fyrrverandi fer á hvolf, en það tekur reyndar söguna talsverðan tíma að komast þangað almennilega.

Rökkur er saga um flótta, fjarlægð og fortíðardrauga með mátulega stemmdum „draugagangi“ sem á það til að vera örlítið píndur og bitlaus. En það sem umfram allt dregur myndina niður eru samtölin sem eru oftar en ekki frekar stirð og óeðlileg.




Frammistaða beggja leikara í burðarhlutverkum er tilþrifarík. Björn Stefánsson og Sigurður Þór eru fínir saman, en betri þó hvor í sínu lagi (sérstaklega þegar þeir detta í einræður sínar), ekki síst vegna þess að ákveðinn neista vantar á milli mannanna til að gera samband þeirra trúverðugt. En ópússuðu samtölin gera það eflaust að verkum að myndin gæti betur höfðað til hópa sem skilja ekki tungumálið og finna þar af leiðandi síður fyrir tilgerðinni.

Rökkur nær sínum hæstu hæðum í kyrrðinni og flott kvikmyndataka skilar sínu einnig þó betur hefði mátt fara með klippingu og hljóðvinnslu til að sigla stemninguna inn almennt. Myndin var gerð fyrir lítið fé og fámennt var í tökuliðinu. Því má að henni dást á ýmsa vegu en innihaldið rís sjaldan upp úr meðalmennskunni hvort sem litið er á myndina sem persónudrifinn dramatrylli eða hrollvekju af gamla skólanum. Þetta breytir því samt ekki að Erlingur er ótvírætt með forvitnilegri og meira spennandi íslenskum kvikmyndagerðarmönnum af sinni kynslóð. Af fyrra verki hans að dæma gæti þó verið ljóst að samræður á ensku séu honum auðveldari en samtal á móðurmálinu.

**Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Ágætis tilraun með góðum leikurum en samtölin eru ósannfærandi, sagan ristir ekki djúpt og hefði mátt skafa meira af lengdinni.

## Frumsýningar



**SUBURBICON**
Matt Damon, Julianne Moore, Oscar Isaac, Glenn Fleshler, Noah Jupe, Jack Conley, Sonia Gascón, Michael D. Cohen
IMDB: 4,7
Rotten Tomatoes: 24%
03. 11



**A BAD MOMS CHRISTMAS**
Kristen Bell, Mila Kunis, Susan Sarandon, Cheryl Hines, Kathryn Hahn, Jay Hernandez
IMDB: 6,3
03.11



**ONLY THE BRAVE**
Josh Brolin, Miles Teller, Jennifer Connelly, Taylor Kitsch, Jeff Bridges, Andie MacDowell, James Badge Dale
IMDB: 8,1
Rotten Tomatoes: 80%
03.11

**K371 sófi**
Fáanlegt í leðri og tauáklæði, margir litir
3ja sæta 2ja sæta og stólar



Opið virka daga 11-18
laugardaga 11-15

**Komið og skoðið úrvalið**

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is




MARAÞON NOW OG 11GB Á 3.990 KR.*

Fáðu 11 gígabæt í símann, endalaust mörg símtöl og sms ásamt aðgangi að Maraþon Now.

Nánari upplýsingar um tilboðið **á 365.is** eða í síma **1817**.

*á mánuði

MARAÞON NOW + 11GB 365.is 365

# NÚ ERU FYRSTU 2018 RAM PALLBÍLARNIR Á LEIÐINNI. TRYGGÐU ÞÉR ÞITT EINTAK!

2018



RAM

RAM 3500 VERÐ FRÁ:
KR. 6.120.968 ÁN VSK
KR. 7.590.000 MEÐ VSK

# NÝR COMPASS




UMFRAM Í OPENING EDITION +

- **2.0 dísel 170 hestöfl**
- **9 gíra sjálfskipting**
- **Selec-Terrain™ fjórhjóladrif**
- **Leðurinnrétting**
- **Beats hljómtæki m/bassaboxi**
- **8,4" skjár og íslenskt leiðsögukerfi**
- **Rafmagnsstilling á framsætum**
- **Akgreinavari**
- **Hiti í framsætum og stýri**
- **Hraðastillir**
- **18" álfelgur**

VERÐ FRÁ 6.610.000 KR.

COMPASS LIMITED

**2.0 dísel 140 hö., 9 gíra sjálfskiptur, Select-Terrain™ fjórhjóladrif með 4 drifstillingum, árekstravörn, dráttarvagnaveltivörn, leður/tau áklæði, regnskynjari, LED ljós framan og aftan, Bluetooth, leðurklætt aðgerðarstýri, varadekk í fullri stærð, 17" álfelgur.**

VERÐ FRÁ 5.890.000 KR.

Jeep

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Alfa Romeo, Dodge, Fiat, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær
s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

Coca-Cola
LAUGARÁS BÍÓ – bara lúxus –
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
5%

JACKIE CHAN – THE FOREIGNER – BROSNAN
SÝND KL. 8, 10.15

HAPPY DEATH DAY
FÓR BEINT Á TOPPINN Í BANDARÍKJUNUM!
SÝND KL. 10.25

Hneturánið 2
SÝND KL. 3.50, 5.50

THE SNOWMAN
SÝND KL. 10.15

MY LITTLE PONY
SÝND KL. 3.50, 5.50

UNDIR TRÉNU
SÝND KL. 3.50, 5.50

SAMBÍÓIN SAMbio.is
KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

Chris Hemsworth, Tom Hiddleston, Cate Blanchett, Idris Elba, Jeff Goldblum, Tessa Thompson, Karl Urban, Mark Ruffalo, Anthony Hopkins
TOTAL FILM – THE TELEGRAPH – EMPIRE – THE HOLLYWOOD REPORTER – CINEMABLEND
96%
MARVEL STUDIOS THOR RAGNAROK
Lenovo

Frá þeim sömu og færðu okkur independence Day
Hörkuspennandi hamfaramynd
SOME THINGS WERE NEVER MEANT TO BE CONTROLLED
GERARD BUTLER – JIM STURGESS – ABBIE CORNISH WITH ED HARRIS AND ANDY GARCIA
GEOSTORM

REESE WITHERSPOON
Home Again
ENTERTAINMENT WEEKLY – NEW YORK POST
Besta rómantíska gamanmynd ársins!

Byggð á metsölubók Jo Nesbø
THE SNOWMAN

LEGO NINJAGO MOVIE
USA TODAY – INDIEWIRE
Sýnd með íslensku tali

IT
85%

BLADE RUNNER 2049

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| THOR:RAGNAROK 3D | KL. 6 - 9 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 5 - 8 - 10:50 |
| THOR:RAGNAROK 2D VIP | KL. 5 - 8 - 10:50 |
| GEOSTORM | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| THE SNOWMAN | KL. 8 - 10:30 |
| HOME AGAIN | KL. 8 |
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:40 |
| IT | KL. 10:10 |
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 5:50 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| THOR:RAGNAROK 3D | KL. 6 - 9 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 5:15 - 8 - 10:45 |
| GEOSTORM | KL. 5:30 - 10:40 |
| BLADE RUNNER 2049 | KL. 8 |
| HOME AGAIN | KL. 6 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| THOR:RAGNAROK 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:45 |
| GEOSTORM | KL. 8 - 10:30 |
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:40 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI – NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| THOR:RAGNAROK 3D | KL. 4:45 - 7:30 - 10:15 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 6 - 9 |
| GEOSTORM | KL. 6:50 - 9:20 |
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 4:45 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| THOR:RAGNAROK 3D | KL. 8 - 10:45 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 10:30 |
| GEOSTORM | KL. 8 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is



Stelpurnar í Kælunni miklu snúa nokkrum plötum á Kexi í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## 2. NÓVEMBER 2017

### Tónlist

**Hvað?** Hlíðardagskrá Mengis 2
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Madonna + Child, Nini Julia Bang og Nicolas Kunysz spila á off-venue dagskrá Mengis í kvöld.

**Hvað?** OFF-VENUE í Petersen svítunni
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Petersen svítan, Ingólfsstræti
Ljósvaki, Mighty Bear, Svavar Knútur, Lame Dudes og Shakes taka lagið í svítunni.

**Hvað?** Kia off-venue – Bryggjan Brugghús
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Bryggjan brugghús, Grandagarði
ROFOROFO, GKR, Úlfur Úlfur, Emmsjé Gauti og Högni skemmta gestum og gangandi á Bryggjunni.

**Hvað?** Villikóttur!
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Fiskislóð 24
RuGl, Mr. Silla, Jae Tyler og Sísý Ey troða upp úti á Granda í dag.

**Hvað?** Kælan mikla DJ Set – KEX After Party
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu

**Hvað?** Stelpur rokka! Off-venue Airwaves tónleikar
**Hvenær?** 14.30
**Hvar?** Loft, Bankastræti
Stelpur rokka! bjóða upp á fjölbreytta dagskrá á Lofti þar sem fram kemur fjöldi innlendra og erlendra hljómsveita þar sem konur, trans og kynsegin listafólk er í forgrunni. Á meðal þeirra sem koma fram er fjöldi fólks sem hefur tekið virkan þátt í starfsemi rokkbúðanna síðastliðin 6 ár.

### Viðburðir

**Hvað?** Opnun – Hafið / La Mer
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Listasafn Íslands
Franski myndlistarmaðurinn Ange Leccia (f. 1952) er fæddur á Korsíku og sérstaða eyjunnar hefur ætíð heillað hann sem skapandi myndhverfing á mörkum tíma og rúms. Hafið (La Mer) er þekktasta verk Leccia sem hann umbreytir sífellt og aðlagar sýningarrýminu hverju sinni. Þar sjást æskustöðvar hans á Korsíku, hafið sem hann myndar aftur og aftur, sífellt með nýjum tækjum. Tíminn birtist sem röð kyrrstæðra ramma eða í runu augnablika sem þjóta hjá, síflæðandi eins og aldan sem brotnar á ströndinni, líkt og endurtekið söngl án upphafs, miðju og endis.



**Kristín Ómarsdóttir ásamt fleiri skáldum les upp ljóð á Airwords í Bíói Paradís.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Hvað?** Erla Axels segir frá verkum sínum og svarar spurningum gesta
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Í dag mun myndlistarkonan Erla Axels segja frá verkum sínum og sýningunni Vangaveltur og segir Erla um verkin: „... í fjarlægð sé ég ofursmá hús í birtu borgarmarkanna og þegar ég lít mér nær sé ég grágrýtissprungur og breytileg jarðlög í klettunum.“

**Hvað?** Kynning og kennsla á rússneskum samkvæmisdönsum
**Hvenær?** 18.30
**Hvar?** Félagsheimili IOGT, Víkurhvarfi
Rússneska menningarmiðstöðin í samstarfi við IOGT á Íslandi býður til Dansveislu í Víkurhvarfi 1 á þriðju hæð. Af því tilefni kemur sérstakur gestur til að halda utan um námskeiðin sem og samkvæmið.

**Hvað?** Refurinn – útgáfufögnuður
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Út í bláinn, efstu hæð Perlunnar
Útgáfa Refsins, nýjustu glæpasögu Sólveigar Pálsdóttur, fagnað í Perlunni. Léttar veitingar og allir velkomnir.

**Hvað?** 1 árs afmæli BURRO tapas
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Burro, Veltusundi
Dia de los Muertos afmælispartí hjá Burro & Pablo. Partí og alls konar tilboð.

**Hvað?** Airwords 2017
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Skáldin Kristín Ómarsdóttir, Andri Snær Magnason, Kött Grá Pjé, Ásta Fanney Sigurðardóttir og Bergur Ebbi lesa upp með miklum tilþrifum.

**Hvað?** Vínkvöld á Borðinu Hlemmi
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Hlemmur Mathöll
Í kvöld verður haldið sérstakt vínkvöld á Borðinu Hlemmi þar sem vínbóndinn og vinir hans á Borðinu ætla að bjóða alls konar náttúruvín í glasavís á sérstöku glaðverði. Um tíu ólík verða í boði í glasavís það kvöld, þú velur þrjú hálfglös og greiðir fyrir það aðeins 1.800 kr. Að sjálfsögðu verður eldhúsið opið og upplagt og næla sér í til dæmis salamiplatta með veigunum.

**Hvað?** Útgáfuhóf „Hönnun – leiðsögn í máli og myndum“ í Akkúrat
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Akkúrat, Aðalstræti
Um er að ræða vandaða og yfirgripsmikla bók fyrir alla unnendur klassískrar hönnunar, jafnt áhugafólk sem fagfólk. Í þessu viðamikla verki er stiklað á stóru um alþjóðlega hönnun og þróuninni fylgt eftir í tímaröð allt frá miðri 19. öld til nútímans.


BÍÓ ★ PARADÍS
THE PARTY
BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| The Party | 18:00 |
| Island Songs | 18:00 |
| Prump í Paradís: Double Agent 73 | 20:00 |
| Sumarbörn | 20:00 |
| Mother | 22:00 |

SOMETHING WEIRD VIDEO – DOUBLE AGENT 73 – CHESTY MORGAN


Kjötkompaní
GRANDI
OPNAR
Föstudaginn 3. nóvember
Grandagarði 29 | 101 Reykjavík
www.kjotkompani.is
HAFNARFIRÐI & GRANDA
578 9700
kjotkompani@kjotkompani.is
kjotkompani




**PJ KARSJÓ**
KL. 20:50
Skemmtilegasti bílaþáttur heims í umsjón Péturs Jóhanns sem einkennist af hraða, spennu og húmor. Þekktir gestir taka þátt í ýmsum uppákomum og þrautum í þættinum. Algerlega sprenghlægilegur kaggaþáttur af bestu gerð!

Frábært
**Fimmtudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**



**MASTERCHEF USA**
KL. 19:25
Skemmtileg sería með Gordon Ramsay í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.



**NCIS**
KL. 20:10
Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



**THE GOOD DOCTOR**
KL. 21:25
Ungur skurðlæknir með einhverfu er ráðinn til starfa á virtan spítala. Mun það verða honum til framdráttar eða fjötur um fót? Dramatískur þáttur með Freddie Highmore í aðalhlutverki.



**THE BLACKLIST**
KL. 22:10
Spennandi sería með sjarmatröllinu Raymond Reddington sem kallar ekki allt ömmu sína þegar leita þarf uppi hörðustu glæpamennina.



**FAR FROM THE MADDING CROWD**
BÍÓ
KL. 22:00
Myndin gerist á Viktoríutímanum í Englandi, en þar eru þrír biðlar á eftir hinni ákveðnu og sjálfstæðu Bathsheba Everdene.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is


# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.20** Kalli kanína og félagar
**07.45** The Middle
**08.10** Tommi og Jenni
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Project Runway
**11.00** Jamie's Super Food
**11.50** Hell's Kitchen USA
**12.35** Nágrannar
**13.00** Tumbledown
**14.40** Kindergarten Cop 2
**16.30** Friends
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.25** Masterchef USA
**20.10** NCIS
**20.50** **PJ Karsjó** Nýr og stórskemmtilegur bílaþáttur í umsjón Péturs Jóhanns og einkennist af hraða, spennu og húmor en farartæki eru alltaf í forgrunni.
**21.25** The Good Doctor
**22.10** **The Blacklist** Fimmta spennuþáttaröðin með James Spader í hlutverki hins magnaða Raymond Reddington eða Red, sem var efstur á lista yfir eftirlýsta glæpamenn hjá bandarískum yfirvöldum. Hann gaf sig fram og bauðst til að aðstoða FBI við að hafa hendur í hári glæpamanna og hryðjuverkamanna.
**22.55** Real Time with Bill Maher
**23.55** Springfloden
**00.40** Absentia
**01.25** **The Mentalist** Sjöunda þáttaröðin um Patrick Jane sem er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína. Á sama tíma og hann aðstoðar lögregluna við ýmis mál er hann sjálfur að eltast við raðmorðingjann Red John sem myrti eiginkonu hans og dóttur.
**02.10** The Sapphires
**03.45** Tumbledown

## STÖÐ 2 SPORT

**07.45** Liverpool - Maribor
**09.25** Meistaradeildarmörkin
**09.55** Tottenham - Real Madrid
**11.35** Napoli - Manchester City
**13.15** Besiktas - Monaco
**14.55** Valur - Stjarnan
**16.25** Liverpool - Maribor
**18.05** Meistaradeildarmörkin
**18.35** Premier League World
**19.05** **Stjarnan - ÍR** Bein útsending Dominos deild karla.
**21.15** NFL Gameday
**21.45** **Búrið** Í Búrinu er hitað upp fyrir öll stærstu UFC-kvöld ársins.
**22.20** UFC
**22.45** Lyon - Everton
**00.25** Arsenal - Cvrena Zvezda
**02.05** Premier League World
**02.35** UFC

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.15** Valur - Stjarnan
**08.45** Manch. United - Tottenham
**10.30** Watford - Stoke
**12.15** Brighton - Southampton
**13.55** Premier League Review
**14.50** Cleveland Browns - Minnesota Vikings
**17.25** NFL Gameday
**17.55** Lyon - Everton
**20.00** **Arsenal - Cvrena Zvezda** Bein útsending
**22.05** Maccabi Tel-Aviv - Astana
**23.45** Lazio - Nice
**01.25** Stjarnan - ÍR

## STÖÐ 3

**17.50** The New Girl
**18.15** The New Adventures of Old Christine
**18.40** League
**19.05** Modern Family
**19.30** Seinfeld
**19.55** Friends
**20.20** Clipped
**20.45** Exodus: Our Journey to Europe
**21.45** Gotham
**22.30** Six Feet Under
**23.30** Eastbound & Down
**00.00** Entourage
**00.30** Seinfeld
**00.55** Friends
**01.20** Modern Family
**01.45** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** K3
**07.13** Víkingurinn Viggó
**07.27** Tindur
**07.38** Mæja býfluga
**07.47** Stóri og litli
**08.24** Mörgæsirnar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur
**10.00** Strumparnir
**10.25** Ævintýraferðin
**10.37** Hvellur keppnisbíll
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** K3
**11.11** Víkingurinn Viggó
**11.25** Tindur
**11.36** Mæja býfluga
**11.48** Stóri og litli
**12.24** Mörgæsirnar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur
**14.00** Strumparnir
**14.25** Ævintýraferðin
**14.37** Hvellur keppnisbíll
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** K3 (18/52)
**15.11** Víkingurinn Viggó
**15.25** Tindur
**15.36** Mæja býfluga
**15.48** Stóri og litli
**16.24** Mörgæsirnar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur
**18.00** Strumparnir
**18.25** Ævintýraferðin
**18.37** Hvellur keppnisbíll
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Kapteinn Skögultönn



**Doddi litli og Eyrnastór kl. 08.47, 12.47 og 16.47**

## GOLFSTÖÐIN

**08.10** Golfing World
**09.00** Abu Dhabi Ladies Open
**13.00** Champions Tour Highlights
**13.55** PGA Special. Tour Life
**14.20** Golfing World
**15.10** Champions Tour Highlights
**16.05** Abu Dhabi Ladies Open
**20.05** Inside the PGA Tour
**20.30** Shriners Hospitals for Children Open
**23.30** Inside the PGA Tour
**23.55** Golfing World

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.25** Me and Earl and the Dying Girl
**12.10** Snowden
**14.20** Temple Grandin
**16.10** Me and Earl and the Dying Girl
**17.55** Snowden
**20.10** **Temple Grandin** Sannsöguleg og áhrifarík mynd sem byggð er á ævi Temple Grandin og fjallar um glímuna við einhverfu sem hún greindist með ung að árum. Í dag er hún einhver þekktasti búfjárfræðingur Bandaríkjanna og nýtur mikillar virðingar þar vestra.
**22.00** **Far from the Madding Crowd** Áhrifamikil og rómantísk mynd frá 2015 sem byggð er á samnefndri skáldsögu eftir Thomas Hardy. Myndin gerist á Viktoríutímanum í Englandi, en þar eru þrír biðlar á eftir hinni ákveðnu og sjálfstæðu Bathshebu Everdene; sauðfjárbóndinn Gabriel Oak, liðþjálfinn kærulausi Frank Troy, og hinn efnilegi piparsveinn William Boldwood. Með aðalhlutverk fara Carey Mulligan, Matthias Schoenaerts, Michael Sheen og Tom Sturridge.
**00.00** Kill Your Darlings
**01.45** The Visit
**03.20** Far from the Madding Crowd

## RÚV

**17.15** Vesturfarar
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Stundin okkar
**18.25** Hvergidrengir
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Kastljós og Menningin
**20.05** Spólað yfir hafið
**20.55** Anna
**21.10** Gæfusmiður
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Glæpahneigð
**23.05** Neyðarvaktin
**23.45** Kastljós og Menningin
**00.05** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.20** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.23** Dr. Phil
**09.10** 90210
**09.51** Royal Pains
**10.35** The Voice USA
**12.05** Síminn + Spotify
**13.20** Dr. Phil
**14.03** Life in Pieces
**14.27** Survivor
**15.16** Family Guy
**15.39** The Royal Family
**16.03** Everybody Loves Raymond
**16.28** King of Queens
**16.51** How I Met Your Mother
**17.15** Dr. Phil
**18.00** The Tonight Show
**18.46** The Late Late Show
**19.30** America's Funniest Home Videos
**20.00** The Biggest Loser - Ísland
**21.00** I Give It a Year
**22.40** Edtv
**00.45** The Tonight Show
**01.25** The Late Late Show
**02.05** 24
**02.50** Law & Order: Special Victims Unit
**03.35** Elementary
**04.20** Agents of S.H.I.E.L.D.
**05.05** The Exorcist
**05.50** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |





VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ

# Þingmenn þá og nú

Þótt flestir séu búnir að fá nóg af pólitík og innihaldslausu þvaðri eru nokkrir sem hafa skilið eftir sig eftirminnileg spor. Á síðustu fjórum árum hafa margir fengið sér sæti sem alþingismenn og lítið gert, en öðrum tókst að gera sig gilda um aldur og ævi.





## FROSTI SIGURJÓNSSON

Alþingismaður Reykjavíkurkjördæmis norður 2013–2016
**Framsóknarflokkur**
F. 19. desember 1962

Kom inn í stjórnmálin eins og stormsveipur og heillaði marga með hugmyndum sínum. Nafn hans hefur dúkkað upp að undanförnu í stjórnarmyndunum og benti Jón Baldvin Hannibalsson á að hann gæti vel verið utanþingsráðherra bankamála en hann situr í Bankaráði Seðlabanka Íslands auk þess að sinna stjórnarmennsku hjá Dohop.com sem hann stofnaði.



## GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON

Alþingismaður Norðvesturkjördæmis 2009–2013
**Framsóknarflokkur, utan flokka**
Alþingismaður Suðvesturkjördæmis 2013–2016
**Björt framtíð.**
F. 28. október 1972.

Pistlahöfundurinn sem fetaði í fótspor föður síns, Steingríms Hermannssonar, en fann sig ekki í grænum lit Framsóknarmanna og gerði Bjarta framtíð að sinni. Situr nú við hlið félaga síns, Róberts Marshall, og ritstýrir tímaritinu Vertu úti, auk þess sem Bakþankar hans eru farnir að sjást á ný – sem er fagnaðarefni.





## RÓBERT MARSHALL

Alþingismaður Suðurkjördæmis 2009–2013
**Samfylkingin, utan flokka**
Alþingismaður Reykjavíkurkjördæmis suður 2013–2016
**Björt framtíð.**
F. 31. maí 1971.

Fréttamaðurinn sem gerðist pólitíkus. Fann sig illa í Samfylkingunni og sat utan flokka um skamma stund áður en hann gekk í raðir Bjartrar framtíðar þar sem hann sat í þrjú ár á þingi en hætti í upphafi árs þar líka. Barðist aðallega fyrir styttri vinnuviku og þeirri frábæru hugmynd að færa frídaga að helgum. Er nú ritstjóri Vertu úti, tímarits um um útivist, hreyfingu og áskoranir í íslenskri náttúru.





## ELÍN HIRST

Alþingismaður Suðvesturkjördæmis 2013–2016
**Sjálfstæðisflokkur**

Fréttakonan sem bundnar voru miklar vonir við enda hafði hún verið lengi á skjáum landsmanna og þurft að taka margar stórar og erfiðar ákvarðanir á sínum langa fjölmiðlaferli. Lagði til eina tillögu, Aðgerðaáætlun gegn súrnun sjávar á norðurslóðum, og fór 72 sinnum upp í hið háa ræðupúlt Alþingis.



## VIGDÍS HAUKSDÓTTIR

Alþingismaður Reykjavíkurkjördæmis suður 2009–2016
**Framsóknarflokkur**
F. 20. mars 1965.



Þegar Vigdís talaði þá hlustaði fólk og yfirleitt brást við. Einn allra eftirminnilegasti þingmaður síðari tíma. Sagði það sem henni lá á hjarta og hafði bein í nefinu. Hlustaði lítið á nettröllin. Hún var fyrsti fagdeildarstjóri og kennari við blómaskreytingabraut Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi 1988–1991 og eigandi Jóns Indíafara. Sló í gegn sem veislustjóri Miðflokksins á kosninganótt.

## ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

Alþingismaður Reykjavíkurkjördæmis norður 1991-2016
**Alþýðuflokkur, Samfylkingin**
F. 19. júní 1953



Einn af uppáhalds þingmönnum landans enda auðþekktur á skegginu og slaufunni. Mælskur með eindæmum en var settur í baksætið eftir hrunið. Nýtur lífsins í rauða botn enda birtust fréttir fyrir skömmu um að hann væri búinn að skafa af sér fjölmörg kíló og hefði sjaldan litið jafn vel út.

### AÐRIR EFTIRMINNILEGIR ÞINGMENN SEM HAFA HORFIÐ Á SÍÐUSTU ÁRUM

**Unnur Brá Konráðsdóttir**
- Alþingismaður Suðurkjördæmis 2009–2017

**Sjálfstæðisflokkur**

**Kristján L. Möller**
- Alþingismaður Norðurlands vestra 1999–2003,
- Alþingismaður Norðausturkjördæmis 2003–2016

**Samfylkingin**

**Einar K. Guðfinnsson**
- Alþingismaður Vestfjarða 1991–2003.
- Alþingismaður Norðvesturkjördæmis 2003–2016

**Sjálfstæðisflokkur**

**Ásta Guðrún Helgadóttir**
- Alþingismaður Reykjavíkurkjördæmis suður 2015–2017.

**Píratar**

**Birgitta Jónsdóttir**
- Alþingismaður Reykjavíkurkjördæmis suður 2009–2013.

**Borgarahreyfingin, Hreyfingin**
- alþingismaður Suðvesturkjördæmis 2013–2016,
- alþingismaður Reykjavíkurkjördæmis norður 2016–2017

**Píratar**

**Benedikt Jóhannesson**
- Alþingismaður Norðausturkjördæmis 2016–2017

**Viðreisn**

# Heilsan okkar



**Lára Sigurðardóttir**, læknir og doktor í lýðheilsuvísindum, svarar spurningum lesenda.

## Er varasamt að veipa?

Útbreiðsla rafsígaretta hefur aukist verulega hérlendis síðustu misseri og sérstaklega meðal unglinga. Einn af hverjum tuttugu fullorðnum hefur prófað rafsígarettur en það er enn meira sláandi að annar hver framhaldsskólanemi hefur prófað að veipa.

Fyrir utan nikótín hafa mörg önnur skaðleg efni fundist í rafsígarettum, en þær gefa ekki eingöngu frá sér vatnsgufu eins og oft er haldið fram. Meginuppistaða vökvans í rafsígarettum er própýlen glýkól og/eða glýseról. Þegar fólk veipar hitnar rafsígarettuvökvinn og við það myndast formaldehýð sem er krabbameinsvaldandi efni, en það er þekktur áhættuþáttur hvítblæðis og krabbameins í nefkoki og eitlum. Sýnt hefur verið fram á að því hærri hita sem tækið er stillt á, því meira magn myndast af þessu skaðlega efni. Í veipvökva hafa fundist fleiri skaðleg efni, t.d. akrólein sem getur skaðað lungnavef. Nikótín er það efni sem flestir sækjast eftir með því að veipa en nikótín hækkar blóðþrýsting, eykur hjartslátt og hefur örvandi áhrif. Taugakerfi barna er sérstaklega viðkvæmt fyrir nikótíni því það hefur ekki náð fullum þroska.

**FYRIR UTAN NIKÓTÍN HAFA MÖRG ÖNNUR SKAÐLEG EFNI FUNDIST Í RAFSÍGARETTUM, EN ÞÆR GEFA EKKI EINGÖNGU FRÁ SÉR VATNSGUFU EINS OG OFT ER HALDIÐ FRAM.**

Börn eru þess vegna í aukinni hættu á að ánetjast rafsígarettum, jafnvel þótt þær eigi ekki, samkvæmt innihaldslýsingu, að innihalda nikótín. Því miður er ekkert eftirlit með hvaða veipefni eru í umferð á Íslandi. Þeir sem nota rafsígarettur geta því ekki verið vissir um hvaða efni þeir eru að anda að sér eða í hvaða magni.

Sumir telja að rafsígarettureykur sé skaðlaus fyrir þá sem anda honum að sér óbeint en í reyknum hafa fundist eiturmálmar, t.d. tin, kadmíum, blý og kvikasilfur, og jafnvel í hærri skömmtum en í sígarettum.

Það er því bæði varasamt að veipa og að vera innan um rafsígarettureyk.

**NIÐURSTAÐA:** Skaðleg efni finnast í rafsígarettuvökva og þeir sem hafa aldrei reykt sígarettur ættu ekki að byrja að nota rafsígarettur.

Lesendum er bent á að senda sérfræðingum okkar spurningar tengdar heilsu og lífsstíl á **heilsanokkar@frettabladid.is.**



# VEGETARIAN PLUS

## GRÆNMETISRÉTTIR SEM ALLIR NJÓTA

VEGAN




Vegetarian Plus Ginger Chicken Vegan · Vegetarian Plus Kung Pao Chicken Vegan · Vegetarian Plus Chicken Tikka Masala Vegan · Vegetarian Plus Orange Chicken Vegan · Vegetarian Plus Black Pepper Steaks Vegan · Vegetarian Plus Citrus Sparerib Cutlets Vegan · Vegetarian Plus Thai Lemongrass Fish Vegan · Vegetarian Plus Shrimp With Sweet Chili Sauce Vegan

VEGAN



**TOFURKY**

Tófú pylsur og álegg.

VEGAN



**FOLLOW YOUR HEART**

„Ostur", dressingar og „majónes".

VEGAN



**DAIYA PIZZUR**

Stökkur glútenlaus botn, bragðgóð pizzasósa og álegg sem gerir þessar pizzur að veislu fyrir bragðlaukana.

VEGAN



**EARTH BALANCE**

Smyrjur.

VEGAN



**LENNY & LARRY´S THE COMPLETE COOKIE**

6 bragðgóðar tegundir, hver annari betri.

VEGAN



**DR. PRAEGER´S**

Grænmetis og bauna borgarar.

VEGAN



**BEN & JERRY´S**

P.B & Cookies, Coffee Caramel Fudge, Chocolate Fudge Brownie og Chunkey Monkey

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla
















Það myndaðist góð stemning þegar þau bjuggu saman á Snæfellsnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Rifust ekkert um húsverkin

Teymið á bak við íslensku myndina Rökkur bjó saman á Snæfellsnesi á meðan á tökum stóð. Erlingur Óttar Thoroddsen, höfundur og leikstjóri Rökkurs, segir sambúðina hafa gengið vonum framar.

Meðan á undirbúningi og tökum stóð flutti allt teymið á bak við Rökkur á Snæfellsnes í þrjár vikur. „Það var þægilegast fyrir okkur öll að búa bara saman á meðan á tökum stóð. Og það var gott fyrir andann í hópnum að búa saman í þennan tíma. Það mynduðust tengsl og allir urðu nánir. Þetta var bara skemmtilegt, að búa saman og vinna saman,“ segir Erlingur Óttar Thoroddsen, leikstjóri Rökkurs.

Hópurinn bjó í blokk við Gufuskála á Snæfellsnesi. „Það voru allir með sitt herbergi og svona, en samt voru allir ofan í öllum.“ Aðspurður hvort sambúðin hafi ekki verið krefjandi að einhverju leyti segir Erlingur: „Ekki þannig séð, allavega ekki fyrir mig. Þetta er auðvitað ekkert rosalega langur tími, um þrjár vikur og maður er bara að vinna allan daginn. En jú, jú, þetta var alveg smá krefjandi en á skemmtilegan hátt. Þetta er tími sem maður á eftir að minnast lengi.“

Var ekkert verið að rífast um uppvaskið? „Nei, nei,“ segir Erlingur og skellir upp úr. „Það var alveg búið að skipuleggja allt svoleiðis áður en



ÞAÐ VORU ALLIR MEÐ SITT HERBERGI OG SVONA, EN SAMT VORU ALLIR OFAN Í ÖLLUM.

við komum á staðinn. Öllum hlutverkum var vandlega útdeilt.“

**Það mátti ekkert bregða út af**

Níutíu prósent myndarinnar voru tekin upp á Snæfellsnesi en sjálfar tökurnar tóku aðeins 15 daga. Spurður út í hvernig ferlið hafi gengið segir Erlingur allt hafa gengið eins og í sögu. „Þetta gekk vel. Maður þurfti að skipuleggja sig alveg brjálæðislega vel og það mátti ekkert bregða út af, vegna þess að við höfðum tiltölulega stuttan tíma.“

„Það hjálpaði að vinna með leikurum eins og Sigga og Björssa, þeir eru þrautþjálfaðir og svo pottþéttir. Það kom aldrei neitt upp á. Við þurftum ekki að taka hverja senu upp oft.“ gudnyhronn@365.is

# Klæddust 220.000 króna pelsum á hrekkjavöku

Fjöldi fólks hélt upp á hrekkjavöku víða um heim á þriðjudaginn og breski söngvarinn Ed Sheeran var einn af þeim. Hann skellti sér í hrekkjavökupartí ásamt kærustu sinni, Cherry Seaborn, og ákvað parið að klæða sig í stíl, eins og ofurástföngnu pari sæmir. Búningar þeirra samanstóðu meðal annars af bleikum höttum með fjöðrum og bleikum gervipelsum frá tískuhúsi Burberry. Sá pels kostar um 220.000 íslenskar krónur stykkið. Það er því ljóst að þau voru ekkert að spara í búninga. Ekki liggur fyrir hvað þau áttu að vera en fréttamiðlar vestanhafs vilja meina að þau hafi klætt sig upp sem kvennabósar frá áttunda áratugnum. Einmitt. – gha



Ed Sheeran og kærasta hans, Cherry Seaborn, splæstu í sinn 220.000 króna pelsinn hvort fyrir hrekkjavökuparti. NORDICPHOTOS/GETTY

GERVIPELSARNIR SEM ED SHEERAN OG CHERRY KLÆDDUST Á ÞRIÐJUDAG KOMA FRÁ BURBERRY OG STYKKIÐ KOSTAR UM 220.000 KRÓNUR.





Við förum daglegar ferðir í alla landshluta með sendingar af öllum stærðum og gerðum – sama hvernig viðrar. Hafðu samband og fáðu tilboð í þína flutninga.

flytjandi.is

EIMSKIP Flytjandi







Á off-venue dagskrá Airwaves kennir ýmissa grasa. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



# Sannkölluð rappveisla

Það var sannkölluð rappveisla í verslun Geysis í gær í tilefni Iceland Airwaves. Þar héldu Joey Christ, Cyber, Flóni og Birnir uppi stuðinu. Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum var stuðið við völd.











Það var fjölmennt í verslun Geysis í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



# Hollar og bragðgóðar kartöfluflögur

Í Íslandi í dag í kvöld fer Vala Matt og heimsækir Rósu Guðbjartsdóttur, stjórnmálakonu og rithöfund, í Hafnarfjörðinn. Rósa hefur mikið spáð í umhverfisvernd og umhverfisvænt heimilishald í gegnum tíðina. Hún býr meira að segja svo vel að vera með hænur í garðinum sínum og gefur þeim matarúrgang heimilisins og fær svo ný egg á hverjum degi. Í þætti kvöldsins kennir Rósa okkur meðal annars að búa til dásamlegar hollar kartöfluflögur úr glænýjum kartöflum sem tekur enga stund að gera. Og svo kom hún Völu skemmtilega á óvart með því að sýna okkur hvernig við getum einnig nýtt kartöfluhýðið sem snakk. „Og af því að Rósa vill helst ekki nota neinar snyrtivörur með eiturefnum kennir hún okkur líka að búa til einfaldan en mjög virkan og góðan náttúruvænan andlitsskrúbb,“ segir Vala.

Meðfylgjandi er uppskrift að hollu kartöfluflögunum hennar Rósu.

## KARTÖFLUFLÖGUR

- 4 kartöflur
- 1 msk. olía
- Krydd eftir smekk, t.d. paprikuduft, chiliduft eða salt

**Aðferð:** Skrælið kartöflurnar og skerið í örþunnar sneiðar. Skolið í vatni og þerrið síðan vel. Setjið kartöflurnar í skál og veltið þeim upp úr olíunni og kryddinu.Raðið sneiðunum loks upp á grillteina og hafið bil á milli þeirra. Leggið teinana ofan á eldfast form. Hitið í örbylgjuofni í 6 til 10 mínútur eða þar til flögurnar eru orðnar stökkar og góðar.

## KARTÖFLUHÝÐI

Skolið kartöflur og þerrið og skrælið. Veltið hýðinu upp úr olíu og kryddið að smekk. Leggið á bökunarplötu og bakið í ofni í um 25 mínútur við 200 gráður.



**Rósa kenndi Völu að búa til lúffengt og holt snakk.**

# ÚLPUDAGAR ELLINGSEN

**1–12 NÓVEMBER**

# 20%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚLPUM

**ÓTRÚLEGT ÚRVAL Á DÖMUR, HERRA OG BÖRN**



**COLUMBIA SYLVAN LAKE 630**
DÖMU / STÆRÐIR XS–L
VERÐ NÚNA 23.996.–
ÁÐUR 29.995.–



**COLUMBIA LAKE LONG HOODED**
DÖMU / STÆRÐIR XS–XL
VERÐ NÚNA 18.396.–
ÁÐUR 22.995.–



**COLUMBIA POWDER LITE HOODED**
DÖMU / STÆRÐIR S–XL
VERÐ NÚNA 15.996.–
ÁÐUR 19.995.–



**DIDRIKSONS TANJA PARKA**
DÖMU / STÆRÐIR 34–46
VERÐ NÚNA 15.996.–
ÁÐUR 19.995.–



**COLUMBIA GRANDEUR PEAK**
DÖMU / STÆRÐIR XS–XL
VERÐ NÚNA 21.596.–
ÁÐUR 26.995.–



**MILLET TRILOGY SYNTH**
DÖMU/HERRA / STÆRÐIR S–XL
VERÐ NÚNA 35.996.–
ÁÐUR 44.995.–



**COLUMBIA SUNDIAL PEAK**
HERRA / STÆRÐIR S–XXL
VERÐ NÚNA 47.996.–
ÁÐUR 59.995.–



**MILLET TRILOGY SYNTH X DOWN HOODIE**
DÖMU/HERRA / STÆRÐIR S–XL
VERÐ NÚNA 35.996.–
ÁÐUR 44.995.–



**WHSITLER PARKA**
STÆRÐIR S–XXL
VERÐ NÚNA 10.396.–
ÁÐUR 12.995.–



**COLUMBIA ANORAKKUR**
HERRA / STÆRÐIR XS–L
VERÐ NÚNA 15.996.–
ÁÐUR 19.995.–



**DIDRIKSONS DREW PARKA**
HERRAÚLPA
VERÐ NÚNA 19.996.–
ÁÐUR 24.995.–



**DIDRIKSONS MATT PARKA**
STRÁKA / STÆRÐIR 130–170
VERÐ NÚNA 13.596.–
ÁÐUR 16.995.–



**COLUMBIA GYROSLOBE**
BARNA / STÆRÐIR 104–164
VERÐ NÚNA 12.995.–
ÁÐUR 10.396.–



**WHSITLER PARKA**
BARNA / STÆRÐIR 8–16
VERÐ NÚNA 7.996.–
ÁÐUR 9.995.–



**DIDRIKSONS ZOE PARKA**
STELPU / STÆRÐIR 130–170
VERÐ NÚNA 13.596.–
ÁÐUR 16.995.–



**COLUMBIA NORDIC STRIDER**
BARNA / STÆRÐIR 104–164
VERÐ NÚNA 11.996.–
ÁÐUR 13.995.–



**ZIGZAG AUGUSTUS**
SNJÓGALLI / STÆRÐIR 98–146
VERÐ NÚNA 7.996.–
ÁÐUR 9.995.–



**DIDRIKSONS BJÖRNEN**
SNJÓGALLI / STÆRÐIR 80–140
VERÐ NÚNA 13.596.–
ÁÐUR 16.995.–

# ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVAGÖTU 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

## 25.10.17 – 31.10.17




**1** Saga Ástu
Jón Kalman Stefánsson




**2** Mistur
Ragnar Jónasson




**3** Jólaprjón
Guðrún S. Magnúsdóttir




**4** Gagn og gaman
Helgi E. / Ísak J.




**5** Með lífið að veði
Yeonmi Park




**6** Ekki vera sár
Kristín Steinsdóttir




**7** Amma best
Gunnar Helgason




**8** Aftur & aftur
Halldór Armand




**9** Litla bókabúðin í hálöndunum
Jenny Colgan




**10** Helgi
Þorvaldur Kristinsson

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson




**Að skrá sig úr Þjóðkirkjunni tekur einungis um tvær mínútur í Trúfrelsi.**

# Trúfrelsi beint í snjallsímann

Trúfrelsi nefnist app sem auðveldar Íslendingum að skrá sig úr þjóðkirkjunni. **Magnús Ingi Sveinbjörnsson** viðmótshönnuður, búsettur í San Francisco, sá einn um að hanna og forrita appið í hjáverkum. Hann er sannfærður um að ríki og kirkja eigi að vera aðskilin.

Magnús Ingi Sveinbjörnsson starfar sem viðmótshönnuður í San Francisco, skellir sér stundum í Crossfit eða frisbígolf í Golden Gate garðinum á milli þess sem hann viðrar mótorhjólið sitt. Hann vinnur líka að fjölmörgum aukaverkefnum – en eitt þeirra kláraði hann nú á dögunum og er það appið Trúfrelsi. Appið hjálpar fólki við að skrá sig úr þjóðkirkjunni, enda hefur Magnús sterkar skoðanir á sambandi ríkis og kirkju.

„Ég sá frétt um svipað snjallsímaforrit í Noregi fyrir u.þ.b. tveimur árum. Það app aðstoðaði fólk við að handskrifa bréf til norsku kaþólsku kirkjunnar og mér fannst hugmyndin um að til væri app sem hefði þennan eina tilgang vera algjör snilld. Ég byrjaði þá að kanna hvernig staðan væri á Íslandi og sá tækifæri til að taka þessa hugmynd skrefinu lengra með því að halda ferlinu öllu inni í appinu. Ég byrjaði að hanna grunnhugmyndina, fór í gegnum nokkrar mismunandi útgáfur á pappír og byrjaði svo að forrita appið sjálft.

Svo tók vinnan dálítið yfir og ég náði ekki sinna verkefninu af neinu viti fyrr en fyrir rúmlega mánuði síðan þegar ég var staddur á Havaí að heimsækja kærustuna mína sem er tímabundið búsett þar. Ég nýtti því tímann þar á kaffihúsum og í rauninni hvar sem loftræstingu var að finna og náði að klára bæði framendann, það er að segja appið sjálft, sem og bakendann, sem sér um útfyllinguna á PDF-skjalinu og sendingu á tölvupósti, á tæpum mánuði.“

Appið er hannað til að vera einfalt í notkun enda tilgangur þess að einfalda fólki að skrá sig utan trúfélaga. Það eina sem þarf er að skrá þær grunnupplýsingar sem Þjóðskrá biður um, taka mynd af skilríkjum (ökuskírteini, vegabréfi eða ferðaskilríki) og svo skrifa undir. Það sem gerist bak við tjöldin er að appið fyllir út form A-280 og sendir það með upplýsingunum á Þjóðskrá. Magnús segir að ferlið taki um það bil tvær mínútur.




**EF ÉG Á AÐ VERA ALVEG HREINSKILINN FINNST MÉR ÞAÐ VERA ÁKVEÐIN TÍMASKEKKJA AÐ RÍKIÐ HALDI ÚTI LISTA YFIR ÞAÐ HJÁ HVAÐA TRÚFÉLAGI HVER OG EINN ÍSLENDINGUR ER SKRÁÐUR.**



*En hvers vegna er þér það svona mikið í mun að fólk geti skráð sig auðveldlega úr þjóðkirkjunni?* „Trúfrelsi skráir þig utan allra trúfélaga, ekki bara úr þjóðkirkjunni þó svo að langflestir séu auðvitað skráðir þar. Hins vegar er ég sannfærður um að ríki og kirkja eigi að vera aðskilin og það er svona helsta ástæðan fyrir því að ég ákvað að smíða þetta app. Ríkið á auðvitað ekki að vera með eitt uppáhaldstrúfélag sem fær meiri vasapening en öll hin trúfélögin, það er dálítið ósanngjarnt gagnvart öllum hinum trúfélögunum og brýtur í bága við eiginlegt trúfrelsi.

Ef ég á að vera alveg hreinskilinn finnst mér það vera ákveðin tímaskekkja að ríkið haldi úti lista yfir það hjá hvaða trúfélagi hver og einn Íslendingur er skráður. Það einfaldlega kemur ríkinu ekkert við á hvað ég eða þú trúum eða trúum ekki og því fannst mér tilvalið að reyna að setja smá pressu á Alþingi og koma þessari umræðu aftur í gang með því að auðvelda fólki að skrá sig utan trúfélaga.“

Hvernig sérð þú fyrir þér að þetta fyrirkomulag gæti verið, svona ef appið skilar sínu?

„Ef okkur tekst að stíga síðasta skrefið inn í 21. öldina með því að aðskilja ríki og kirkju þá væri ekki þörf fyrir neinn til að opinberlega skrá sig í eitt eða annað trúfélag. Fólk gæti þá einfaldlega farið í sína kirkju eða mosku og borgað sín sóknargjöld þar. Trúfélögin hefðu þá fullkomið frelsi til að afla fjármuna án aðkomu ríkisins og hver og einn Íslendingur gæti iðkað sína trú í friði – það væri eiginlegt trúfrelsi.“

Trúfrelsi má nálgast á App Store en von er á Android-útgáfu fyrir jól.

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



Tilboðið gildir í verslunum Geysis í Reykjavík – Kringlunni og Skólavörðustíg 7 & 16 – og á Akureyri – Hafnarstræti. Geysir.com

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Frosta Logasonar




## Áfram konur

Fyrir rétt rúmum tveimur árum var borin upp tillaga úr ræðustól Alþingis þar sem stungið var upp á að hlutirnir yrðu hugsaðir örlítið upp á nýtt. Þá var fólk að velta fyrir sér hvernig halda mætti upp á 100 ár af kosningarétti kvenna. Tillagan var kvennaþing á Alþingi. Sjálfum fannst mér þetta afbragðs hugmynd. Framkvæmdin yrði einföld. Öllum körlum á framboðslistum flokkanna yrði ýtt til hliðar og eftir sætu 63 þingkonur sem tækju að sér að sitja heilt kjörtímabil allri þjóðinni til heilla.

Einhverra hluta vegna var tekið fálega í þessar hugmyndir. En það virðist reyndar vera lenskan í íslensku þjóðfélagi að aldrei megi neitt vera út fyrir boxið. Nú stöndum við uppi tvennum kosningum síðar með færri konur á þingi en hafa verið síðustu tíu ár og allt horfir til versta vegar. Sumir tala jafnvel um korter í næsta hrun. En einhverjir spyrja sig hvort þetta væri virkilega lausnin, skiptir kyn raunverulega einhverju máli í þessu samhengi?

Ég held að það sé rétt sem nýkjörinn þingmaður Samfylkingarinnar sagði í sjónvarpsþættinum Silfrinu daginn eftir kosningar, auðvitað skiptir þetta máli. Hún sagði að konur og karlar hefðu ólíkar áherslur og þær stjórnuðu að jafnaði öðruvísi en þeir. Að vísu er þetta í ósamræmi við kenningar kynjafræðinga og femínista. Flestir vilja þeir halda því fram að munurinn á kynjunum sé enginn ef frá er tekin félagsmótun feðraveldisins.

Ég vil að þessu sé gefið tækifæri. Þó ekki væri nema bara til að sjá hvað sé rétt í þessu. Hvort hafa kynjafræðingarnir eða stjórnmálamenn félagshyggjunnar rétt fyrir sér? Það gæti verið áhugavert.








